

Aðalfundur Breiðabliks



2023

AÐALFUNDUR BREIÐABLIKS 2023

Efnisyfirlit ársskýrslu

DAGSKRÁ.....	3
FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR.....	4
LÖG BREIÐABLIKS	7
REGLUGERÐ UM HEIÐURSVEITINGAR.....	11
REGLUGERÐ UM VEITINGU BIKARA Á AÐALFUNDI BREIÐABLIKS	12
HEIÐURSVEITINGAR.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
SKÝRSLA ÍÞRÓTTASKÓLA 2022-2023.....	25
ELDRI BORGARA LEIKFIMIN 2022-2023.....	26
SKÝRSLA GETRAUNANEFNDAR 2022-2023.....	27
ÁRITUN STJÓRNAR.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
SKÝRINGAR.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
ÁRSSKÝRSLA FRJÁLSÍÞRÓTTADEILDAR BREIÐABLIKS	44
ÁRSSKÝRSLA HJÓLREIÐADEILDAR BREIÐABLIKS.....	54
ÁRSSKÝRSLA KARATEDEILDAR BREIÐABLIKS	57
ÁRSSKÝRSLA KNATTSPYRNUDEILDAR BREIÐABLIKS	63
ÁRSSKÝRSLA KRAFTLYFTINGADEILDAR BREIÐABLIKS	65
ÁRSSKÝRSLA KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR BREIÐABLIKS.....	70
ÁRSSKÝRSLA RAFÍÞRÓTTADEILDAR BREIÐABLIKS	74
ÁRSSKÝRSLA SKÁKDEILDAR BREIÐABLIKS	76
ÁRSSKÝRSLA SKÍÐADEILDAR BREIÐABLIKS.....	79
ÁRSSKÝRSLA SUNDDEILDAR BREIÐABLIKS	81
ÁRSSKÝRSLA TAEKWONDODEILDAR BREIÐABLIKS	90
ÁRSSKÝRSLA ÞRÍÞRAUTARDEILDAR BREIÐABLIKS	91

Dagskrá

Aðalfundur Breiðabliks 2023

haldinn í veitingasal Smárans miðvikudaginn 10. maí 2023 kl. 17:30

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning þriggja stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Fundargerð aðalfundar Breiðabliks 2022

sem haldinn var í Smáranum 11. maí kl. 17.00

Efni	Aðalfundur Breiðabliks 2022
Staður	Smárinn
Tími	11. maí 2022 kl. 17:00
Fundarstjóri	Guðmundur Sigurbergsson
Ritari	Rakel Ásgeirsdóttir

Fundargerð aðalfundar Breiðabliks 11. maí 2022

Aðalfundur Breiðabliks var haldinn miðvikudaginn 11. maí 2022 í veislusal Smárans, Dalsmára 5, 201 Kópavogur, fundurinn hófst klukkan 17:00.

1. Fundarsetning og skipun fundarstjóra

Fundurinn hófst með að formaður aðalstjórnar Sveinn Gíslason setti fundinn. Stungið var upp á Guðmundi Sigurbergssyni sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins, kosning ritara og kjörbréfanefndar

Guðmundur Sigurbergsson tók við stjórn fundarins og lagði til að Rakel Ásgeirsdóttir yrði kjörin fundarritari. Tillagan var samþykkt. Þá var samþykkt að Heiðar Ásberg Atlason yrði fulltrúi kjörbréfanefndar.

Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað samkvæmt lögum félagsins með birtingu auglýsinga í fréttablaðinu þann 27. apríl og á heimasíðu félagsins 26. apríl 2022 og væri fundurinn því lögmætur aðalfundur félagsins.

3. Heiðursveitingar silfurblika

Dagskrá fundarins var breytt lítillega þar sem byrjað var á heiðursveitingum á silfurblikum. Andrés Pétursson meðlimur Heiðursveitinganefndar kynnti heiðursveitingar silfurblika.

Viðurkenningar fyrir silfurblika fengu eftirfarandi:

- Aðalheiður María Vigfúsdóttir
- Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir
- Guðlaug Björnsdóttir
- Gunnar Þorvarðarson
- Hákon Jónsson
- Hákon Gunnarsson : Ívar Örn tók við viðurkenningunni fyrir hönd föður síns.
- Jónína Guðmundsdóttir
- Hákon Hrafn Sigurðsson
- Karl Pálmarsson
- Margrét J. Magnúsdóttir
- Ragnar Sverrisson
- Snorri Arnar Viðarsson

Fundarstjóri þakkaði Andrési fyrir og óskaði silfurblikum til hamingju.

4. Skýrsla aðalstjórnar

Sveinn Gíslason formaður aðalstjórnar kynnti skýrslu aðalstjórnar. Sveinn upplýsti fundinn að hann myndi ekki gefa kost á sér í embætti formanns aðalstjórnar á komandi ári.

Fundarritari lagði skýrslu stjórnar til samþykktar og aðalfundur samþykkti hana.

5. Álit Kjörbréfanefndar

Formaður Kjörbréfanefndar staðfesti kjörbréf allra fulltrúa.

6. **Endurskoðaður
ársreikningur lagður fram til
samþykktar**

Fjármálastjóri félagsins Hrafnhildur Gísladóttir kynnti ársreikning vegna ársins 2021. Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins.

7. **Kosning um lagabreytingar**
Engar lagabreytingar voru lagðar fram.

8. **Kosning formanns**
Ásgeir Baldurs bauð sig fram til formanns og var sjálfkjörin formaður félagsins.

9. **Kosning stjórnarmanna**
Fjórir voru í framboði til aðalstjórnar. Annars vegar hafði uppstillingarnefnd tilnefnt þrjá aðila þau Pétur Hrafn Sigurðsson, Guðrúnu Drífu Hólmgeldsdóttur og Benedikt Sigurðsson. Arnar Felix bauð sig fram innan framboðsfrests.

Hannes Strange útskýrði störf uppstillingarnefndar. Heiðar Ásberg Atlason fulltrúi kjörbréfanefndar fór yfir fyrirkomulag kosninganna.

Frambjóðendurnir Arnar Felix, Pétur Hrafn, Aðalheiður María og Benedikt héldu stuttar framboðsræður.

Gert var 10 mínútna hlé á meðan fulltrúar hverra deilda gengu til kosninga.

10. **Kosning löggilts
endurskoðanda eða
endurskoðunarfélags**

Aðalfundur samþykkt að Endurskoðun VSK ehf. yrði endurkjörð endurskoðunarfyrtæki félagsins.

11. **Kosning tveggja
skoðunarmanna reikninga**

Aðalfundur samþykkti Sigurjón Valdimarsson og Steini Þorvalds yrðu kosnir skoðunarmenn félagsins

12. **Heiðursveitingar framhald**
Arnór Daði Gunnarsson íþróttastjóri félagsins veitti Heimi Snæ Jónssyni félagsmálalabikar félagsins.

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri félagsins þakkar fráfarandi stjórnarmönnum félagsins þeim Björgvini, Höllu og Sveini fyrir vel unnin störf í þágu félagsins og afhenti þeim þakklætisvott frá félaginu.

**Heiðursveitingar fyrir
Gullblika:**

70. Gullbliki félagsins: Aðalsteinn Jónsson,
71. Gullbliki félagsins: Pétur Hrafn Sigurðsson,
72. Gullbliki félagsins: Sigurður Ingi Hauksson,

**Heiðursveitingar fyrir
Heiðursblika**

39. Heiðursbliki félagsins: Haraldur Erlendsson
40. Heiðursbliki félagsins: Sveinn Gíslason

**Framhald af dagskrálið 9, kosning
stjórnarmanna :**

Kjörbréfanefnd fór yfir niðurstöður kosninga til stjórnarsetu félagsins. Réttkjörnir stjórnarmenn félagsins eru:

Aðalheiður María
Vigfúsdóttir
Benedikt Sigurðsson
Guðrún Drífa
Hólmgeldsdóttir
Pétur Hrafn Sigurðsson

13. **Umræður um málefni
félagsins og önnur mál**

Umræður sköpuðust um aðstöðu félagsins og samráð á milli deilda félagsins.

Nýkjörinn formaður félagsins, Ásgeir Baldurs tók til máls fór yfir helstu verkefni nýkjörinnar aðalstjórnar,

þakkaði fráfarandi formanni fyrir vel unnin störf og slítur fundi.

Fundi slitið klukkan:18:42.

Lög Breiðabliks

Nafn

1. grein

Félagið heitir Breiðablik og er ungmennafélag. Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi.

Markmið

2. grein *****

Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tómstundastarfsemi. Jafnframt að efla samstöðu og samkennd bæjarbúa með þátttöku í starfi félagsins.

Félagar

3. grein

Félagi telst hver sá sem þess óskar eða tekur þátt í starfi félagsins. Skál félagi skráður í eina eða fleiri deildir sem starfræktar eru í félaginu. Aðalstjórn heldur skrá yfir félaga með aðstoð deilda. Aðalstjórn getur vikið félaga úr félaginu fyrir stórfellt brot á félagsreglum.

Merki og búningur

4. grein

Merki félagsins er hvítur kyndill með rauðum loga á grænum grunni. Fyrir neðan miðju kyndilsins er letrað BREIÐABLIK. Aðallitur keppnis- og æfingabúninga félagsins er grænn.

Skipulag

Aðalfundur félagsins

5. grein *****

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málefnum þess. Hann skal haldinn eigi síðar en 15. Maí ár hvert. Til aðalfundar skal boða með tilkynningu í dagblöðum og á heimasíðu félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í aðalstjórn að undanskildum stjórnarmönnum deilda félagsins og starfsmönnum félagsins. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund.

Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi og skal hún skipuð sjö einstaklingum. Formaður skal kosinn beinni kosningu á hverjum aðalfundi. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þannig að þrír stjórnarmenn eru kosnir á hverju ári.

Aðalstjórn skal skipa þriggja manna uppstillinganefnd með hæfilegum fyrirvara fyrir aðalfund. Skál hún skipuð þremur almennum félagsmönnum. Tillögu sinni skal uppstillinganefnd skila til framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Skál tillaga uppstillingarnefndar ásamt framkomnum framboðum liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Allir félagar eldri en 18 ára hafa tillögurétt um lagabreytingar. Tillögur um lagabreytingar skulu berast framkvæmdastjóra félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti eiga allir félagar eldri en 18 ára.

Hver deild fær að lágmarki tvö atkvæði á aðalfundi en til viðbótar eitt atkvæði fyrir hverja 100 iðkendur. Þó getur ein deild aldrei fengið meira en 1/3 heildarfjölda atkvæða. Miða skal við iðkendur 19 ára og yngri samkvæmt upplýsingum sem sendar eru til Kópavogsbæjar vegna undangengins starfsárs. Aðalstjórn skal samhliða boðun aðalfundar reikna út fjölda atkvæða og tilkynna stjórnnum hvernar deildar viku fyrir aðalfund.

Stjórn hvernar deildar er í sjálfvald sett að velja fulltrúa á aðalfund sem hafa atkvæðisrétt. Fundarstjóri aðalfundar skal sjá til þess að haldin sé skrá yfir fundarmenn sem hafa atkvæðisrétt áður en gengið er til atkvæðagreiðslu.

Formaður aðalstjórnar setur aðalfund. Skall hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra, ritara og kjörbréfanefndar
2. Formaður leggur fram skýrslu aðalstjórnar
3. Kjörbréfanefnd skilar álitinu sínu
4. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til samþykktar
5. Kosning um lagabreytingar
6. Kosning formanns
7. Kosning þriggja stjórnarmanna
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
10. Umræður um málefni félagsins og önnur mál

Á aðalfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Til þess að breyta lögum félagsins þarf þó 2/3 hluta greiddra atkvæða. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti

Félagsfundur

6. grein** *****

Aðalstjórn félagsins skal kalla saman félagsfund, þegar þörf krefur. Skyld er henni að boða til slíks fundar, ef meirihluti deilda félagsins krefjast þess skriflega, enda sé tilkynnt um fundarefni sem þær óska að sett verði á dagskrá.

Boða skal til félagsfundar með sama hætti og aðalfundur. Félagsfundur og dagskrárefni skulu vera í samræmi við reglur 5. greinar þessara laga, eins og kostur er. Félagsfundur hefur sama vald og aðalfundur.

Aðalstjórn

7. grein *****

Aðalstjórn framkvæmir stefnu aðalfundar, stýrir málefnum félagsins á milli aðalfunda, vinnur að alhliða eflingu þess og gætir hagsmuna félagsins í hvívetna. Aðalstjórn kemur fram út á við fyrir hönd félagsins og skuldbindur félagið gagnvart þriðja aðila.

Aðalstjórn skal á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund skipta með sér verkefnum. Stjórn skal að lágmarki kjósa um varaformann og ritara stjórnar. Aðalstjórn er ákvörðunarbær ef meirihluti stjórnar er viðstaddur fund. Einfaldur meirihluti ákvörðunar-bærrar stjórnar ræður úrslitum við atkvæðagreiðslu. Aðalstjórn skal setja sér starfsreglur.

Úrdrátt úr fundargerðum aðalstjórnar skulu gerðar opinberar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur vikum eftir að fundar-gerð hefur verið samþykkt.

Aðalstjórn hefur umráðarétt yfir öllum sameiginlegum eigum félagsins og umsjón með rekstri þeirra og varðveislu.

Að minnsta kosti 2/3 hluta allra stjórnarmanna þarf til að:

- Veðsetja eignir félagsins
- Selja varanlega rekstrarfjármuni
- Kaupa fasteignir

Aðalstjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins. Hann framkvæmir ákvarðanir aðalstjórnar og stýrir daglegum rekstri félagsins. Hann skal í starfi sínu kappkosta að hafa samráð við deildir félagsins og aðstoða þær eftir föngum í starfi sínu. Framkvæmdarstjóri er prókúruhafi félagsins og hefur vald til að annast allt það sem snertir starfsemi félagsins. Meiriháttar ráðstafanir skal hann þó alltaf bera undir aðalstjórn til synjunar eða samþykktar í samræmi við starfsreglur stjórnar á hverjum tíma.

Aðalstjórn hefur heimild til að skipa starfsnefndir um framkvæmd tiltekinna

verkefna. Slíkar starfsnefndir skulu skipaðar að lágmarki einum stjórnarmanni og allar meiriháttar eða óvenjulegar ákvarðanir skulu bornir fyrir aðalstjórn til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn er heimilt að veita heimild til stofnunar nýrrar deildar tímabundið en skal leggja slíka ákvörðun um stofnun fyrir næsta aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Aðalstjórn samræmir starf og stýrir sameiginlegum málum deilda, skipuleggur sameiginlega þjónustu innan félagsins og annast upplýsingamiðlun. Aðalstjórn setur reglur um fjárreiður og meðferð fjármuna sem gerðar skulu opinberar á heimasíðu félagsins. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á hvers konar fjárskuldbindingar deilda skuli leggja til samþykktar hjá aðalstjórn. Einnig hefur aðalstjórn eftirlit með fjárhag deilda og annarra starfseininga félagsins.

Aðalstjórn skal tryggja að gerð séu ársfjórðungsleguppgjör aðalstjórnar og allra deilda. Gerð ársreikninga aðalstjórnar og deilda skal lokið með nægilegum fyrirvara fyrir aðalfund hverrar einingar. Rekstraráætlanir aðalstjórnar og deilda skulu liggja fyrir í upphafi starfsárs deilda og þær yfirfarnar og samþykktar af aðalstjórn.

Skrifstofa félagsins sér um færslu bókhalds, launaútreiknings og greiðslu launa fyrir allar deildir félagsins. Deildir skulu gera samning við aðalstjórn um þá þjónustu sem skrifstofa félagsins veitir. Aðalstjórn getur tilnefnt sérstakan tilsjónarmann sem kynnir sér fjárhag og stöðu deildar ef tilefni er til og kemur með tillögum til úrbóta ef þörf krefur. Hann getur lagt til að aðalstjórn yfirtaki stjórn deildar, ef tillögum til úrbóta er ekki sinnt að veittum ákveðnum fresti. Ef til þess kemur þá skal aðalstjórn tilkynna slíkt skriflega til deildarstjórnar og um leið tekur aðalstjórn að fullu yfir vald

deildarstjórnar. Að minnsta kosti 2/3 hluti aðalstjórnar skal vera samþykktur yfirtöku stjórnar deildar.

Aðalstjórn annast samskipti félagsins við stjórnvöld og önnur samtök með mál sem varða félagið allt.

Aðalstjórn ber að halda að minnsta kosti tvo fundi á ári sameiginlega með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Aðalfundur deildar

8. grein* * ******

Aðalfundur deildar skal móta meginstefnu um starfsemi hennar. Aðalfund deildar skal halda ár hvert eigi síðar en 15. apríl eða 15. nóvember eftir eðli starfseminnar. Aðalfundur skal boðaður með minnst tveggja vikna fyrirvara með tilkynningu á heimasíðu félagsins. Rétt til setu á aðalfundi eiga allir félagar viðkomandi deildar. Atkvæðisrétt hafa allir félagar 18 ára og eldri. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað.

Allir félagar hafa rétt til að bjóða sig fram til setu í deildarstjórn. Skriflegu framboði skal skila til framkvæmdastjóra félagsins að lágmarki viku fyrir boðaðan aðalfund. Heimilt er að víkja frá þessari reglu, með samþykki aðalstjórnar, takist ekki að manna laus stjórnarsæti.

Formaður deildar setur aðalfund. Skál hann hefja dagskrá aðalfundar sem skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Formaður leggur fram skýrslu deildar
3. Ársreikningur staðfestur af skoðunarmönnum lagður fram til samþykktar
4. Kosning formanns
5. Kosning stjórnarmanna
6. Umræða um málefni deildar og önnur mál

Á aðalfundi deildar ræður meirihluti atkvæða úrslitum mála. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti. Vanræki deild að halda aðalfund skal aðalstjórn boða til fundarins og annast framkvæmd hans. Hætti formaður störfum skal stjórn kjósa nýjan formann fram að næsta aðalfundi deildarinnar. Ef meirihluti stjórnar hættir störfum eða stjórn verður óstarfhæf af einhverjum ástæðum er heimilt að kalla til deildarfundar í því skyni að kjósa nýja stjórn. Skal boðun og framkvæmd fundar fara eftir sömu reglum og vegna aðalfundar deildar.

Deildarstjórn

9. gr.*****

Á milli aðalfunda sér deildarstjórn um starfsemi deildar. Í því felst m.a. að skipuleggja starf deildarinnar, skipa starfsnefndir hennar og hafa umsjón með framkvæmd starfsins. Deildum er heimilt að innheimta af félögum sínum æfingagjöld sem deildarstjórn ákveður.

Deildarstjórn skal skipta með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund deildar.

Deildarstjórn ber ábyrgð á útgjöldum, tekjuöflun og fjárreiðum deildar og að fylgt sé opinberum reglum og fyrirmælum aðalstjórnar um bókhald, endurskoðun, reikningsskil og meðferð fjármuna.

Slit félagsins

10. grein*****

Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Kópavogsbæjar. Sé deild lögð niður ganga eigur hennar til aðalstjórnar.

Gildistaka

11. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla eldri lög úr gildi.

Samþykkt á aðalfundi 1997
** Samþykkt á aðalfundi 2003*
*** Samþykkt á aðalfundi 2004*
**** Samþykkt á aðalfundi 2008*
***** Samþykkt á aðalfundi 2013*
****** Samþykkt á aðalfundi 2015*
****** Samþykkt á aðalfundi 2017*
****** Samþykkt á aðalfundi 2018*
****** Samþykkt á aðalfundi 2019*

Reglugerð um heiðursveitingar

Reglur um heiðursveitingar voru samþykktar á aðalfundi Breiðabliks 1990 fyrir eftirfarandi flokka: Heiðursblik, Gullblik og Silfurblik.

Tilgangurinn með heiðursveitingum er að verðlauna þá einstaklinga sem um árábil hafa stuðlað að vexti og viðgangi félagsins eða deilda þess með sjálfböðastörfum, Einnig er heimilt að veita viðurkenningar þeim sem reynst hafa félaginu vel, með einum eða öðrum hætti.

Aðalstjórn skal skipa á aðalfundi 5 manna heiðursveitinganefnd sem fer yfir þær tilnefningar sem berast, tekur afstöðu til þeirra og gerir tillögur til aðalstjórnar. Framkvæmdastjóri félagsins er starfsmaður nefndarinnar.

Tilnefningar skulu berast frá deildum félagsins eða félagsmönnum þess. Þá getur heiðursveitinganefnd að eigin frumkvæði lagt til viðurkenningar.

Skrifstofa félagsins skal óska eftir tilnefningum frá deildum eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund eða aðra viðburði á vegum félagsins s.s., afmælishátíð.

Heimilt er að veita viðurkenningar á stórafmæli (50 ára eða eldri) félags- eða velgjörðamanns.

Allar tilnefningar skulu vera í samræmi við lög og reglur félagsins um silfur-, gull og heiðursblik.

Tillögur heiðursveitinganefndar skulu lagðar fyrir Aðalstjórn. Aðalstjórn félagsins ákveður á stjórnarfund, þar sem allir meðlimir hennar eru mættir hverjir skulu sæmdir heiðursviðurkenningum félagsins. Kosning heiðursblika verður að vera samhljóða

Listi yfir þá einstaklinga sem hlotið hafa viðurkenningar skal verða aðgengilegur á heimasíðu félagsins.

Bronsblíki*

Aðalfundur Breiðabliks haldinn 28. maí 1998, samþykkir að deildum félagsins verði heimilað að afhenda traustum félögum, sem starfað hafa í a.m.k. fjögur ár að málefnum félagsins, starfsmerki Breiðabliks, sem verði úr bronsi.

Silfurblik

Silfurblikann má veita einstaklingum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins eða einstakra deilda þess.

Gullblik

Gullblikann má veita einstaklingum sem hafa um langt skeið unnið mikið og framúrskarandi starf fyrir félagið eða einstaka deildir þess. Að jafnaði skal sá sem tilnefndur er til Gullblika hafa áður hlotið viðurkenningu Silfurblika.

Einnig er heimilt að veita einstaklingum Gullbilka sem stutt hafa myndarlega við bak félagsins og/eða einstakra deilda þess um langt árábil.

Heiðursblik

Heiðursblika, heiðursfélaga, má undir sérstökum kringumstæðum kjósa einstaklinga, 50 ára eða eldri, sem hafa unnið eftirtektarvert og framúrskarandi starf fyrir félagið um langan tíma. Heiðursblik er fyrst og fremst viðurkenning fyrir félags- og sjálfböðaliðsstörf í þágu félagsins og eða deilda þess. Að jafnaði skal sá sem tilnefndur er til Heiðursblika hafa áður hlotið viðurkenningu Gullblika

Á hverjum aðalfundi skal aðalstjórn birta lista með nöfnum allra þeirra sem hlotið hafa viðkenningar þessar.

Framkvæmdastjórn félagsins skipar fimm manna nefnd til heiðursveitinga skv. reglugerð þessari. Nefndin velur sér formann.**

Samþykkt á aðalfundi 1990

**Samþykkt á aðalfundi 1998*

***Samþykkt á aðalfundi 2016*

Reglugerð um veitingu bikara á Íþróttahátíð Breiðabliks

Á Íþróttahátíð Breiðabliks ár hvert veitir Aðalstjórn félagsins bikara til viðurkenningar á starfi innan deilda félagsins á undanfögnu starfsári. Bikararnir sem um ræðir eru ýmist farandbikarar sem veittir eru til eins árs í senn og/eða bikarar til eignar.

Viðurkenningar eru eftirfarandi:

Íþróttakona og -karl hvernar deildar(Eignarbikarar)

Veittur þeirri konu og karli í hverri deild sem þóttu skara mest fram úr á árinu sem um ræðir. Valið af stjórn hvernar deildar.

Íþróttakona og -karl Breiðabliks (Farand- og eignarbikar)

Veittur þeirri konu og karli sem hljóta flest stig í kosningu úr hópi þeirra sem hljóta verðlaunin hér að ofan(„Íþróttakona og -karl hvernar deildar“). Kosningin virkar þannig að allar deildir fá sitthvort atkvæðið(13 atkvæði-Hlaupahópur Breiðabliks er meðtalinn) ásamt aðalstjórn félagsins(eitt atkvæði) og íþróttastjóra félagsins(eitt atkvæði). Samtals 15 atkvæði. Hvert atkvæði skal skila inn lista til íþróttastjóra félagsins yfir 1., 2. og 3.sæti úr hópi karla og öðrum eins lista úr hópi kvenna. Deildum félagsins er óheimilt að setja íþróttafólk úr sinni eigin deild á umrædda lista. Hvert nafn í 1.sæti hlýtur 15 stig, hvert nafn í 2.sæti hlýtur 10 stig og hvert nafn í 3.sæti hlýtur 5 stig.

Afrekshópur Breiðabliks (Farandbikar)

Veittur því liði eða keppnishóp sem náð hefur bestum árangri hóps eða liðs innan félagsins á síðasta starfsári.

Íþróttastjóri fer yfir tilnefningar frá deildum félagsins og leggur fram tillögu til Aðalstjórnar til samþykktar.

Deildarbikar Breiðabliks (Farandbikar)

Er veittur einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til virkni starfs innan deildarinnar, nýliðunar, árangurs í keppni og fjárhagslegrar afkomu á síðasta starfsári. Íþróttastjóri ásamt lykilstarfsfólki félagsins leggur fram tillögu til Aðalstjórnar til samþykktar.

Þjálfarabikar Breiðabliks (Farand- og eignarbikar)

Er veittur þjálfara hjá einni af deildum félagsins. Við ákvörðun um veitingu skal tekið tillit til árangurs, hvort heldur um er að ræða hóp- eða einstaklingsíþróttagrein. Þá skal einnig litið til áhuga, menntunar og metnaðar. Íþróttastjóri fer yfir tilnefningar frá deildum félagsins og leggur fram tillögu til Aðalstjórnar til samþykktar.

Félagsmálabikar Breiðabliks (Farand- og eignarbikar)

Er veittur þeim einstaklingi sem sýnt hefur framúrskarandi dugnað og áhuga í starfi innan félagsins. Ákvörðun um veitingu félagsmálabikars taka síðustu þrír handhafar bikarsins í sameiningu hverju sinni.

Markmið Íþróttahátíðar Breiðabliks er að gera árangur einstaklinga og hópa/liða í þeim fjölmörgu deildum sem félagið starfrækir sýnilegri ásamt því að heiðra þá sem mest hafa skarað fram úr á ákveðnum sviðum.

Heiðursveitingar

Heiðursblikar			Gullblikar		
Nr.	Nafn	Ár	Nr.	Nafn	Ár
1	Baldur Kristjánsson	1980	1	Grétar Kristjánsson	1990
2	Gestur Guðmundsson	1980	2	Jón Ingi Ragnarsson	1990
3	Grímur Nordahl	1980	3	Steinar Lúðviksson	1990
4	Guðmundur Guðmundsson	1980	4	Þorgerður Aðalsteinsóttir	1990
5	Valdimar Kr. Valdimarsson	1990	5	Jóhann Baldurs	1991
6	Guðmundur Óskarsson	1990	6	Sigurður Grétar Guðmundss.	1993
7	Hulda Pétursdóttir	1990	7	Þórður St. Guðmundsson	1995
8	Konráð Kristinsson	1995	8	Logi Kristjánsson	1996
9	Guðmundur Oddsson	2000	9	Ólína Sveinsdóttir	1997
10	Sigurður Geirdal	2000	10	Birna Guðmundsdóttir	2000
11	Steinar Lúðvíksson	2000	11	Einar Vilhjálmsson	2000
12	Þórður St. Guðmundsson	2000	12	Ester Jónsdóttir	2000
13	Gunnar I Birgisson	2001	13	Sóley Stefánsdóttir	2000
14	Logi Kristjánsson	2001	14	Kristinn Jóhannesson	2001
15	Jón Ingi Ragnarsson	2003	15	Sverrir D. Hauksson	2001
16	Guðmundur Þórðarson	2005	16	Valdimar Fr. Valdimarsson	2002
17	Kristín Jónsdóttir	2005	17	Guðmundur Benediktsson	2003
18	Magnús Jakobsson	2005	18	Magnús Jakobsson	2003
19	Grétar Svan Kristjánsson	2010	19	Páll Bjarnason	2003
20	Guðmundur Hjálmars Jónsson	2010	20	Kristján Jónatansson	2004
21	Gunnar Reynir Magnússon	2010	21	Guðmundur Jónsson	2005
22	Sigmundur Eiríksson	2010	22	Gunnar Steinn Pálsson	2005
23	Svanfríður María Guðjónsd.	2011	23	Hreinn Bergsveinsson	2005
24	Hafsteinn Jóhannesson	2011	24	Hreinn Jónsson	2005
25	Reynir Gísli Karlsson	2011	25	Valgerður Pálsdóttir	2005
26	Ármann J. Lárusson	2012	26	Ólafur Björnsson	2007
27	Þórir Hallgrímsson	2014	27	Alda Sveinsdóttir	2010
28	Sverrir Hauksson	2015	28	Andrés Pétursson	2010
29	Kristinn Jóhannesson	2015	29	Arndís Björnsdóttir	2010
30	Ólafur Björnsson	2017	30	Jóhannes Sveinbjörnsson	2010
31	Helgi Jóhannesson	2018	31	Þorsteinn Hilmarsson	2010
32	Andrés Pétursson	2020	32	Arnór Sigurðsson	2011
33	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2020	33	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2011
34	Indriði Jónsson	2020	34	Indriði Jónsson	2012
35	Kristján Jónatansson	2020	35	Sveinn Gíslason	2012
36	Pétur Ómar Ágústsson	2020	36	Einar Kristján Jónsson	2013
37	Böðvar Örn Sigurjónsson	2020	37	Guðni Stefánsson	2014
38	Steini Þorvalds	2021	38	Helgi Jóhannesson	2014
39	Haraldur Erlendsson	2022	39	Ólafur Sigtryggsson	2014
40	Sveinn Gíslason	2022	40	Teitur Jónasson	2016
			41	Ásger Friðgeirsson	2017
			42	Ásgeir Friðþjófsson	2017

43	Karl Stefánsson	2017	13	Guðmundur Benediktsson	1993
44	Magnús Skúlason	2017	14	Gunnar Reynir Magnússon	1993
45	Orri Hlöðversson	2017	15	Hannes Alfonsson	1993
46	Pétur Ómar Ágústsson	2017	16	Páll Bjarnason	1993
47	Böðvar Örn Sigurjónsson	2018	17	Þorgerður Aðalsteinsdóttir	1993
48	Egill Eiðsson	2018	18	Árni Guðmundsson	1995
49	Gunnar Snorrason	2018	19	Ásgeir Friðþjófsen	1995
50	Hannes Strange	2018	20	Birna Guðmundsdóttir	1995
51	Steini Þorvaldsson	2018	21	Einar Vilhjálmsson	1995
52	Gunnar Snorrason	2018	22	Óttar B. Ellingsen	1995
53	Hannes Sigurbjörn Jónsson	2019	23	Sóley Stefánsdóttir	1995
54	Hákon Gunnarsson	2019	24	Sverrir D. Hauksson	1995
55	Guðmundur Jóhann Jónsson	2019	25	Þorbergur Karlsson	1995
56	Benedikt Guðmundsson	2020	26	Eiríkur Jensson	1997
57	Guðmundur G. Sigurbergsson	2020	27	Ingibjörg Hinriksdóttir	1997
58	Heiðar Bergmann Heiðarsson	2020	28	Jón Björnsson	1997
59	Ingibjörg Hinriksdóttir	2020	29	Magnús Jakobsson	1997
60	Magnús Kr. Eyjólfsson	2020	30	Þorsteinn Höskuldsson	1997
61	Magnús Árni Magnússon	2020	31	Agnar Logi Axelsson	1998
62	Sigurrós Þorgrímsdóttir	2020	32	Einar Sumarliðason	1998
63	Einar Sumarliðason	2020	33	Haukur Hauksson	1998
64	Halla Garðarsdóttir	2020	34	Páll Grétarsson	1998
65	Jón Magnússon	2020	35	Pálmi Gíslason	1998
66	Marinó Önundarson	2020	36	Andrés Pétursson	1999
67	Viðar Bragi Þorsteinsson	2020	37	Guðmundur Jónsson	1999
68	Einar Pétursson	2021	38	Halldór Jónsson	1999
69	Viktória Gísladóttir	2021	39	Hreinn Jónasson	1999
70	Aðalsteinn Jónsson	2022	40	Jóhann Árnason	1999
71	Pétur Hrafn Sigurðsson	2022	41	Ásta B. Gunnlaugsdóttir	2000
72	Sigurður Ingi Hauksson	2022	42	Gunnar Snorrason	2000
73	Ásgeir Baldurs	2022	43	Ólafur Björnsson	2000
			44	Sighvatur Blöndahl á 50 ára	2000
			45	Sveinbjörn Strandberg	2000
			46	Hannes Jónsson	2001
			47	Jóhannes Sveinbjörnsson	2001
			48	Karl Stefánsson	2001
			49	Kjartan Ágústsson	2001
			50	Sveinn M. Árnason	2001
			51	Þorsteinn Hilmarsson	2001
			52	Ásdís Gísladóttir	2002
			53	Edda Valsdóttir	2002
			54	Egill Eiðsson	2002
			55	Gunnar Ragnarsson	2002
			56	Ingi Þór Hermannsson	2002
			57	Kristín Magnúsdóttir	2002
			58	Sigmundur Eiríksson	2002
			59	Atli Þórsson	2003
			60	Ástfríður Árnadóttir	2003
			61	Bjarni G. Þórmundsson	2003
			62	Einar Hauksson	2003
			63	Einar Pétursson	2003
			64	Guðmundur Björnsson	2003

Silfurblíkar

Nr.	Nafn	Ár
1	Ármann J. Lárusson	1990
2	Bára Eiríksdóttir	1990
3	Ester Jónsdóttir	1990
4	Guðmundur Þórðarson	1990
5	Hafsteinn Jóhannesson	1990
6	Konráð Kristinsson	1990
7	Kristinn Jóhannesson	1990
8	Sveinn Jóhannsson	1990
9	Guðmundur Oddsson	1991
10	Helga Jóhannsdóttir	1991
11	Júlíus Sigurbjörnsson	1991
12	Sigurjón Valdimarsson	1991

65	María Sigurðardóttir	2003	117	Trausti Þór Ósvaldsson	2011
66	Arnþór Sigurðsson	2004	118	Örn Örlygsson	2011
67	Böðvar Örn Sigurjónsson	2004	119	Eyþór Ragnarsson	2012
68	Fanný Guðjónsdóttir	2004	120	Gylfi Steinn Gunnarsson	2012
69	Guðbjörn Þór Ævarsson	2004	121	Magnús Kr. Eyjólfsson	2012
70	Gylfi Freyr Gröndal	2004	122	Magnús Valdimarsson	2013
71	Heiðrún Alda Hansdóttir	2004	123	Stefán Ragnar Jónsson	2013
72	Indriði Jónsson	2004	124	Arnór Heiðar Arnórsson	2014
73	Jóna Pálsdóttir	2004	125	Karl Ottó Schiöth	2014
74	Kristján Hjálmar Ragnarsson	2004	126	Viðar Bragi Þorsteinsson	2014
75	Sigurjón Sigurðsson	2004	127	Viktória Gísladóttir	2014
76	Ásgeir Magnússon	2005	128	Guðrún Kristjánsdóttir	2015
77	Benedikt Guðmundsson	2005	129	Smári Rúnar Þorvaldsson	2015
78	Einar Ingvarsson	2005	130	Eggert Baldvinsson	2016
79	Guðrún Pétursdóttir	2005	131	Marinó Önundarson	2016
80	Ingólfur Proppé	2005	132	Guðmundur G. Sigurbergsson	2017
81	Ingólfur Sigmundsson	2005	133	Halla Garðarsdóttir	2017
82	Ólöf Guðmundsdóttir	2005	134	Helgi Viðar Hallgrímsson	2017
83	Sveinn Gíslason	2005	135	Hildur Grétarsdóttir	2017
84	Unnur Friðþjófsdóttir	2005	136	Ásgeir Baldurs	2018
85	Þóra Úlfarsdóttir	2005	137	Borghildur Sigurðardóttir	2018
86	Ari Skúlason	2006	138	Eiríkur Mörk Valsson	2018
87	Gísli Guðmundsson	2006	139	Halldór Arnarsson	2018
88	Gylfi Sigurpálsson	2006	140	Kristján Gunnar Ríkharðsson	2018
89	Marteinn Sigurgeirsson	2006	141	Margrét Skúladóttir Sigurðz	2018
90	Rúnar Andrew Jónsson	2006	142	Björg Jónsdóttir	2019
91	Kristjana Helgadóttir	2007	143	Heimir Snær Jónsson	2019
92	Magnús Skúlason	2007	144	Óðinn Sörli Ágústsson	2019
93	Ólafur Guðmundsson	2007	145	Ólafur Hrafn Ólafsson	2019
94	Steini Þorvaldsson	2007	146	Sigríður Jóna Helgadóttir	2019
95	Bjarni Sigurðsson	2008	147	Sóley Ægisdóttir	2019
96	Hannes Strange	2008	148	Valgerður Helga Sigurðardóttir	2019
97	Helga Eyfeld	2008	149	Helga Jónsdóttir	2019
98	K. Bessa Harðardóttir	2008	150	Anna Sigríður Ásgeirsdóttir	2020
99	Kristjana Jóna Þorláksdóttir	2008	151	Halldór Grétar Einarsson	2020
100	Úlfhildur Haraldsdóttir	2008	152	Jón Sigurður Garðarsson	2020
101	Hallgrímur Arnalds	2009	153	Sigríður H. Kristjánsdóttir	2020
102	Helgi Jóhannesson	2009	154	Sigrún Ída Óttarsdóttir	2020
103	Kristín Rut Haraldsdóttir	2009	155	Sunna Guðmundsdóttir	2020
104	Logi Sigurfinnson	2009	156	Geirlaug Geirlaugsdóttir	2021
105	Pétur Hrafn Sigurðsson	2009	157	Gísli Ágústsson	2021
106	Örn Jónsson	2009	158	Jónas Pétur Ólason	2021
107	Bára Gunnarsdóttir	2010	159	Kristján Sigurgeirsson	2021
108	Geir Sverrisson	2010	160	Laufey Stefánsdóttir	2021
109	Gísli Jón Árnason	2010	161	Margrét Ágústsdóttir	2021
110	Pétur Ómar Ágústsson	2010	162	Smári Guðmundsson	2021
111	Sigrún A. Gunnarsdóttir	2010	163	Ingólfur Magnússon	2021
112	Sigurður Ingi Hauksson	2010	164	Margrét Ólafsdóttir	2021
113	Heiðar Bergmann Heiðarsson	2011	165	Jóhanna Kristbjörg Einarsdóttir	2022
114	Jón Magnússon	2011	166	Kristbjörg Lilja Daðadóttir	2022
115	Jón Sævar Þórðarson	2011	167	Stefán Geir Þorvaldsson	2022
116	Stefán Jóhannsson	2011	168	Valdimar Valdimarsson	2022

169	Úlfar Hinriksson	2022	2013	Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild
170	Aðalheiður María Vigfúsdóttir	2022	2014	Viktor Ben Gestsson, kraftlyftingadeild
171	Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir	2022	2015	Mfl. kv. í knattspyrnu
172	Guðlaug Björnsdóttir	2022	2016	Mfl. kv. í knattspyrnu
173	Gunnar Þorvarðarson	2022	2017	Mfl. kv. í körfuknattleik
174	Hákon Gunnarsson	2022	2018	Mfl. kv. í knattspyrnu
175	Hákon Jónsson	2022	2019	Mfl. kv. í knattspyrnu
176	Hákon Hrafn Sigurðsson	2022	2020	Mfl. kv. í knattspyrnu
177	Jónína Guðmundsdóttir	2022	2021	*
178	Karl Pálmarsson	2022	2022	Mfl. kk. í knattspyrnu
179	Margrét J. Magnúsdóttir	2022		
180	Ragnar Sverrisson	2022		
181	Snorri Arnar Viðarsson	2022		
182	Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir	2022		
183	Helgi Aðalsteinsson	2022	2016	Svana Katla Þorsteinsdóttir
184	Björgvin Rúnarsson	2022	2017	Fannís Friðriksdóttir
185	Sigurður Hlíðar Rúnarsson	2022	2018	Agla María Albertsdóttir
			2019	Berglind Björg Þorvaldsdóttir
			2020	Karen Sif Ársælsdóttir
			2021	Agla María Albertsdóttir
			2022	Sóley Margrét Jónsdóttir

**Enginn handhafi árið 2021*

***Íþróttakona Breiðabliks**

2016	Svana Katla Þorsteinsdóttir
2017	Fannís Friðriksdóttir
2018	Agla María Albertsdóttir
2019	Berglind Björg Þorvaldsdóttir
2020	Karen Sif Ársælsdóttir
2021	Agla María Albertsdóttir
2022	Sóley Margrét Jónsdóttir

**Viðurkenningin hét áður Afrekskona Breiðabliks*

***Íþróttakarl Breiðabliks**

2016	Ingi Rúnar Kristinsson
2017	Sindri Hrafn Guðmundsson
2018	Ingvar Ómarsson
2019	Patrik Viggó Vilbergsson
2020	Arnar Pétursson
2021	Arnar Pétursson
2022	Arnar Pétursson

**Viðurkenningin hét áður Afrekskarl Breiðabliks*

Handhafar deildarbikars

Breiðabliks frá 1989

1989	Karatedeild
1990	Skíðadeild
1991	Knattspyrnadeild
1992	Körfuknattleiksdeild
1993	Frjálsíþróttadeild
1994	Handknattleiksdeild
1995	Skíðadeild
1996	Sunddeild
1997	Frjálsíþróttadeild
1998	Knattspyrnadeild
1999	Skíðadeild
2000	Knattspyrnadeild
2001	Körfuknattleiksdeild
2002	Karatedeild

Handhafar afreksbikars

Breiðabliks frá 1981

1981	Mfl. kv. í knattspyrnu
1982	2. fl. ka. í knattspyrnu
1983	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar
1984	Svanhildur Kristjónsdóttir, frjálsar
1985	Ævar Þorsteinsson, karate
1986	Mfl. ka. í handknattleik
1987	Sigurborg Gunnarsdóttir, blak
1988	3. fl. ka. í knattspyrnu
1989	Helgi Jóhannesson, karate
1990	Guðrún Arnardóttir, frjálsar
1991	Mfl. kv. í knattspyrnu
1992	Birkir Rúnar Kristinsson, sund
1993	Ásta B. Gunnlaugsdóttir, knattspyrna
1994	Mfl. kv. í knattspyrnu
1995	Mfl. kv. í körfuknattleik
1996	Mfl. kv. í knattspyrnu
1997	Mfl. kv. í knattspyrnu
1998	Geir Sverrisson, frjálsar
1999	Harpa Dögg Kjartansdóttir, skíði
2000	Margrét R. Ólafsdóttir, knattspyrna
2001	Jón Arnar Magnússon, frjálsar
2002	Sigurbjörg Ólafsdóttir, frjálsar
2003	Jón Arnar Magnússon, frjálsar
2004	3. fl. kv. í knattspyrnu
2005	Mfl. kv. í knattspyrnu
2006	Kári Steinn Karlsson, frjálsar
2007	Arnar Grétarsson, knattspyrna
2008	Kári Steinn Karlsson, frjálsar
2009	Mfl. ka. í knattspyrnu
2010	Mfl. ka. í knattspyrnu
2011	Kári Steinn Karlsson, frjálsar
2012	Auðunn Jónsson, kraftlyftingadeild

2003	Frjálsíþróttadeild
2004	Skíðadeild
2005	Knattspyrnudeild
2006	Sunddeild
2007	Frjálsíþróttadeild
2008	Karatedeild
2009	Knattspyrnudeild
2010	Knattspyrnudeild
2011	Kraftlyftingadeild
2012	Sunddeild
2013	Frjálsíþróttadeild
2014	Knattspyrnudeild
2015	Körfuknattleiksdeild
2016	Skákdeild
2017	Karatedeild
2018	Hjólreiðadeild
2019	Taekwondodeild
2020	Frjálsíþróttadeild
2021	Hjólreiðadeild
2022	Þríprautardeild

Handhafar þjálfarabikars Breiðabliks frá 1991

1991	Sigurður Hjörleifsson, körfubolti
1992	Guðjón Reynisson, knattspyrna
1993	Jón S. Garðarsson, skíði
1994	Vanda Sigurgeirsdóttir, knattspyrna
1995	Anton Bjarnason, knattspyrna
1996	Ásgeir Magnússon, skíði
1997	Pétur Óli Einarsson, körfubolti
1998	Jörundur Áki Sveinsson, knattspyrna
1999	Egill Eiðsson, frjálssar
2000	Gylfi Freyr Gröndal, körfubolti
2001	Úlfar Hinriksson, knattspyrna
2002	Magnús Kr. Eyjólfsson, karate
2003	Vilhjálmur Kári Haraldsson, knattspyrna
2004	Erna Þorleifsdóttir, knattspyrna
2005	Thomas Fjoldberg, körfubolti
2006	Jón Sævar Þórðarson, frjálssar
2007	Magnús Már Ólafsson, sund
2008	Hákon Sverrisson, knattspyrna
2009	Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrna
2010	Ólafur H. Kristjánsson, knattspyrna
2011	Linda Björk Lárusdóttir, frjálssar
2012	Sverrir Óskarsson, knattspyrna
2013	Vilhjálmur Þór Þóruson, karate
2014	Sigurður Sveinn Nikulássson, skíði
2015	Þorsteinn Halldórsson, knattspyrna
2016	Helgi Jóhannesson, karate
2017	Hlynur Örn Gissurarson, taekwondo
2018	Þorsteinn Halldórsson, knattspyrna
2019	Kristófer Gautason, skák

2020	Þorsteinn Halldórsson, knattspyrna
2021	Alberto Borges Moreno, frjálssar
2022	Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir, sund

Handhafar félagsmálabikars Breiðabliks frá 1970

1970	Steinar Lúðvíksson
1971	Magnús Jakobsson
1972	Gestur Guðmundsson
1973	Guðmundur Óskarsson
1974	Helga Kristjánsdóttir
1975	Þórir Hallgrímsson
1976	Valdimar K. Valdimarsson
1977	Gyða Stefánsdóttir
1978	Hafsteinn Jóhannesson
1979	Hulda Pétursdóttir
1980	Jón Ingi Ragnarsson
1981	Ásgeir Friðþjófsson
1982	Konráð Kristinsson
1983	Ólína Sveinsdóttir
1984	Helga Jóhannsdóttir
1985	Ester Jónsdóttir
1986	Jóhann Baldurs
1987	Kristinn Jóhannesson
1988	Þorbergur Karlsson
1989	Hildur Grétarsdóttir
1990	Sverrir D. Hauksson
1991	Óttar Ellingsen
1992	Eyþór Árnason
1993	Einar Vilhjálmsson
1994	Hreinn Jónasson
1995	Eiríkur Jensson
1996	Ingibjörg Hinriksdóttir
1997	Sveinn M. Árnason
1998	Hannes Jónsson
1999	María Sigurðardóttir
2000	Jóhannes Sveinbjörnsson
2001	Einar Pétursson
2002	Ástfríður Árnadóttir
2003	Indriði Jónsson
2004	Eggert Baldvinsson
2005	Hildur Ástþórsdóttir
2006	Úlfhildur Haraldsdóttir
2007	Einar Ingvarsson
2008	Andrés Pétursson
2009	Pétur Hrafn Sigurðsson
2010	Marínó Önundarson
2011	Jón Berg Torfason
2012	Helen Guðjónsdóttir
2013	Eiríkur Mörk Valsson
2014	María Fanndal Birkisdóttir
2015	Hannes Strange

2016 Hallgrímur Davíð Björnsson
2017 Halldór Grétar Einarsson
2018 Pétur Ómar Ágústsson
2019 Marteinn Sigurgeirsson
2020 Heiðar Bergmann Heiðarsson
2021 Heimir Snær Jónsson
2022 Örn Örlygsson

**Handhafar prúðmennskubikars
Breiðabliks frá 1975**

1975 Björn Jónsson, handknattleikur
1976 Sigurjón Kristjánsson, knattspyrna
1977 Telma Björnsdóttir, frjálsar
1978 Margrét Sigurðardóttir, knattsp.
1979 Brynjar Björnsson, handknattleikur
1980 Sigurborg Gunnarsdóttir, blak
1981 Steinar Lúðvíksson, sund/skiði
1982 Ragnar Bjartmars, körfubolti
1983 Ólafur Björnsson, knattspyrna
1984 Hildur Grétarsdóttir, blak
1985 Sigurjón Valmundsson, frjálsar
1986 Jón Þórir Jónsson, knattsp./handkn.
1987 Guðmundur Hrafnkelsson, handkn.
1988 Sigurður E. Hjaltason, handkn.
1989 Guðrún Arnardóttir, frjálsar

Prúðmennskubikar hefur ekki verið veittur frá 1990.

			
Ásgeir Baldurs formaður	Þórólfur Heiðar Þorsteinsson varaformaður	Rakel Ásgeirsdóttir ritari	Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir meðstjórnandi
			
Pétur Hrafn Sigurðsson meðstjórnandi	Aðalheiður María Vigfúsdóttir meðstjórnandi	Benedikt Sigurðsson meðstjórnandi	Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri

Ársskýrsla Aðalstjórnar Breiðabliks 2023

Árið 2022 var gjöfult fyrir Breiðablik. Glæsilegur árangur náðist í mörgum deildum og starf félagsins hefur aldrei verið umfangsmeira og öflugra. Afreksstarfið blómstraði og átti Breiðablik bæði íþróttakarlar og íþróttakonu Kópavogs og UMSK, svo lítið eitt sé nefnt. Þá náðu fulltrúar Breiðabliks frábærum árangri bæði héraendis og erlendis og sigruðu marga af stærstu íþróttatburðum á Íslandi á árinu 2022.

Eftir tveggja ára tímabil þar sem íþróttastarf í landinu varð fyrir miklum áhrifum af Covid var árið 2022 fyrsta heila árið þar sem starfsemi félagsins var komin í eðlilegt horf. Sem betur fer virðist Breiðablik hafa komið vel út faraldrinum hvað varðar fjölda iðkenda sem og gæði starfsins og árangur.

Það er ekki sjálfgefið að ná að halda úti svo öflugum starfi í 12 deildum auk eldri borgara leikfimi og hlaupahópi Breiðabliks eins og raun ber vitni. Framlag sjálfboðaliða sem starfa fyrir félagið er ómetanleg og verður vart metið til fjár, en einnig er félagið einstaklega lánsamt með starfsfólk sem hefur unnið frábært starf og ber að þakka sérstaklega fyrir það.

Á árinu 2022 barst félaginu höfðingleg gjöf þegar Guðmundur Eggert Óskarsson, sem lést 17. febrúar 2022, ánafnaði knattspyrnudeild Breiðabliks afar veglega fjárhæð í erfðaskrá sinni. Þessari rausnalegu gjöf fylgdu þau fyrirmæli að fjárhæðin skuli skiptast jafnt á milli karla- og kvennastarfs. Þessi gjöf er svo sannarlega merkileg og söguleg í senn og mun nýtast Breiðablik einkar vel og erum við afar

Þakklát Guðmundi fyrir þann hlýhug sem hann bar til félagsins og sýndi það í verki.

Fjárhagsstaða Breiðabliks er traust, þrátt fyrir að grunnrekstur félagsins hafi verið neikvæður á síðasta ári. Mikilvægt er að snúa þeirri þróun við og gæta aðhalds í rekstri og eyða ekki um efni fram. Stjórn Breiðabliks hefur á árinu lagt áherslu á að styrkja skrifstofu félagsins og bæta upplýsingagjöf og þjónustu við deildir félagsins, sem á að stuðla að bættum rekstri og aukinni fagmennsku í stjórnun félagsins.

Fundahöld

Fundir aðalstjórnar

Á starfsárinu hélt aðalstjórn félagsins 15 fundi. Á síðasta aðalfundi voru eftirtaldir kosnir í aðalstjórn félagsins: Ásgeir Baldurs, formaður til eins árs
Aðalheiður María Vigfúsdóttir, til 2ja ára
Benedikt Sigurðsson, til 2ja ára
Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir, til 2ja ára
Pétur Hrafn Sigurðsson, til 1 árs.

Á aðalfundi félagsins árið 2021 voru eftirtaldir kosnir til 2ja ára og voru því ekki í kjöri.
Rakel Ásgeirsdóttir
Þórólfur Heiðar Þorsteinsson

Eysteinn P. Lárusson, framkvæmdastjóri félagsins, undirbjó fundi og sat þá. Góður andi einkenndi störf stjórnarmanna sem allir sinntu starfi sínu af ábyrgð og festu.

Deildastjórnar- og formannafundir

Samkvæmt lögum félagsins skal aðalstjórn halda sameiginlega fundi

með stjórnnum deilda til að ræða málefni sem tengjast starfi félagsins.

Einn deildastjórnarfundur var haldinn á starfsárinu og var hann haldinn þann 8. mars 2023 og fór hann fram í veitingasalnum í Smáranum.

Meginefni fundarins voru:

- Styrktarmöguleikar deilda – Valdimar Gunnarsson fyrrverandi frkv.stjóri UMSK fór yfir praktísk atriði hvað það varðar.
- Skipulag á sjálfboðaliðastarfi – Hvernig virkjum við sjálfboðaliða deilda? Jóhann Þór Jónsson formaður BUR í Knattspyrnudeild og mótstjóri símamótsins miðlaði af þeirra reynslu.
- Umræður og önnur mál.

Tveir formannafundir voru haldnir, sá fyrri 9. júní 2022.

Meginefni þess fundar voru:

- Kynning á formönnum deilda og kynning á nýkjörinni aðalstjórn
- Kynnig á skipulagi skrifstofu
- Aðstöðumál og áherslur aðalstjórnar
- Kynning á Kyndlinum
- Umræður og önnur mál

Seinni formannafundurinn var haldinn 8. mars 2023.

Meginefni þess fundar voru:

- Umboðsreglur aðalstjórnar
- Nýr fjármálastjóri kynntur

- Aðalfundur deilda – skipulag og praktísk atriði
- Umræður og önnur mál

Heiðursviðurkenningar

Heiðursnafnbótina Heiðursblikki fengu eftirtaldir:

Haraldur Erlendsson, á aðalfundi félagsins

Sveinn Gíslason, á aðalfundi félagsins

Heiðursnafnbótina Gullblikki fengu eftirtaldir:

Aðalsteinn Jónsson, á aðalfundi félagsins

Pétur Hrafn Sigurðsson, á aðalfundi félagsins

Sigurður Ingi Hauksson, á aðalfundi félagsins

Ásgeir Baldurs, á 50 ára afmæli hans

Heiðursnafnbótina Silfurblikki fengu eftirtaldir:

Aðalheiður María Vigfúsdóttir, á aðalfundi félagsins

Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir, á aðalfundi félagsins

Guðlaug Björnsdóttir, á aðalfundi félagsins

Gunnar Þorvarðarson, á aðalfundi félagsins

Hákon Gunnarsson, á aðalfundi félagsins

Hákon Jónsson, á aðalfundi félagsins

Hákon Hrafn Sigurðsson, á aðalfundi félagsins

Jónína Guðmundsdóttir, á aðalfundi félagsins

Karl Pálmarsson, á aðalfundi félagsins

Margrét J. Magnúsdóttir, á aðalfundi félagsins

Ragnar Sverrisson, á aðalfundi félagsins

Snorri Arnar Viðarsson, á aðalfundi félagsins

Björgvin Rúnarsson, á aðalfundi knattspyrnudeildar

Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir, á aðalfundi knattspyrnudeildar

Helgi Aðalsteinsson, á aðalfundi knattspyrnudeildar

Sigurður Hlíðar Rúnarsson, við starfslok hans hjá félaginu

Ýmis verkefni

Aðstöðumál deilda

Óhætt er að segja að aðstaða félagsins sé sprungin miðað við iðkendafjölda og brýnt er að auka við og bæta hana, sér í lagi í fjölmennustu deildum félagsins. Með stækkandi bæjarfélagi og fjölgun íbúa á félagssvæði Breiðabliks hefur iðkendum fjölgað verulega þrátt fyrir að aðstaðan hafi staðið í stað um nokkra ára skeið. Það er eitt af grunngildum Breiðabliks að vera opið félag og ekki vera með fjöldatakmarkanir. Aðalstjórn hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf og samtal við bæjaryfirvöld um leiðir til að bæta aðstöðu félagsins og einnig mikilvægi þess að fá fleiri tíma í núverandi íþróttamannvirkjum bæjarins. Við teljum að nauðsynlegt sé að fara í þarfagreiningu og stefnumótun varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í Kópavogi sem tekur mið af þörf og nýtingu, þannig að þeir fjármunir sem til ráðstöfunar séu nýtist bæjarbúum sem best til að mæta þörfinni fyrir íþróttastarf í Kópavogi. Á árinu hóf starfshópur á vegum aðalstjórnar Breiðabliks vinnu við þarfagreiningu og að vinna að tillögum varðandi uppbyggingu íþróttasvæðis Breiðabliks og aðstöðumál deilda. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili tillögum sínum á þessu ári.

Ársþing UMSK

99. ársþing UMSK fór fram í veislusal Golfklúbbsins Odds á Urriðavelli þann 28. mars s.l og vorum við hjá Breiðablik vel mönnuð eins og endranær. Eftirtaldir Blikar hlutu -viðurkenningar á þinginu:

Íþróttakarli UMSK – Höskuldur
Gunnlaugsson Breiðabliki
Íþróttakona UMSK – Sóley Margrét
Jónsdóttir Breiðabliki
Lið ársins – Karlalið Breiðabliks í
knattspyrnu
Félagsmálaskjöldur UMSK – Pétur
Ómar Ágústsson

Einar Kristján Jónsson hlaut Gullmerki
ÍSí
Jóhann Þór Jónsson hlaut Silfurmerki
ÍSí

Guðmundur G. Sigurbergsson hlaut
Gullmerki UMFÍ
Halla Garðarsdóttir hlaut Starfsmerki
UMFÍ

Afrekssvið MK

Afrekssvið menntaskólans í Kópavogi,
sem er samstarfsverkefni
íþróttafélaganna í Kópavogi, hefur
gengið mjög vel á árinu undir styrkri
stjórn Daða Rafnssonar.
Nemendafjöldinn á afrekssviðinu
hefur aukist jafnt og þétt frá stofnun
þess og er mikil ánægja með það. Stór
hluti nemenda á afrekssviðinu æfir í
húsakynnum okkar yfir vetrartímann 2x
í viku og njóta leiðsagnar þjálfara hjá
félaginu.

Heilsuefling eldri borgara / Virgni og vellíðan

Í mörg ár hefur verið starfræktur hópur
eldri borgara sem telur hátt í 50 manns
og æfir hann 2x í viku undir styrkri
stjórn Jóns Sævars Þórðarsonar. Til
viðbótar þessum hóp er verkefnið
Virgni og Vellíðan á sínu öðru ári en
það verkefni var upphaflega
samstarfsverkefni Breiðabliks, Gerplu
og HK með stuðningi Kópavogsbæjar
og HR. Sú breyting varð hins vegar á
verkefninu s.l. áramót þegar
Kópavogsbær tók yfir verkefnið en
áfram er æft í húsum íþróttafélaganna.

Stjórnendur verkefnisins eru þær Fríða
Karen Gunnarsdóttir íþróttafraeðingur
og Eva Katrín Friðgeirsdóttir
íþróttafraeðingur. Hátt í 200 manns (60
ára og eldri) stunda æfingar reglulega í
viku hverri bæði í Fífunni og Smáranum
undir merkjum Virkni og Vellíðan.

Íþróttahátíð Breiðabliks

Íþróttahátíð Breiðabliks var haldin í
fjórða sinn mánudaginn 9. janúar 2023
og tókst vel.
Þá var hátíðinni streymt beint á Blikar-
Tv.

Á hátíðinni var íþróttafólkinu okkar
sem skarað hafði fram á árinu 2022
veittar viðurkenningar. Öllum deildum
bauðst að verðlauna karl og konu ásamt
því að Afreksbikar, Deildarbikar,
Þjálfarabikar og Félagsmálabikar
félagsins voru afhentir. Að lokum voru
tilkynnt úrslit úr nýtilkominni kosningu
á Íþróttakarli og Íþróttakonu
Breiðabliks. Kosningin samanstóð af
atkvæðum frá hverri og einni deild
ásamt aðalstjórn og íþróttastjóra
félagsins.

Þau sem hlutu viðurkenningu voru
eftirfarandi

Deildarbikar - Þríþrautardeildin
Þjálfarabikar – Arna Þórey
Sveinbjörnsdóttir – Sunddeild
Félagsmálabikar – Örn Örlygsson -
Knattspyrnadeild
Íþróttakarli Breiðabliks - Arnar
Pétursson – Frjálsíþróttadeild
Íþróttakona Breiðabliks – Sóley
Margrét Jónsdóttir - Kraftlyftingardeild
Frjálsíþróttakona – Júlía Kristín
Jóhannesdóttir
Frjálsíþróttakarli – Arnar Pétursson
Hjólreiðakona – Björg Hákonardóttir
Hjólreiðakarli – Ingvar Ómarsson
Hlaupakona – Lilja Dögg Stefánsdóttir
Hlaupakarli – Thijs Kreukels
Karatekona – Móey María Sigþórsdóttir
McClure
Karatekarli – Samúel Týr Sigþórsson
Knattspyrnukona – Karitas Tómasdóttir

Knattspyrnukarl – Höskuldur Gunnlaugsson
Kraftlyftingarkona – Sóley Margrét Jónsdóttir
Kraftlyftingarkarl – Alexander Örn Kárason
Körfuknattleikskona – Þórdís Jóna Kristjánsdóttir
Körfuknattleikskarl – Everage Lee Richardsson
Rafíþróttakarl – Emil Valdimarsson
Skákkarl – Vignir Vatnar Stefánsson
Skíðakarl – Björn Davíðsson
Sundkona – Freyja Birkisdóttir
Sundkarl – Guðmundur Karl Karlsson
Þríþrautarkona – Guðlaug Edda Hannesdóttir
Þríþrautarkarl – Sigurður Örn Ragnarsson

Þess ber að geta að rafíþrótt-, skák-, og skíðadeildin tilefndu ekki konu í ár ásamt því að taekwondodeildin tilnefndi engan í ár.

Íþróttahátíð Kópavogs

Íþróttahátíð Kópavogs fyrir árangur ársins 2022 fór fram í íþróttahúsinu Smáranum þann 11. janúar 2023. Okkar fólk var afar sigursælt á hátíðinni og ber þar helst að nefna titlana Íþróttakona og -karl Kópavogs fyrir árið 2022 sem að þessu sinni féllu í skaut Sóleyjar Margrétar Jónsdóttur úr kraftlyftingardeild Breiðabliks og Höskuldur Gunnlaugssonar úr knattspyrnudeild Breiðabliks, ásamt því að meistaraflokkur Breiðabliks í knattspyrnu karla var valinn Flokkur ársins 2022.

Sóley og Höskuldur voru kosin úr hópi tíu tilnefndra aðila sem íþróttaráð bæjarins valdi. Í þeim glæsilega hópi voru hvorki fleiri né færri en sex Blikar. Fyrir utan Sóley og Höskuld voru Arnar Pétursson úr frjálsíþróttadeildinni, Ingvar Ómarsson úr hjólreiðadeildinni, Móey María Sigþórsdóttir McClure úr karatedeildinni og Sigurður Örn Ragnarsson úr þríþrautardeildinni.

Síðast en alls ekki síst var efnilegt íþróttafólk í flokki 13-16 ára heiðrað og þar voru fulltrúar Breiðabliks eftirfarandi:

Arey Amalía Sigþórsd. McClure – Karate
Birgir Gauti Kristjánsson – Karate
Bjarney Hermannsdóttir – Frjálsar
Bjarni Ísak Bjarnason – Taekwondo
Eyrún Hulda Gestsdóttir – Körfubolti
Freyja Birkisdóttir – Sund
Hilmar Karlsson – Knattspyrna
Hrafnhildur Ása Halldórsdóttir – Knattspyrna
Jökull Otti Þorsteinsson – Körfubolti
Kacper Kogut – Sund
Karítas Svana Elfarsdóttir – Taekwondo
Samúel Örn Sigurvínsson – Frjálsar

Rekstur og fjármál

Rekstur Breiðabliks var krefjandi á árinu 2022 og eins og áður hefur verið vikið að var grunnrekstur félagsins neikvæður. Það má meðal annars rekja til þess að ákveðið ójafnvægi var í rekstri deilda eftir tvö ár af Covid. Ljóst er að fullur rekstur félagsins og full þáttaka í mótum er kostnaðarsöm og því gætti ákveðins vanmats í áætluðum kostnaði við þátttöku í keppnum og við að halda uppi fullri starfsemi. Rekstur Aðalstjórnar var sem fyrr traustur og stöðugur en ljóst er að félagið þarf að gera betur í tekjuöflun til að standa undir því metnaðarfulla starfi sem í félaginu er.

Ljóst er að verkefni aðalstjórnar félagsins á næsta ári verður að stuðla að því að gera rekstur Breiðabliks sjálfbæran á ný.

Samanlagðar skuldir félagsins eru vel innan við ásættanleg mörk og peningaleg staða félagsins jákvæð. Félagið er að standa við sínar skuldbindingar, þannig hefur það verið og mjög mikilvægt að tryggt sé að þannig verði það um ókomin ár.

Lokaorð formanns

Mitt fyrsta ár sem formaður Breiðabliks hefur verið afar ánægjulegt og er ég ákaflega stoltur af því að vinna með öllu því frábæra fólki sem starfar í Breiðablik og leggur sig fram til að gera félagið að því afli sem það er og tryggja iðkendum okkar góða umgjörð. Það skilar sér svo sannarlega í góðum árangri og öflugu starfi sem bætir samfélagið. Ég vil þakka

meðstjórnarfólki mínu fyrir frábært samstarf, sem og framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki Breiðabliks.

Áfram Breiðablik.
F.h. stjórnar Breiðabliks
Ásgeir Baldurs
formaður aðalstjórnar

Skýrsla Íþróttaskóla 2022-2023

Þegar nýr vetur hófst í september 2022 var ákveðið að halda áfram með fjöldatakmarkanir þrátt fyrir að covid væri blessunarlega á undanhaldi. Stjórnendur sammæltust um 90 iðkendur í hvorn tíma, eldri/yngrri, væri algjört hámark ef upplifun allra ætti að haldast góð.

Skráðir iðkendur í sportablerhóp íþróttaskólans eru nefnilega hvorki fleiri né færri en 326 talsins og því mikil hætta á of góðri mætingu ef takmarkanirnar væru engar.

Nýja fyrirkomulagið virkaði þannig að fólk skráði sig á sportabler og svo var einnig merkt við hvert og eitt nafn á staðnum svo að allt væri nú satt og rétt.

Eftir á að hyggja þá reyndust takmarkanirnar vel og engin kvartaði. Skráningarröðin að morgni hvers tíma gekk þokkalega hratt og gæði tímanna voru góð.

Stjórnendur íþróttaskólans stóðu sig frábærlega líkt og undanfarin ár enda mikil reynsla þar að baki í góðu blandi við yngri og mögulega verðandi stjórnendur.

Nokkrum sinnum þurfti íþróttaskólinn að víkja úr Smáranum þegar mót og aðrir viðburðir fóru þar fram. Þá voru tímarnir ýmist færðir í íþróttahúsið á Kársnesi eða jafnvel skellt í ratleik í Kópavogsdal. Skemmtilegar tilbreytingar ef litið er á björtu hliðarnar.

Íþróttaskólinn er núna kominn í sumarfrí en getur ekki beðið eftir að taka á móti okkar allra yngstu og orkumestu blikum næsta haust.



Eldri borgara leikfimin 2022-2023



Tímabilið sem nú er að klárast er hið fyrsta þar sem covid kemur ekkert við sögu frá árinu 2020.

Hópurinn er þéttur og góð mæting að venju.

Nýliðun er talsverð og þeir sem prófa halda undantekningarlaust áfram æfingum.

Mér finnst áberandi hvað erfiðleikar síðustu ára hafa þjappað hópnum vel saman og hvað allir eru góðir vinir. Fólk sem ekkert þekktist áður er nú í óða önn að skipuleggja utanlandsferðir saman jafnvel langt fram í tímann.

Í maí mánuði er æft í körfuboltasalnum sem er laus á morgnana vegna útiþróttá í skólunum.

Mikið væri nú gaman ef hægt væri að koma okkur fyrir í eins og 1/4 af þeim sal allan veturinn. Þar er einfaldlega langbesta aðstaðan sem félagið hefur upp á að bjóða fyrir þennan hóp.

Að lokum langar mig að þakka starfsfólkinu okkar fyrir gott samstarf. Þeirra framlag gerir gæfumuninn.

Með kveðju,

Jón Sævar þjálfari

Skýrsla Getraunanevndar 2022-2023

Getraunastarf félagsins var með svipuðu sniði og undanfarin ár og. Á laugardögum mæta Blikar á milli kl. 10 og 12 í tengibygginguna og reyna sig við getraunaseðilinn, það var sami hópur sem sá um starfið og verið hefur undanfarin ár eða þeir Halldór Arnarsson, og Sigurjón Sigurjónsson og Marinó Önundarson.

Guðbjörg Hinriksdóttir sá síðan um veitingarnar eins og henni einni er lagið.

Það má segja að nýliðun í laugardagshópnum hafi ekki verið mjög mikil á síðustu árum en það væri gaman að geta stækkað hann enda ágætis morgunstund sem fólk á þarna saman. Fífan er hjartað í félaginu yfir vetrartímann og mjög oft eru leikir hjá yngri flokkum á sama tíma og

getraunakaffið er þannig að það á að vera hægt að efla þetta enn frekar með samstilltu átaki. Þetta var fyrsti heili veturinn eftir Covid og ljóst að starfið hefur ekki náð fyrri styrk en vonandi náum við að efla það að nýju á komandi misserum, enda er þetta góð fjáröflun fyrir félagið.

En í sumar eru spennandi tímar á Íslandi og ástæðulaust að hætta að tippa þó svo að kaffið liggi niðri og þá er um að gera fyrir alla sem vettlingi geta valdið að reyna sig við tippið og muna eftir að merkja við getraunanúmerið okkar 200.

F.h. Getraunanevndar,
Halldór Arnarsson

**Samstæðureikningur Breiðabliks
og
Ársreikningur Aðalstjórnar
2022**

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er starfsemi íþróttafélaga.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 126,4 millj. kr. á árinu 2022, samanborið við 62 millj. kr. árið 2021. Eigið fé nam 377,5 millj. kr. í lok árs 2022 samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins í lok árs 2022 var 67,7%, samanborið við 61,7% í lok árs 2021. Veltufjárlutfall félagsins var 2,53 í lok ársins samanborið við 2,05 í byrjun árs. Á árinu var veltufé frá rekstri 131,4 millj. kr. og handbært fé frá rekstri 146,7 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisýfirliti.

Á árinu fékk knattspyrnudeild félagsins höfðinglega gjöf, en við andlát Guðmundar Óskarssonar arfleiddi hann deildina að stórum hluta eigna sinna. Það voru rúmlega 200 milljónir sem komu í hlut deildarinnar og skv. ákvörðun stjórnar knattspyrnudeildar var arfurinn settur í sjóð sem verður notaður til góðra verkra, en allar úthlutanir úr sjóðunum þarf að bera undir stjórn knattspyrnudeildar. Haldið er utan um sjóðinn á sérstökum eiginfjárreikningi.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022.

Stjórn og framkvæmdarstjóri íþróttafélagsins Breiðablik hafa í dag rætt um ársreikning félagsins fyrir árið 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdarstjóri ungmennafélagsins Breiðabliks leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Kópavogur, 8. maí 2023

Framkvæmdastjóri:

Eysteinn Pétur Lárusson

Stjórn:

Ásgeir Baldurs, formaður

Aðalheiður María Vigfúsdóttir

Benedikt Sigurðsson

Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir

Pétur Hrafn Sigurðsson

Rakel Ásgeirsdóttir

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Ungmennafélagsins Breiðabliks

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ungmennafélagsins Breiðabliks („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymisýfirlit og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungu við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:


- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 8. maí 2023

Endurskoðun VSK ehf.



Svavar G. Stefánsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2022

	2022	2021
Rekstrartekjur:		
Framlög til reksturs mannvirkja.....	146.650.709	147.781.234
Styrkir frá Kópavogsbæ	11.108.214	11.675.368
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja.....	579.995.038	547.310.259
Aðrir styrkir og framlög.....	284.426.111	75.454.160
Leigutekjur	7.626.045	4.708.452
Auglýsingatekjur.....	31.661.923	29.943.632
Æfingagjöld.....	255.713.941	233.955.349
Aðrar tekjur	577.040.369	486.687.698
Rekstrartekjur	1.894.222.350	1.537.516.152
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	811.124.575	599.508.978
Rekstur mannvirkja.....	10.212.537	10.758.679
Leiga íþróttamannvirkja.....	579.995.038	547.310.259
Búningar og íþróttahöld.....	17.058.568	17.787.486
Þátttaka í mótum.....	196.744.980	175.291.267
Önnur gjöld.....	149.168.581	115.990.532
Afskriftir.....	4.979.284	7.884.304
Rekstrargjöld	1.769.283.563	1.474.531.505
Hagnaður af rekstri án vaxta.....	124.938.787	62.984.647
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	3.509.586	372.987
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(2.006.283)	(1.301.193)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	1.503.303	(928.206)
Hagnaður ársins.....	126.442.090	62.056.441

Efnahagsreikningur 2022

	2022	2021
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé.....	177.586.616	228.560.461
Fyrirframgreiddur kostnaður og birgðir.....	3.776.000	3.510.600
Útistandandi kröfur.....	94.649.817	85.042.897
Verðbréfaeign.....	178.367.007	0
Veltufjármunir alls	454.379.440	317.113.958
Skammtímaskuldir:		
Ýmsar skuldir.....	118.128.696	78.344.137
Óhafnar tekjur.....	56.695.867	71.313.522
Framkvæmda- og markaðsmálasjóður.....	5.000.000	5.000.000
	179.824.563	154.657.659
Hreint veltufé	274.554.877	162.456.299
Peningaleg staða	274.554.877	162.456.299
Aðrir efnahagsliðir		
Fastafjármunir frá fyrra ári.....	86.620.886	88.838.523
Afskrifað á árinu.....	(4.979.284)	(7.884.304)
Breyting á árinu.....	21.322.796	5.666.667
	102.964.398	86.620.886
Eigið fé frá fyrra ári.....	(249.077.187)	(185.538.300)
Eignfærð leikmannakaup.....	(2.000.000)	(1.482.446)
Styrktarsjóður GÓ.....	(203.984.433)	0
Afkoma af reglulegri starfsemi, tap / (hagnaður).....	77.542.343	(62.056.441)
	(377.519.277)	(249.077.187)
Aðrir efnahagsliðir nettó	(274.554.877)	(162.456.299)
Breytingar á peningalegri stöðu		
Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs.....	162.456.299	96.699.775
Fjárfesting á árinu.....	(11.103.603)	(4.184.221)
Afskrifað á árinu.....	(8.219.193)	0
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna.....	131.421.374	69.940.745
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	274.554.877	162.456.299

Sjóðstreymi 2022

	2022	2021
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	126.442.090	62.056.441
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	4.979.284	7.884.304
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	131.421.374	69.940.745
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	(9.606.920)	(44.846.124)
Birgðir, lækkun (hækkun)	(265.400)	1.268.400
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun) hækkun	25.166.904	22.034.632
Handbært fé frá rekstri	146.715.958	48.397.653
Fjármagnshreyfingar		
Fjárfesting / selt á árinu	(11.103.603)	(4.184.221)
Fjárfesting í fastafjármunum	(8.219.193)	0
Verðbréfaeign breyting	(178.367.007)	0
	(197.689.803)	(4.184.221)
Breyting á handbæru fé á árinu	(50.973.845)	44.213.432
Handbært fé í ársbyrjun	228.560.461	184.347.029
Handbært fé í árslok	177.586.616	228.560.461

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Ungmennafélagið Breiðablik er íþróttafélag. Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tómstundastarfsemi.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð eru samstæðureikningsskil fyrir aðalstjórn og deildir félagsins. Í samstæðuuppgjöri hefur eignum, skuldum, tekjum og gjöldum innan samstæðunnar verið eytt með samstæðufærslum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á vöru og þjónustu að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar áhætta og eignarréttur vörunnar hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörsdegi. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tillits til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið árlega. Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og sölukostnaði.

Skýringar, frh.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, frh.

Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til. Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf.

Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. ef viðskipti eru með bréfin á opinberu verðbréfaþingi og verðmyndun talin eðlileg. Matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga, eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta mögulegu tapi þar sem vafi er talin á

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Eigið fé

Hlutfé er fært á nafnverði en yfirverð af innborguðu hlutfé er fært á sérstakan yfirverðsreikning þegar það á við.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Leikmenn	Áhöld og tæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	68.639.896	22.533.334	24.851.150	116.024.380
Breyting á árinu	0	13.103.603	8.219.193	21.322.796
Staða í árslok	68.639.896	35.636.937	33.070.343	137.347.176
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	13.524.080	0	15.879.414	29.403.494
Afskriftir ársins	1.802.012	0	3.177.272	4.979.284
Staða í árslok	15.326.092	0	19.056.686	34.382.778
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	55.115.816	22.533.334	8.971.736	86.620.886
Bókfært verð í árslok	53.313.804	35.636.937	14.013.657	102.964.398
		Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð í árslok
Smárin, félagsaðstaða		88.150.000	270.500.000	41.865.985
Skiðaskáli, 40% eignarhlutdeild		48.580.000	70.140.000	11.447.819

Skýringar, frh.

4. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Leikmanna- samningar	Styrktarsjóður GÓ	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	185.538.300		0	185.538.300
Uppfærsla leikmannasamninga		1.482.446		1.482.446
Hagnaður/(tap) ársins	62.056.441			62.056.441
Flutt á eigið fé	1.482.446	(1.482.446)	0	0
Eigið fé 1.1.2022	249.077.187		0	249.077.187
Uppfærsla leikmannasamninga		2.000.000		2.000.000
Hagnaður/(tap) ársins	126.442.090			126.442.090
Breytingar Styrktarsjóðs á árinu	(203.984.433)		203.984.433	0
Eigið fé 31.12.2022	171.534.844	2.000.000	203.984.433	377.519.277

Á árinu fékk Knattspyrnudeild Breiðabliks arf og var ákveðið í stjórn knattspyrnudeildar að honum skyldi einungis ráðstafa til ákveðinna verkefna sem taka þyrfti fyrir í stjórn og samþykkingu. Þetta er því fært á sérstakan eiginfjárfylki þar sem ráðstöfun þessara fjármuna er háð þengri skilyrðum en almennt er hjá deildinni. Hreyfingar sjóðsins og staða í árslok sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Styrktarsjóður GÓ - rekstur

	2022
Styrkur	206.364.217
Kostnaður verkefna 2022	(4.462.430)
Ávöxtun	2.082.646
Breyting ársins	203.984.433

Styrktarsjóður GÓ - eignir

	31.12.2022
Verðbréf	178.367.007
Bankareikningar	25.617.426
	203.984.433

Rekstrarreikningur 2022

	2022	2021
Rekstrartekjur:		
Framlög til rekstrar	146.650.709	147.781.234
Styrkir frá Kópavogsbæ	9.463.384	9.767.854
Styrkur vegna afnota íþróttamannvirkja.....	579.995.038	547.310.259
Leigutekjur	1.919.045	1.348.452
Auglýsingatekjur.....	21.670.310	19.507.019
Aðrar tekjur	91.285.274	86.615.195
Rekstrartekjur	850.983.760	812.330.013
Rekstrargjöld:		
Laun og tengd gjöld.....	151.057.479	127.033.462
Rekstur mannvirkja.....	10.212.537	10.758.679
Gjöld vegna afnota íþróttamannvirkja.....	579.995.038	547.310.259
Endurgreiddir styrkir til deilda	48.228.188	77.670.491
Önnur gjöld.....	56.141.908	42.315.562
Afskriftir.....	4.088.402	6.993.422
Rekstrargjöld	849.723.552	812.081.875
Hagnaður af rekstri án vaxta.....	1.260.208	248.138
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur.....	640.175	304.650
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(253.964)	(144.948)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	386.211	159.702
Hagnaður ársins.....	1.646.419	407.840

Efnahagsreikningur 2022

Eignir:

	2022	2021
Peningalegar eignir og skuldir		
Veltufjármunir:		
Handbært fé.....	55.393.294	69.552.605
Birgðir	3.776.000	3.510.600
Útistandandi kröfur.....	8.243.694	26.897.867
Deildir	20.745.613	0
Veltufjármunir alls	88.158.601	99.961.072

Skammtímaskuldir:

Ýmsar skuldir.....	20.626.705	15.080.153
Framkvæmda- og markaðsmálasjóður.....	5.000.000	5.000.000
Deildir.....	10.758.466	33.842.310
	36.385.171	53.922.463
Hreint veltufé	51.773.430	46.038.609

Aðrir efnahagsliðir

Fastafjármunir frá fyrra ári.....	49.708.245	56.701.667
Afskrifað á árinu.....	(4.088.402)	(6.993.422)
	45.619.843	49.708.245
Eigið fé frá fyrra ári.....	(95.746.856)	(95.339.016)
Rekstur ársins, (hagnaður) / tap	(1.646.419)	(407.840)
	(97.393.275)	(95.746.856)
Aðrir efnahagsliðir nettó	(51.773.430)	(46.038.609)

Breytingar á peningalegri stöðu

Staða jákvæð (neikvæð) í upphafi árs.....	46.038.609	38.637.347
Rekstur tímabilsins án afskrifta fastafjármuna.....	5.734.821	7.401.262
Peningaleg staða í lok reikningstímabils	51.773.430	46.038.609

Sjóðstreymi 2022

	2022	2021
Handbært fé frá rekstri		
Hreint veltufé frá reglulegri starfsemi:		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	1.646.419	407.840
Reiknaðir liðir í rekstrarreikningi:		
Fyrningar	4.088.402	6.993.422
Hreint veltufé af reglulegri starfsemi	5.734.821	7.401.262
Breytingar innan hreins veltufjár:		
Viðskiptakröfur, lækkun (hækkun)	18.654.173	(1.487.794)
Deildir	(43.829.457)	(22.925.953)
Birgðir, lækkun (hækkun)	(265.400)	1.268.400
Skammtímaskuldir vegna rekstrar, (lækkun)	5.546.552	2.008.641
Handbært fé frá rekstri	(14.159.311)	(13.735.444)
Breyting á handbæru fé á árinu	(14.159.311)	(13.735.444)
Handbært fé í ársbyrjun	69.552.605	83.288.049
Handbært fé í árslok	55.393.294	69.552.605

Sundurliðanir 2022

	2022	2021
Framlög til rekstrar		
Rekstrar og þjónustusamningar	140.484.036	123.488.196
Framlag til viðhalds	124.651	3.281.642
Önnur framlög	6.042.022	21.011.396
	<u>146.650.709</u>	<u>147.781.234</u>
Styrkir frá Kópavogsbæ		
Iðkendastyrkir	9.463.384	9.767.854
Húsaleigustyrkir	579.995.038	547.310.259
	<u>589.458.422</u>	<u>557.078.113</u>
Leigutekjur		
Salarleiga	1.919.045	1.348.452
	<u>1.919.045</u>	<u>1.348.452</u>
Auglýsingatekjur		
Auglýsingaskilti	21.670.310	19.507.019
	<u>21.670.310</u>	<u>19.507.019</u>
Aðrar tekjur		
Vörusala samkeppnisrekstur	15.818.037	9.485.097
Tekjur vegna íþróttaskóla	12.970.268	11.234.370
Þátttaka deilda í kostnaði	8.461.372	8.414.585
Aðrar tekjur	0	492.825
Fjárafánir	16.042.821	1.042.200
Lottó og Getraunir	19.100.284	18.057.759
Önnur framlög	18.892.492	37.888.359
	<u>91.285.274</u>	<u>86.615.195</u>
Laun og verktakagreiðslur		
Laun starfsmanna og þjálfara	119.512.518	102.465.097
Tryggingagjald	8.570.630	6.991.393
Dagpeningar	0	232.282
Lífeyrissjóður	14.905.201	12.766.800
Orlofs- og sjúkrasjóður	1.881.328	1.558.677
Akstur	1.252.000	1.350.600
Áfallið orlof	4.935.802	1.668.613
	<u>151.057.479</u>	<u>127.033.462</u>
Rekstur mannvirkja		
Leiga á íþróttamannvirkjum	579.995.038	547.310.259
Viðhald áhalda og tækja	2.679.085	2.334.102
Hreinlætiskostnaður	1.354.444	1.829.879
Sorþirða	1.446.064	1.067.614
Öryggisþjónusta	787.936	369.665
Tryggingar	351.895	327.081
Annar rekstrarkostnaður	3.593.113	4.830.338
	<u>590.207.575</u>	<u>558.068.938</u>

Til deilda

Lottó	17.749.727	18.419.040
Getraunir	807.077	1.159.130
Iðkendastyrkir	9.463.384	9.767.854
Aðrir styrkir	20.208.000	48.324.467
	<u>48.228.188</u>	<u>77.670.491</u>

Önnur gjöld**Söluvörur**

Vörukaup	9.718.065	7.108.265
Birgðabreyting	(265.400)	1.268.400
	<u>9.452.665</u>	<u>8.376.665</u>

Skrifstofukostnaður

Pappír, prentun og ritföng	340.094	245.139
Reikningsskil	3.039.313	4.108.986
Sími	965.639	616.532
Póstburðargjöld	49.382	98.255
Fréttabréf og auglýsingar	1.206.206	1.632.353
Tölvukostnaður	13.633.186	9.251.554
Funda- og þingkostnaður	1.483.553	362.241
Námskeið	327.385	160.904
Styrkir	43.000	97.200
Akstur	1.981.706	1.637.928
Annar skrifstofukostnaður	20.670	125.414
	<u>23.090.134</u>	<u>18.336.506</u>

Annar kostnaður

Gjaldfærð áhöld	576.736	54.399
Þjónustugjöld VISA og EURO	200.699	95.078
Gjafir og skemmtanir	447.132	0
Kostnaður við fjáröflun	3.599.109	1.048.140
Fræðsluefni	260.000	2.965.580
Annar kostnaður	18.515.433	11.439.194
	<u>23.599.109</u>	<u>15.602.391</u>
	<u>56.141.908</u>	<u>42.315.562</u>

Ársskýrslur deilda

Ársskýrsla Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks

Ágrip – Enginn á bekknum!

Árið 2022 hefur einkennst af krafti og jákvæðni hjá Frjálsíþróttadeild Breiðabliks. Eftir tvö löng ár í heimsfaraldri fór starfið loks á fullt aftur.

Yngriflokka starfið okkar er líflegt og fjölbreytt, þar er gleðin alltaf við völd. Allir eru velkomnir í frjálsar og undir handleiðslu okkar frábæru þjálfara fá þessir ungu einstaklingar tækifæri til að ná sínum allra besta árangri.

Fjöldamargir persónulegir sigrar hafa unnist á árinu en í því felst einmitt fegurðin í Frjálsíþróttum. Í frjálsum er enginn á bekknum og allir fá tækifæri til að ná árangri á sínum forsendum. Hjá okkur eru iðkendur fyrst og fremst að keppa við sjálfa sig og stefnan er alltaf sett á að ná herra, lengra og hraðar.

Breiðablik hefur það orð á sér innan frjálsíþróttahreyfingarinnar að einstök samheldni og vinátta ríki meðal okkar íþróttafólks. Blísum þykir vænt um félagið sitt og það fer ekki á milli mála. Það er mat okkar að það sé ekki síður mikilvægt en að ná góðum árangri á keppnisvælinum. Það er markmið okkar að halda áfram að styðja við þessa menningu.

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks á sér einstaklega gott bakland. Sem sjá má á þeim fjölda sjálfboðaliða sem alltaf mæta og leggja hönd á plóg þegar á þarf að halda. Hvort sem um er að ræða foreldra, fyrrverandi iðkendur eða aðra velunnara. Með þennan glæsilega hóp á



bakvið okkur höfum við fulla ástæðu til að líta björtum augum á framtíðina.

Stjórn

Aðalfundur Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks fór fram þann 28. apríl 2022.

Þar var eftirfarandi stjórn kjörin:

Áslaug Pálsdóttir, formaður
Bergþóra Guðjónsdóttir, ritari
Bjarki Rósantsson, gjaldkeri
Elsa Sif Guðmundsdóttir, meðstjórnandi
Geirlaug Geirlaugsdóttir, meðstjórnandi
Hallgrímur Egilsson, meðstjórnandi
Steinþór Einarsson, meðstjórnandi

Varastjórn:

Kristján Þór Harðarson
Egill Eiðsson

Stjórn Frjálsíþróttadeildar hefur fundað að lágmarki einu sinni í mánuði en oftár ef þurfa þykir.



Þjálfarar og stefna

Yfirþjálfari yngri flokka er Alberto Borges Moreno og sér hann um að skipulagningu æfinga og þjálfunar 6-16 ára barna, ásamt því að vera hluti af þjálfarateymi meistaraflokks. Alberto býr yfir yfirgripsmikilli menntun og áralangri reynslu og þekkingu á sviði frjálsíþróttþjálfunar. Hann hefur náð eftirtektarverðum árangri hjá Breiðabliki og stjórnin fór þess á leit við hann að hann leiddi uppbyggingarstarf barna og unglinga hjá félaginu.

Þjálfun barna og unglinga byggist á hugmyndafræði Alþjóða frjálsíþróttasambandsins, World Athletics um krakkafrjálsar (e. Kid Athletics) og að frjálsar íþróttir verði kynntar sem úrvals tækifæri til árangurs og aukinna lífsgæða. Sérhæfing eykst með auknum aldri og þroska iðkenda. Aðstoðarþjálfarar yngri flokka eru Kelvin Adames og Aron Ingi Sævarsson en þeir hafa báðir stundað frjálsar til margra ára.

Jón Bjarni Bragason er yfirþjálfari meistaraflokks. Jón Bjarni starfaði áður sem styrktarþjálfari og sérgreinapjálfari í kastgreinum og er hann með menntun á sviði íþróttifræða auk mikillar reynslu í þjálfun.

Teymi sérgreinapjálfa kemur að þjálfun meistaraflokks þar sem sérhæfing íþróttamanna er mun meiri en hjá yngri iðkendum.

Þjálfarateymi meistaraflokks 2022:

Jón Bjarni Bragason- yfirþjálfari og styrktarþjálfun

Arnar Pétursson - langhlaup

Arna Stefanía Guðmundsdóttir, spretthlaup og grindahlaup (starfaði fyrri hluta árs) Alberto Borges-fjölþraut, spretthlaup, grindahlaup og stökk

Stefán Ragnar Jónsson - kastgreinar

Iðkendum

Það er pláss fyrir alla í frjálsum. Frjálsíþróttadeild Breiðabliks býr yfir mikilli breidd iðkenda en 2022 voru þeir tæplega 150 talsins allt frá 6 ára börnum upp í fullorðið afreksfólk - og sá elsti kominn yfir áttætt.

Yngriflokkar

Frjálsíþróttadeildin leggur mikið upp úr barna og unglingastarfi og er mikil áhersla á að æfingar og allt ut anumhald sé sem best. Æfingarnar eru faglegar og byggðar upp til þess að styrkja grunn iðkenda í íþróttinni sem og í lífinu öllu.

Uppskeruhátíð var haldin að vori þar sem yngsti hópurinn, 6-10 ára, fær að spreya sig í keppni og svo er boðið upp á grillaðar pylsur að móti loknu. Þjálfarar deildarinnar fylgdu iðkendum á öll mót sem haldin eru af FRÍ ásamt fjölmörgum öðrum smærri mótum.

Meistaraflokkur

Í starfi meistaraflokks er lögð áhersla á faglegt og hvetjandi afreksstarf. Til þess að mæta þörfum hópsins varðandi aðstöðu var gerður samningur við FH og æfir meistaraflokkur því í Kaplakrika 3 í viku. Til þess að mæta þörfum þeirra sem vilja æfa en stefna ekki endilega á frama innan

greinarinnar er einnig boðið upp á léttari æfingaleið, með færri æfingum í hverri viku.

Meistaraflokkur fór í æfingaferð til Albir á Spáni síðastliðið vor þar sem iðkendur voru við æfingar í góðum aðstæðum í tíu daga. Það er afreksfólki afar mikilvægt að fara slíkar ferðir sem oftast. Að fá tækifæri til að æfa í heitara loftslagi getur skipt sköpum fyrir frjálsíþróttafólk, en ekki síður að skapa þær aðstæður þar sem íþróttamaðurinn þarf eingöngu að einbeita sér að íþrótt sinni. Slíkar ferðir eru líka dýrmætt hópefli og mikilvægt að stefna á fleiri slíkar ferðir á næstu árum. Stefnt er að því að meistaraflokkur fari í slíka ferð árlega.

Í október fór meistaraflokkur í árlega æfingaferð til Víkur í Mýrdal, en unglingahópurinn, 9.- 10. bekkur, fékk að fylgja með. Í þessari ferð var lögð áhersla á að þetta hópinn ásamt því að veita iðkendum tækifæri til þess að einbeita sér að æfingum.

Æfingahópur 30+

Auk hefðbundinna æfinga æfir æfingahópur 30 ára og eldri aðra hverja viku. Þar er áhersla á skemmtun, heilsu og félagsskap. Þarna er ungmennafélagshugsjónin allsráðandi. Þjálfari hópsins er Egill Eiðsson.

Aðstaða

Aðstöðumálin eru ár eftir ár stærsta áskorun deildarinnar. Innanhúsaðstaðan er óviðunandi á allan hátt. Svæðið er of lítið til að hægt sé að æfa allar greinar frjálsra íþróttar þar. Sambýlið við aðrar deildir félagsins sem einnig nýta húsið veldur oft ágreiningi, þar sem ekki er nægt geymslupláss í húsinu og þrengt er að öllum deildum. Æfingar ólíkra íþróttagreina fara fram á sama tíma í húsinu og þarfir íþróttamannanna ólíkar hvað varðar hitastig og loftgæði. Auk

þess verður ekki unað við það að svæði frjálsíþróttadeildarinnar verði áfram afar berskjaldað fyrir skemmdarverkum og viðkvæmur búnaður óvarinn utan æfingatíma.

Undanfarin ár hefur Meistaraflokkurinn okkar eingöngu stundað þrekæfingar í Fífunni, allar tækniæfingar fara fram í Kaplakrika, og þar áður í Laugardalshöll. Það hefur í för með sér umtalsverðarn leigukostnað og yngri iðkendur fara á mis við mikilvægar fyrirmyndir sem þau annars gætu liðið upp til. Sú hætta er einnig alltaf fyrir hendi að tryggð iðkenda við félagið sitt minnki þegar félagið getur ekki uppfyllt þarfir þeirra til að stunda sína íþrótt. Því miður höfum við þurft að horfa á eftir flottu íþróttafólki vegna þessa. Þetta er alvarleg staða og hefur stjórn Frjálsíþróttadeildar talsverðar áhyggjur af þessu.

Æfingaaðstaðan utanhúss er talsvert betri, en betur má ef duga skal. Nýtt æfingasvæði bætti ástandið þó nokkuð og hefur reynst vel. Auk þess nýtum við Kópavogsvöll til æfinga yfir sumartímann, sérstaklega hjá eldri iðkendum. Völlurinn er mikið notaður af iðkendum margra deilda félagsins og æfingarnar krefjast skipulags svo ekki komi til árekstra. Þegar gervigras var lagt á Kópavogsvöll vorið 2019 höfðu framkvæmdirnar í för með sér talsvert rask á aðstöðu Frjálsíþróttadeildar. Nú fjórum árum síðar er ekki enn ekki búið að ljúka við viðgerðir. Þegar þessi orð eru skrifuð standa meiri framkvæmdir fyrir dyrum þegar skipta á um gervigras á knattspyrnuvellinum. Það er því von, og krafa, stjórnar að í þetta sinn verði lokið við viðgerðir á hlaupabrautinni í kjölfar framkvæmdanna.

Þá er enn engin keppnisaðstaða í Kópavogi sem stenst kröfur Frjálsíþróttasambands Íslands um Meistaramót. Það er hið versta mál og

hefur deildin oftast en einu sinni misst tækifærið til að halda meistaramót Íslands vegna þess. Það hefur mikil áhrif á fjárhag deildarinnar enda mótahald ein af helstu tekjulindum hennar.

Engu að síður er mögulegt fyrir okkur að halda minni mót og meistaramót í Fjölbrotum á undanþágu. Það verður áframhaldandi verkefni deildarinnar að tryggja frjálsíþróttafólki í Kópavogi viðunandi aðstöður og bestu keppnisáðstöður sem völ er á.



Árangur

Á árinu fagnaði deildin alls 87 Íslandsmeistara- og aldursflokkatitlum. Titlarnir dreifðust á 23 iðkendur auk boðhlaupssveita. Þar að auki fengu iðkendur okkar fjölda viðurkenninga. Og þá eru ótaldar alla bætingar ársins, en þær skipta ekki minna máli en titlar og medalíur.

Fjölbrotakappinn Markús Birgisson hlaut flesta titla en hann varð íslandsmeistari í flokki 16-17 ára alls 14 sinnum á árinu. Hann sigraði í tugþraut utanhúss og sjöþraut innanhúss í sínum aldursflokki 16-17 ára auk þess að taka fjölda titla í stökum greinum



Arnar Pétursson lét einnig til sín taka á árinu en hann hampaði alls átta Íslandsmeistaratitlum í hlaupum allt frá 1500m hlaupi innanhúss upp í maraþon. Auk þess vann hann það fáheyrða afrek að sigra í Reykjavíkur maraþoni og Laugarvegshlaupinu á sama árinu.

Birna Kristín Kristjánsdóttir er ein besta frjálsíþróttakona landsins. Í fyrra tók hún þátt á Smáþjóðaleikunum sem haldnir voru á Möltu. Þar keppti hún í 100m grind og 4x100m boðhlaupi. Birna stökk lengst 6,11m innanhúss á árinu, aðeins 14 cm frá lágmarki á EM U23 sem fer fram 2023.

Guðjón Dunbar Diaquoi Þorsteinsson átti frábært ár. Hann hóf að leggja aðaláherslu á þrístökk síðasta vor og tók miklum framförum í greininni á árinu. Hann er ósigraður með öllu í sínum aldursflokki 16-17 ára, með tvo Íslandsmeistaratitla og er hann þegar farinn að nálgast þá bestu í

fullorðinsflokki. Guðjón tók sig til og sigraði þrístökkskeppnina á Gautaborgarleikunum í Svíþjóð auk þess sem hann tryggði sér farseðilinn á EM U18 í Jerúsalem og NM U20 í Malmö. .

Júlía Kristín Jóhannesdóttir, sjöbrautarkona er jafnframt einn efnilegasti spretthlaupari landsins um þessar mundir. Á árinu vann hún 7 Íslandsmeistararitla í sínum aldursflokki. Júlía Kristín var ein af þremur fulltrúum Íslands á Evrópumóti U18 í Jerúsalem í sumar en það var frumraun hennar á stóra sviðinu sem hún kláraði með miklum sóma.

Bjarni Hauksson gerði það gott í kastgreinum á árinu og er hann með þrjá Íslandsmeistararitla í 18-19 ára flokki í kúluvarpi og kringlukasti á árinu.

Jón Bjarni Bragason, yfirþjálfari meistaraflokks, keppti í kastþraut á Heimsmeistaramóti öldunga og hafnaði þar í öðru sæti.

Þar að auki vann hann 6 Íslandsmeistararitla í sínum aldursflokki. Þar að auki fagnaði fjöldi yngri iðkenda einnig aldursflokkatitlum í ólíkum greinum, bæði innan- og utanhúss.

Breiðablik sigraði stigakeppni félaga á Íslandsmótum í þremur aldursflokkum á árinu: -13 ára piltar innanhúss
-16-17 ára piltar innanhúss
-16-17 ára stúlkur utanhúss

Arnar Pétursson og Júlía Kristín Jóhannesdóttir voru kjörin frjálsíþróttamaður og kona Breiðabliks undir lok árs. Arnar var svo einnig kjörinn Íþróttamaður ársins hjá Breiðabliki. Á uppskeruhátíð deildarinnar voru efnilegustu unglingarnir okkar heiðraðir, en í ár

kom sá heiður í hlut Bjarneyjar Hermannsdóttur og Samúels Arnar Sigurvínssonar.

Frjálsíþróttasambandið veitti þremur Blikum viðurkenningu á uppskeruhátíð sambandsins:

- Jón Bjarni Bragason fékk viðurkenningu fyrir besta afrek karla 30+.
- Arnar Pétursson var valinn utanvegahlaupari ársins.
- Guðjón Dunbar D. Þorsteinsson var valinn frjálsíþróttanglingur ársins.

Landsliðsverkefni

Líkt og undanfarin ár tók afreksfólkið okkar þátt í ýmsum landsliðsverkefnum á árinu. - Arnar Pétursson keppti á Norðurlandamóti U20 í víðavangshlaupi í Kristianssand í Noregi.

- Birna Kristín Kristjánsdóttir keppti í 100m grindarhlaupi á smáþjóðaleikunum á Möltu.

- Bjarni Hauksson keppti í kringlukasti á Norðurlandamóti U20 í Malmö.

- Guðjón Dunbar Diaquoi Þorsteinsson keppti í þrístökki á Evrópumóti U18 í Jerúsalem og einnig á Norðurlandamóti U20 í Malmö.

- Jón Bjarni Bragason keppti í kastþraut á Heimsmeistaramóti öldunga.

- Júlía Kristín Jóhannesdóttir keppti í 100m grindarhlaupi á Evrópumóti U18 í Jerúsalem

- Markús Birgisson keppti í tugþraut á NM í Finnlandi.



Úrvalshópur FRÍ

Árlega velur Frjálsíþróttasamband Íslands nokkur efnileg ungmenni í úrvalshóp 19 ára og yngri. Ná þarf fyrirfram ákveðnum lágmörkum í hverri grein til að tryggja sér pláss.

Á árinu 2022 áttum við Breiðablik 9 fulltrúa í hópnum. Þetta eru þau:

- Bjarni Hauksson
- Elizabet Rún Hallgrímsdóttir
- Guðjón Dunbar Diaquoi Þorsteinsson
- Júlía Kristín Jóhannesdóttir
- Katla Margrét Jónsdóttir
- Leó Þór Magnússon
- Markús Birgisson
- Róbert Elí Árnason
- Þorleifur Einar Leifsson

Mótahald

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks tekur að sér margvísleg verkefni tengd íþróttinni og er mótahald er ein helsta tekjulind félagsins.

- Á árinu 2022 hélt Breiðablik Meistaramót Íslands 11-14 ára innanhúss. Mótið var haldið í Laugardalshöll og var framkvæmdin öll hin glæsilegasta.

- Haldið var vormót fyrir yngstu iðkendurnar á nýja æfingasvæðinu okkar í júní. Mótið var vel sótt og endaði á

uppskeruhátíð og grillveislu fyrir börnin og foreldra þeirra.

- Í júlí hélt Breiðablik svo Meistaramót Íslands í Fjölbrotum og samhliða því Meistaramót Íslands í 10.000m hlaupi á braut.

Það er ljóst að starf deildarinnar gengi ekki upp án aðkomu sjálfboðaliða. Margir í baklandi Frjálsíþróttadeildar eru alltaf tilbúnir að leggja sitt af mörkum þegar á þarf að halda og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það

Önnur verkefni

Frjálsíþróttadeildin tók sér ýmislegt fyrir hendur sem ekki tengist mótahaldi.

Í september var Brekkuhlaup Breiðabliks haldið í annað sinn. Hlaupið er samstarfsverkefni Frjálsíþróttadeildar og Hlaupahóps Breiðabliks og að þessu sinni gekk verslunin Útilíf til samstarfs við okkur og heitir hlaupið nú Brekkuhlaup Breiðabliks og Útilífs. Keppendur voru um 150 talsins. Í 15 km hlaupinu sigruðu þau Helga Erlingsdóttir og Adrian Graczyk. Í 5 km hlaupinu sigruðu þau Guðrún Lilja Jónsdóttir og Thijs Kreukels.

Á þjóðahátíðardaginn héldum við hlaup fyrir börn bæjarins líkt og undanfarin ár. Hlaupið er hluti af hátíðardagskrá Kópavogsbæjar og var einkar vel sótt þetta árið og mikil ánægja með framkvæmdina.

Þá hafði deildin veg og vanda af bílastæðavörslu við Fífuna á kjördag í sveitastjórnarkosningum síðastliðið vor eins og venja er. Auk þess sem við tókum þátt í bílastæðavörslu vegna Sjávarútvegssýningarinnar í júní

Hjartadagshlaupið var haldið 24 september. Í ár voru keppendum um

150 talsins og Forseti Íslands var þar á meðal.

Sigurvegarar Hjartadagshlaupsins voru Nick Gísli Janssen og Guðný Petrína Þórðardóttir.

Í nóvember bauð deildin iðkendum meistaraflokks upp á námskeið með Ásdísi Hjálmsdóttur, spjótkastara og Ólympíufara. Fyrirlesturinn var vel sóttur og Ásdís veitti góðan innblástur og fræðslu um jákvætt hugarfar, markmiðssetningu og árangur fyrir afreksíþróttafólk.

Heiðursveitingar

Líkt og undanfarin ár voru nokkrir sjálfboðaliðar deildarinnar heiðraðir.

Þar stendur upp úr að Magnús Jakobsson var sæmdur Fálkaorðu á þjóðhátíðardaginn fyrir framlag sitt til frjálsíþróttahreyfingarinnar í landinu um áratugaskeið.

Alberto Borges var sæmdur Gullmerki FRÍ í maí sl. Við sama tækifæri var Áslaug Pálsdóttir Ragnheiðardóttir sæmd Bronsmerki FRÍ. Áslaug fékk einnig Silfurmerki Breiðabliks á aðalfundi félagsins í maí.

Viðauki- Íslandsmeistarar Breiðabliks 2022:

Markús Birgisson	Sjöþraut 16-17 ára innanhúss	4421 stig
	400 metra hlaup 16-17 ára innanhúss	53,77 sek
	800 metra hlaup 16-17 ára innanhúss	2:22,50 mín
	60 m grindarhlaup 16 -17 ára innanhúss	8,81 sek
	Hástökk 16-17 ára innanhúss	1,84 m
	Langstökk 16-17 ára innanhúss	6,26 m
	Stangarstökk 16-17 ára innanhúss	3,20 m
	100 metra hlaup 16-17 ára utanhúss	11,45 sek
	110 m. grindarhlaup 16-17 ára utanhúss	15,19 sek
	Hástökk 16-17 ára utanhúss	1,75 m
	Langstökk 16-17 ára utanhúss	6,44 m
	Stangarstökk 16-17 ára utanhúss	3,70 m
	Kringlukast 16-17 ára utanhúss	36,60 m.
	Tugþraut 16- 17 ára utanhúss	5999 stig
Júlía Kristín Jóhannesdóttir	fimmtarþraut 16-17 ára innanhúss	3463 stig
	100 metra hlaup 16-17 ára utanhúss	12,52 sek
	200 metra hlaup 16-17 ára utanhúss	26,39 sek
	110 m grindarhlaup 16-17 ára utanhúss	14,81 sek
	Hástökk 16-17 ára utanhúss	1,54 m
	Langstökk 16-17 ára utanhúss	5,33 m
	Spjótkast 16-17 ára utanhúss	35,92 m
Arnar Pétursson	1500 metra hlaup karla innanhús	4:06,12 mín
	3000 metra hlaup karla innanhúss	8:50,48 mín
	3000 metra hindrunarhlaup karla utanhúss	9:59,54 mín
	10.000 metra hlaup karla utanhúss	32:28,98 mín
	Maraðon karla	2:35:18 klst
	Viðavangshlaup karla (8km)	29:43 mín
	5 km götuhlaup karla	15:24 mín
	10 km götuhlaup karla	31:40 mín
Sindri Magnússon	Stangarstökk Karla innanhúss	4,22 m.
Patrekur Ómar Haraldsson	600 metra hlaup 13 ára innanhúss	1:49,21 mín
	800 metra hlaup 13 ára utanhúss	2:31,10 mín

	2000 metra hlaup 13 ára utanhúss	8:05,91 mín
	Víðavangshlaup 13-14 ára	
Jacques R.S. Borges Schmitt	Langstökk 13 ára innanhúss	5,28 m
Samúel Örn Sigurvinsson	Kúluvarp 13 ára innanhúss	10,80m
	Kúluvarp 13 ára utanhúss	11,43 m
Bryndis María Jónsdóttir	600 m hlaup 12 ára innanhúss	1:58,09 mín
	400 m hlaup 12 ára utanhúss	70,93 sek
Bjarney Hermannsdóttir	60m grindarhlaup 14 ára innanhúss	10,47 sek.
	Kúluvarp 14 ára innanhúss	9,77 m
	Kúluvarp 14 ára utanhúss	8,84 m
	Spjótkest 14 ára utanhúss	30,17 m
Eyrún Svala Gústavsdóttir	60 metra hlaup 11 ára utanhúss	9,43 sek
	400 m hlaup 11 ára utanhúss	67,93 sek.
Stefán Kári Smáráson	1500 metra hlaup 18-19 ára innanhúss	4:36,27
	3000 metra hlaup 20-22 ára innanhúss	9:53,47
Guðjón Dunbar Diaquoi	Þrístökk 16-17 ára innanhúss	13,44 m
	Þrístökk 16-17 ára utanhúss	14,05 m
Róbert Elí Árnason	Kúluvarp 16-17 ára innanhúss	12,84 m
	Sleggjukast 16-17 ár utanhúss	29,84 m
Bjarni Hauksson	Kúluvarp 18-19 ára innanhúss	13,77m
	Kúluvarp 18-19 ára utanhúss	14,90 m
	Kringlukast 18-19 ára utanhúss	39,99 m
Elísabet Ósk Jónsdóttir	60 metra hlaup 18-19 ára innanhúss	8,27 sek.
	200 metra hlaup 18-19 ára innanhúss	27,68 sek
	400 metra hlaup 18-19 ára innanhúss	65,11 sek
	Þrístökk 18-19 ára innanhúss	10,17 m
	100 metra hlaup 18-19 ára utanhúss	13,34 sek
	200 metra hlaup 18-19 ára utanhúss	29,13 sek
	Þrístökk 18-19 ára utanhúss	9,72 m
Veronika Örð Passaro	800 metra hlaup 16-17 ára innanhúss	3:00,35 mín
Jada Birna Long Guðnadóttir	Stangarstökk 16-17 ára innanhúss	2,10 m
	Stangarstökk Kvenna utanhúss	2,53 m.
Bergur Hallgrímsson	60 metra hlaup 35-39 ára innanhúss	7,55 sek

	200 metra hlaup 35-39 ára innanhúss	23,79 sek
	400 metra hlaup 35-39 ára innanhúss	53,71 sek
	800 metra hlaup 35-39 ára innanhúss	2:16,92 mín
Jón Bjarni Bragason	Kúluvarp 50-55 ára innanhúss	13,72 m
	Kúluvarp 50-55 ára utanhúss	13,85 m
	Kringukast 50-55 ára utanhúss	47,79 m
	Sleggjukast 50-55 ára utanhúss	49,93 m
	Spjót kast 50-55 ára utanhúss	35,31 m
	Lóðkast 50-55 ára utanhúss	18,00 m
Stefán Ragnar Jónsson	Kringlukast 45-49 ára utanhúss	37,60m
	Sleggjukast 45-49 ára utanhúss	34,29 m
	Lóðkast 45-49 ára utanhúss	9,54 m
Benedikt Bjarnason	60 metra hlaup 85-89 ára innanhúss	13,12 m
	Kúluvarp 85-89 ára innanhúss	7,77 m
Guðrún Fjóra Ólafsdóttir	400 m grindarhlaup 16-17 ára utanhúss	70,65 sek
Andrea Odda Steinþórsdóttir	Kringlukast 15 ára utanhúss	31,29 m
	Sleggjukast 15 ára utanhúss	25,44 m
Sveit Breiðabliks	4x200 metra boðhlaup 13 ára pílta innanhúss	1:55,68 mín
	4x200 metra boðhlaup 16-17 ára stúlkna innanhúss	1:56,68 mín
	4x100 metra boðhlaup 13 ára pílta utanhúss	56,20 sek
	4x100 metra boðhlaup 16-17 ára stúlkna utanhúss	52,04 sek

Ársskýrsla Hjólreiðadeildar Breiðabliks

Ágrip

Í upphafi árs 2022 var COVID ennþá að hrella okkur en eftir því sem leið á árið þá dró úr þeim truflunum og vonum við að þau mál séu alfarið að baki.

Góður hópur þjálfara undir forystu Hákonar Hrafnsheldur utan um iðkendur, 15 þjálfarar skipta á milli sín inniæfingum í Sporthúsinu og hefur partur af þeim hóp plús nokkrir vel valdir komið að útiþjálfun yfir sumartímenn. Deildin hefur auk þess verið með keppnishópa karla og kvenna og eru Guðmundur Sveinsson og Krístrún Lilja Daðadóttir í forsvari fyrir þá. Þjálfarar hafa haldið áfram að bæta við sig kunnáttu og bættu nokkrir við sig UCI þjálfaranámskeiðum í fyrra auk þess sem boðið var upp á skyndihjálparnámskeið.

Fyrir páska var farið í tveimur hópum í æfingaferð til Calpe á Spáni og heppnuðust þær ferðir mjög vel og var mikil ánægja meðal þeirra sem í þær fóru.

Að vanda héldum við kynningarfund fyrir félagsmenn og tilvonandi félagsmenn 31. ágúst í Smáranum.

Vegleg uppskeruhátíð var haldin í Guðmundarlundi 15. október sem var að venju frábær skemmtun með guðdómlegum mat. Á uppskeruhátíðinni voru iðkendur verðlaunaðir fyrir árangur sumarsins



og voru Ingvar Ómarsson og Björg Hákonardóttir valin hjólreiðafólk deildarinnar.

Allt frá 27. ágúst 2021 hefur vikulega verið haldið úti Morgunhjóli meistaranna sem felst í samhjóli frá Smáranum á föstudagsmorgnum kl. 7.10 þar sem hjólaður er sami hringurinn í hvert sinn og endað í kaffi og snúð á Brikk á Kársnesinu. Það eru allir félagsmenn velkomnir og beinlínis hvattir til að mæta. Einstaka viðburður hefur verið felldur niður vegna veðurs eða skyldubundinnar hvíldar.

Stjórn

Aðalfundur Hjólreiðadeildarinnar fyrir árið 2022 var haldinn 7. mars 2022 og litaðist af covid þar sem verðandi formaður og fleiri voru smitaðir á þessum tíma. Á fundinum voru eftirfarandi aðilar kosnir í stjórn deildarinnar:

- Jón Ingi Sveinbjörnsson, formaður
- Sveinn Jónsson, varaformaður
- Sigurrós Halldórsdóttir, ritari
- Kolbrún Arnardóttir, gjaldkeri
- Hákon R. Jónsson, meðstjórnandi
- Hákon Hrafn Sigurðsson, varamaður
- María Sæm Bjarkardóttir, varamaður

Stjórnin hittist á um það bil 12 fundum á tímabilinu og allir nema einn á Teams. Einnig var mjög reglulegt samtal innan stjórnar á Messenger

Iðkendur

Eftir að hafa vaxið gríðarlega síðustu

ár þá hefur fjöldi iðkenda dregist örlítið saman á tímabilinu. Erum við með 159 sem æfa með okkur inn í Sporthúsinu og úti, 25 sem taka inniæfingar heima og útiæfingar með stóra hópnum. Sem félagsmenn eru 17 skráðir.

Þá héldum við úti hópi síðasta vor sem kallaðist Maístjörnunar sem í voru byrjendur, en Elsa María leiddi þann byrjendahóp um göturnar og kenndi grunnatriðin í hjólamennsku.

Sumarið 2022 var boðið upp á sumarnámskeið þar sem 25 skráðu sig og hafa nokkrir úr þeim hópi haldið áfram að hjóla með deildinni eftir að sumarnámskeiðinu lauk.

Í félaginu er breiður hópur fólks, allt frá þeim sem vilja stunda smá hreyfingu í góðum félagsskap og upp í harðasta keppnisfólk.

Aðstaða

Hjólreiðadeildin hefur ekki haft inniaðstöðu á vegum Breiðabliks og hefur því haft vetraraðsetur í Sporthúsinu í Kópavogi síðastliðin ár. Þar hefur í sameiningu með Sporthúsinu verið komið upp nokkuð góðum sal þar sem notast er við Life Fitness IC8 hjól og er helmingur þeirra í eigu deildarinnar.

Einnig hefur deildin haldið úti einum Foamflex tíma á viku í sal í Sporthúsinu.

Styrktaræfingar í upphafi vetrar fóru fram í líkamsræktarstöðinni Afrek og sáu þjálfarar á vegum stöðvarinnar um þjálfun okkar iðkenda.

Á sumrin er æfingaaðstaða deildarinnar að mestu hjólastígar og götur borgarinnar og næsta nágrenni höfuðborgarinnar. Einnig hefur verið komið upp glæsilegri fjallahjólabraut í Guðmundarlundi.

Mótahald

Mótahaldi deildarinnar var stýrt af öflugri mótanefnd sem skipuð af eftirfarandi aðilum:

- Andri Már Helgason formaður
- María Sæm Bjarkardóttir
- Sveinn Jónsson
- Anna Kristín Sigursteinsdóttir
- Halldór Valgeirsson
- Hákon Davíð Halldórsson

Anna Kristín og Halldór hafa kvatt mótanefndina, alla vega í bili, og kunnum við þeim kærar þakkir fyrir þeirra framlag. Auk þess fékk mótanefnd góða aðstoð frá hópi sjálfboðaliða og þökkum við þeim einnig kærlega fyrir vel unnin störf.

Vortímataka Breiðabliks var fyrst á dagskrá 5. maí og voru 50 keppendur skráðir til leiks sem er samdráttur frá því sem áður var en verður samt að teljast nokkuð gott miðað við sambærileg mót þetta sumarið. Haldið var vel lukkað fjallahjólamót (XCO) í Guðmundarlundi 19. maí á braut sem félagar deildarinnar hafa lagt blóð, svita og tár í að byggja upp og eiga þeir miklar þakkir fyrir starfið. Götuhjólamótið Jökulmílan var svo haldið 4. júní og voru skráðir 72 keppendur. Framkvæmd gekk mjög vel en hefði verið gaman að fá fleiri keppendur en þessi fjöldi rímaði vel við það sem var að gerast í götuhjólamótum sumarsins, töluverð fækkun frá því sem áður var.

Grefillinn, nýtt gravel mót rak svo lestina og var haldinn í annað skiptið þann 20. ágúst í Borgarfirði og heppnaðist nokkuð vel þó veðurguðirnir hafi ekki alveg verið með okkur í liði. Mót sem á vafalaust framtíðina fyrir sér og verður gaman að fylgjast með vaxa og dafna.

Árangur

Nokkur hópur Blika var duglegur að keppa í sumar og átti gott keppnissumar. Örlítið hefur fækkað í hópi þeirra sem keppa og munum við vonandi sjá aftur aukningu í því.

Björg Hákonardóttir og Ingvar Ómarsson sem kjörin voru Hjólreiðafólk ársins hjá Breiðablik áttu flott sumar og er hér smá yfirlit yfir árangur þeirra.

Björg varð Íslandsmeistari í cyclocross 2022. Hún er mjög fjölhæfur hjólari og keppti í götuhjólreiðum, fjallahjólreiðum og cyclocross. Hún lenti í óhappi á hjólinu í sumar sem kom í veg fyrir þátttöku hennar í 2 mánuði en kom svo sterk inn aftur í haust í cyclocross keppnirnar og stefnir á enn betri árangur á næsta ári. Þar að auki er Björg einstaklega hógvær og góður félagi.

Ingvar varð sexfaldur Íslandsmeistari á síðasta ári sem er afrek sem er erfitt að sjá að nokkur muni ná að leika eftir á næstunni. Ingvar einbeitir sér þó að

krefjandi keppnum í maraþonfjallahjólreiðum erlendis og náði hæst á topp 50 á stigalista UCI, Alþjóðahjólreiðasambandsins í þeirri grein á árinu. Fyrir utan UCI stigamótin erlendis þá keppti Ingvar einnig á Evrópumeistaramótinu í maraþon fjallahjólreiðum, tímatöku og götuhjólreiðum og á heimsmeistaramótinu í maraþon fjallahjólreiðum. Ingvar hefur fært keppnishjólreiðar á Íslandi upp um mörg stig og rutt brautina fyrir framtíðarhjólara landsins.

Fyrir hönd stjórnar Hjólreiðadeildar Breiðabliks
Jón Ingi Sveinbjörnsson, Formaður



Ársskýrsla Karatedeildar Breiðabliks



Samantekt

Aðalfundur deildarinnar fór fram 19. Apríl 2022. Stjórn deildarinnar 2022 samanstóð af Sigþóri Samúelssyni, formaðni, Gauk Garðarssyni, ritari, Auði Ester Guðlaugsdóttur gjaldkera og meðstjórnenda Hlyn Torfa Traustasyni. Stjórnarfundir voru haldnir eins og þurfa þótti og verkaskipting var með ágætum.

Vorönn hófst 10. Janúar og stundataflan nokkuð viðameiri en áður. Ekki var mikið um nýliðun í byrjun árs og brottfallið reyndist töluvert á vorönn. Fjölmargir krakkar tóku þátt í karaténámskeiðum á vegum Kópavogsbæjar sem haldin eru yfir sumarið í Smáranum. Það rættist hressilega úr á haustönn því nýliðun var með betra móti og í lok annarinnar voru 127 á skrá – 47 börn, 57 unglingar og 23 fullorðnir, jafnmargir og árið þar á undan.

Hvað þjálfara varðar stendur deildin mjög vel með 10 reynda þjálfara sem allir eru allir svartbeltingar. Þar að auki erum við með 7 réttindadómara sem

hafa sinnt dómgæslu á mótum, 2 sjálfboðaliða í mótanefnd Karatesambands Íslands og einn fulltrúa í stjórn Karatesambands Íslands.

Árangur iðkenda hér heima á árinu telur 2 gull, 20 silfur, 51 brons og svo stigabikarinn eftirsóknarverða sem er veittur því félagi sem stendur sig best á Íslandsmóti fullorðinna í kata.

Fjárhagsleg staða deildarinnar er sterk og má sjá á uppgjöri ársins að starfsemin er að taka við sér að mestu leiti en ekki öllu. Kostnaður vegna þjálfunar er stöðugur milli ára og kostnaðarliðir sem tengjast aukinni virkni, t.d. þátttaka í mótum aukast í takt við opnanir og afnám hafta. Árið endar nokkurn veginn á pari þrátt fyrir góða nýliðun að hausti og má það rekja að miklu leiti til lélegrar nýliðunar á vorönn.

Aðstöðumál eru tíðrædd og ljóst að samkeppnin um salina og árekstrar munu aukast jafnt og þétt því samkomur, fermingarveislur, fundir og annað slíkt er komið á fulla ferð á ný.

Þrátt fyrir mörg samtöl, góðan vilja og mikinn áhuga erum við á sama stað og við vorum í fyrra....og árin þar á undan. Annað sem má tína til er skortur á upplýsingum um fjárhagsstöðu deildarinnar hverju sinni sem hamlar allri ákvörðunartöku um útgjöld. Það er sama upp á teningunum þar í þeim efnum, erum enn á sama stað - þrátt fyrir óskir um annað.

Í það heila má segja að staða deildarinnar sé sterk – fjárhagslega, hvað þjálfara varðar, flottum hópi sjálfböðaliða, góðum hópi iðkenda og þeim árangri sem þeir náðu á árinu. Svartbeltingum fjölgaði um 2, Villi kominn með 4. Dan og svo erum við með nokkra góða fulltrúa í landsliði Íslands í Kata.

Fyrir hönd stjórnar,
Sigbór Samúelsson
Formaður

2022

Árið byrjaði á útnefningum og voru Tómas Pálmar Tómasson og Móey María Arey Amalía Sigþórsdóttir McClure valin karatekarl og karatekona Breiðabliks fyrir árið 2021. Íþróttahátíð Kópavogs var haldin nokkru síðar og fengu Samúel Týr Sigþórsson McClure og Arey Amalía Sigþórsdóttir McClure viðurkenningu fyrir góðan árangur í karate árið 2021 flokki 13-16 ára.

Reykjavík International Games

Eins og alltaf voru karatemót og viðburðir fyrirferðarmiklir á árinu. Keppnistímabilið hóst laugardaginn 28.janúar á Reykjavík International Games og uppskeran 4 silfur og 3 brons.

Íslandsmót Karatesambands Íslands í kata

Íslandsmót Karatesambands Íslands fór fram í Hagaskóla þann 20.mars. Óvenju fjölmennt mót og að venju áttum við Blikar marga keppendur, starfsmenn og dómara á mótinu. Keppt var í einstaklings og liðakeppni í kata karla og kvenna. Móey María Sigþórsdóttir McClure átti frábæran dag og endaði sem tvöfaldur Íslandsmeistari í einstaklings- og liðakeppni í kata með Guðbjörgu Birtu Sigurðardóttur og Natalíu Ýr Hjaltadóttur. Frábær árangur hjá þessari framúrskarandi karatekonu og fyrirmynd sem hún er öðrum iðkendum.

Margir Karateblikar áttu góðan dag, uppskeran 2 gull, 2 silfur og 3 brons. Að auki var Karatedeild Breiðabliks stigahæst á mótinu og hinn eftirsótti félagsbikar varð okkar árið 2022.

Íslandsmeistaramót unglunga og barna

Íslandsmeistaramót unglunga og barna fór fram helgina 26. og 27. Mars hjá okkur í Smáranum. Fjölmargir keppendur Blikar tóku þátt og stóðu sig afskaplega vel eins og svo oft áður. Uppskeran var 1 gull, 5 silfur og 12 brons.

Bikarmót Karatesambands Íslands

Karatesamband Íslands stendur fyrir bikarmótum fullorðinna og GrandPrix bikarmótum fyrir unglunga. Venjulega eru þetta mótaráðir og gefin stig fyrir verðlaunasæti og svo þegar árið er liðið eru stigin talin saman og veitt viðurkenning fyrir samanlagðan árangur á mótunum.

Hér fyrir neðan eru m.a. þeir Blikar sem hlutu verðlaun á uppskeruhátíð sambandsins:

Gráðun iðkenda

Að venju þreyttu margir iðkendur gráðun á bæði haustönn og vorönn. Gráðun er ákveðið próf sem þarf að standast til þess að fá nýtt belti. Að venju var mikið um fjör og allir stóðu sig af stakri þryði.

Stelpur í karate

Móey María, Guðbjörg Birta og Natalia Ýr hafa haft frumkvæði að því að vera með sérstakar karateæfingar fyrir stelpur. Um er að ræða sérstakan viðburð þar sem stelpum á öllum aldri er boðið að taka þátt í æfingum, sprelli og pizzuveislu.

WTKO Summer Camp 2022

WTKO Summer Camp æfingabúðirnar voru haldnar í Smáranum 4.-7. Ágúst og mætust vel fyrir. Um er að ræða árlegan viðburð WTKO sem eru heimssamtök þeirra karategreinar sem Breiðablik er aðili að. Hingað komu um 60 erlendir gestir og fjölmargir frá Breiðablik, Þórshamri og Karatefélagi Akranes.

Árangur á mótum

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir þá Blika sem unnu til verðlauna 2022.

<u>Iðkandi</u>	<u>Kata / Kumite</u>	<u>Mót</u>	<u>Flokkur</u>	<u>Dagsetning</u>	<u>Árangur</u>
Anna Lilja, Arna Kristín, Brynja Mjöll	Hópkata	ÍMU	12-13 ára	2.4.2022	2
Arey Amalía, Elísabet Inga, Sigrún Eva Þór	Hópkata	ÍMU	16-17 ára	2.4.2022	3
Aron Páll, Viktor Yngvi Vilhjálmur	Hópkata	ÍMU	14-15 ára	2.4.2022	3
Aron, Jói, Tómas Aron	Hópkata	ÍMF	senior	20.3.2022	2
Birgir Gauti, Hákon og Carl	Hópkata	ÍMF	senior	20.3.2022	3
Móey, Guðbjörg og Natalia	Hópkata	ÍMF	senior	20.3.2022	1
Róbert Dennis, Samúel Týr, Þorgeir Atli	Hópkata	ÍMU	16-17 ára	2.4.2022	2
Róbert, Samúel og Þorgeir	Hópkata	ÍMF	senior	20.3.2022	3

<u>Iðkandi</u>	<u>Kata / Kumite</u>	<u>Mót</u>	<u>Flokkur</u>	<u>Dagsetning</u>	<u>Árangur</u>
Anna Lilja Bjarnadóttir	Kata	ÍMU	13 ára	2.4.2022	3
Arey Amalía Sigbórsdóttir McClure	Kata	ÍMU	14 ára	2.4.2022	2
Arey Amalía Sigbórsdóttir McClure	Kata	RIG	kata 13 ára	30.01.2022	3
Arna Kristín Arnarsdóttir	Kata	ÍMU	13 ára	2.4.2022	2
Birgir Gauti Kristjánsson	Kata	RIG	Cadet	30.01.2022	3
Brynja Mjöll Gautadóttir	Kata	ÍMU	13 ára	2.4.2022	3
Elisabet Inga Helgadóttir	Kata	ÍMU	15 ára	2.4.2022	2
Elisabet Inga Helgadóttir	Kata	RIG	kata cadet	30.01.2022	3
Móey María Sigbórsdóttir McClure	Kata	ÍMF	Senior	20.3.2023	1
Móey María Sigbórsdóttir McClure	Kata	RIG	senior	30.01.2022	3
Róbert Dennis Solomon	Kata	ÍMU	16 og 17 ára	2.4.2022	3
Róbert Dennis Solomon	Kata	RIG	Junior	30.01.2022	2
Samúel Týr Sigbórsson McClure	Kata	ÍMU	16 og 17 ára	2.4.2022	3
Samúel Týr Sigbórsson McClure	Kata	RIG	Junior	30.01.2022	3
Sigrún Eva Magnúsdóttir Þór	Kata	ÍMU	15 ára	2.4.2022	2
Tómas Aron Gíslason	Kata	ÍMF	Senior	20.3.2022	3
Tómas Aron Gíslason	Kata	RIG	Senior	30.01.2022	3
Tómas Pálmar Tómasson	Kata	ÍMF	Senior	20.3.2022	2
Tómas Pálmar Tómasson	Kata	RIG	Senior	30.01.2022	2
Vilhjálmur Vilhjálmsson	Kata	ÍMU	12 ára	2.4.2022	3
Þorgeir Atli Kárasen	Kata	RIG	Junior	30.01.2022	3

Iðkendur

Framboð af sambærilegum sem og öðrum íþróttagreinum er töluvert. Við höfum auglýst í bæði hverfisblöðum og samfélagsmiðlum.

- Karateskóli og börn byrjendur – tiltölulega fáir úr þessum hópum sem skila sér inn í barnaflokkana.
- Aðstaða – margir flokkar orðnir mjög stórir og takmarkað hvernig við getum unnið úr því í núverandi aðstöðu og má rekja ákveðinn hluta brottfalls til aðstöðunnar.
- Unglingsárin – vel þekkt að hluti hættir á unglingsárunum. Nýliðun í unglingshóp á haustönn var óvenju góð.

Iðkendur í landsliði

Eftirfarandi iðkendur tóku þátt þátt í verkefnum með landsliði Íslands á árinu:

- Móey María Sigþórsdóttir McClure
- Tómas Pálmar Tómasson
- Samúel Týr Sigþórsson McClure

Arey Amalía Sigþórsdóttir McClure var einnig boðið að æfa með landsliðinu til reynslu.

Þjálfarar

Höfum áfram yfir góðum og vel menntuðum hóp þjálfara að skipa.

- Vilhjálmur Þór Þóruson, yfirþjálfari, 4. dan og Kenshusei
- Móey María Sigþórsdóttir McClure, 1. dan

- Jóhannes Felix Jóhannesson 1. dan
- Guðbjörg Birta Sigurðardóttir 1. dan
- Natalía Ýr Hjaltadóttir 1. dan
- Magnús Eyjólfsson, 2. dan
- Hlynur Bjarnason, 1. dan
- Tómas Aron Gíslason, 1. dan
- Samúel Týr Sigþórsson McClure, 1. dan.
- Aron Breki Heiðarsson, 2. dan

Það skiptir sköpum að halda áfram að byggja upp góðan kjarna af þjálfurum því framundan eru áskoranir sem fylgja fjölgun iðkenda og ört stækkandi flokkum.

Sjálfboðaliðar

Gaukur Garðarsson og Auður Ester Guðlaugsdóttir hafa verið í mótanefnd Karatesambands Íslands undanfarin ár og tekið þátt í undirbúning og framkvæmd móta á vegum sambandsins. Sigþór Samúelsson hefur setið í stjórn sambandsins undanfarin ár.



Dómarar

Taflan hér fyrir neðan inniheldur þá dómara sem hafa dæmt fyrir hönd félagsins

<u>Nafn</u>	<u>Komite réttindi</u>	<u>Gildir til</u>	<u>Kata réttindi</u>	<u>Gildir til</u>
Aron Breki Heiðarsson	A-meðdómari	11.2025	A-dómari	04.2024
Jóhannes Felix Jóhannesson	B-dómari	11.2025	A-dómari	04.2025
Helgi Jóhannesson	EKF Referee- A	03.2026	EKF Judge-A	03.2026
Hákon Garðar Gauksson	—	—	B-dómari	04.2025
Hlynur Bjarnason	B-meðdómari	11.2024	—	—
Móey María Sigbórsdóttir McClure	—	—	A-dómari	05.2024
Tómas Pálmar Tómasson	—	—	B-dómari	01.2023

Ársskýrsla Knattspyrnudeildar Breiðabliks



Starf knattspyrnudeildar undanfarið starfsár hefur verið afar viðburðaríkt og í mörgu að snúast. Ég held að við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir því hversu fjölbreytt og margþætt starfið er og sá aragrúi verkefna sem sinnt er hér á hverjum degi.

Á aðalfundi 2021 voru kosnir í stjórn knattspyrnudeildar Flosi Eiríksson formaður, Helgi Aðalsteinsson, varaformaður, Birna Hlín Káradóttir, ritari, Halldór Arnarsson, gjaldkeri, Bjarni Bergsson, form. Mkkk., Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir mfl. Kvenna og Jóhann Þ. Jónsson form. BUR.

Samstarfið í stjórninni hefur verið afar gott og vil ég byrja á að þakka samstjórnarmönnum fyrir afar gott samstarf.

Þegar þessi stjórn tók við var meistaraflokkur kvenna í Meistarakeppni Evrópu með öllum þeim verkefnum sem því fylgdi, það er ástæða til að þakka meistaraflokksráði kv. Fyrir alla þá vinnu sem fylgdi heima- og útileikjum,

- Leikurinn heima í snjónum við Real Madrid er ógleymanlegur og fleira úr þessari þátttöku – Öll þessi reynslu nýtist okkur við áframhaldi uppbyggingu.

Í sumar spilaði liðið til úrslita í Mjólkurbikarnum, tók þátt í evrópukeppni og endaði í þriðja sæti í deildinni. Við vitum öll að liðið missti mikið af leikmönnum á tímabilinu og síðan settu meiðslu nokkuð strik í reikninginn. Sumarið var um margt gott og ég veit að við öll munum leggjast á árar í vetur að undirbúa næsta sumar og gera enn betur. Mikilvægt er í því efni að horfa til framtíðar og byggja upp okkar starf með skipulögðum hætti.

MFL. Karla

Meistaraflokkur karla var Íslandsmeistari árið 2022. Það þarf ekki að hafa mörg orð um hvað það var frábært – auk þess lék liðið til undanúrslita í Mjólkurbikarnum og náði frábærum árangri í Evrópukeppninni. Strákarnir voru

efstir í deildinni allt tímabilið og unnu mótið með yfirburðum. Á bak við þennan árangur býr gríðarleg vinna leikmanna, þjálfara og annara sem standa í kringum liðið. Sá agi og dugnaður sem þeir hafa sýnt er okkur öllum til eftirbreytni. Auk þess sem þeir spiluðu langskemmtilegasta fótboltann í deildinni og glöddu okkur með snilldartilprifum á vellinum. En það sem gleður líka er framganga þeirra innan vallar sem utan, sem var til fyrirmyndar (fá rauðspjöld) og sjá þá fagna titlinum í hópi yngri iðkenda félagsins fyrir fulla stúk sýnir svo vel hvernig félag Breiðablik er og vil vera. Á næsta ári viljum við ná lengra í ýmsum skilningi.

Barna og unglingaráð – 1700 iðkendur sem allir eiga rétt á þjónustu og leikjum við sitt hæfi, aðstöðumálin setja okkur þar skorður og er það eitt af því sem við erum að vinna í en það er eilífðarverkefni.

Símamótið sem er að mörgu leyti flagskip félagsins, tókst frábærlega og magnað að sjá það koma svo stekrt til baka að loknu Covid - mótið er núna komið af þolmörkum og er það góð ákvörðun hjá Bú að þynna ekki út mótið – mér finnst vera dæmi um það sem við hjá Breiðabliki eigum að standa fyrir



Á árinu var samið við Nike um búninga fyrir félagið og munum við jafnframt opna búð á komandi ári í húsnæði félagsins þar sem búningar verða til sölu

Aðstöðumálin eru í sífelldri deiglu og þar vinum við þétt með aðalstjórn félagsins á næsta ári verður vonandi ráðist í að Skipta um gervigras á aðalvelli félagsins og ýmisa fleiri framkvæmda.

Framtíð deildarinnar er björt, verkefnin eru óteljandi framundan, þakka Eysteini P. Og öllu starfsfólki fyrir frábært samstarf á árinu.

Ársskýrsla Kraftlyftingadeildar Breiðabliks



Daníel Geir Einarsson, meðstjórnandi
Helgi Hauksson, varamaður
Helgi Magnússon, varamaður

Stjórnin hélt tvo bókaða stjórnarfundir og nýtti samskiptaforrit þess á milli til að ræða málin og taka nauðsynlegar ákvarðanir.

Aðstöðumál

Kraftlyftingadeildin hefur sl. ár haft til umráða u.þ.b. 100m² rými í kjallara stúkunnar á Kópavogsvelli, en það rými var löngu orðið of lítið og staðið í vegi fyrir vexti deildarinnar. Vilyrði hafði fengist frá Kópavogsbæ um að deildinni yrði fengið til umráða salur í Íþróttahúsinu Digranesi. Vegna ýmissa ástæðna urðu tafir á því verkefni en deildin gat flutt þar inn í október 2022, þrátt fyrir að framkvæmdum hafi ekki verið að fullu lokið. Aðstaðan sem deildin fékk úthlutað í Digranesi er u.þ.b. 170m² salur í enda byggingarinnar með nýrri loftræstingu og gluggum sem veita góða náttúrulega birtu. Þar hefur deildin komið upp 6 kraftlyftingastöðvum, tveimur sérsníðnum pöllum fyrir réttstöðulyftu ásamt ýmsum sérhæfðum tækjabúnaði til styrktarþjálfunar. Þrátt fyrir að aðstaðan í Digranesi sé rýmri en sú sem deildin hafði á Kópavogsvelli og gott samstarf sé við starfsfólk og aðra sem nýta húsið er lítið sem ekkert geymslupláss og er fyrir séð að með fjölgun iðkenda næstu 3-4 árin verði stærð aðstöðunnar takmarkandi þáttur.

Inngangur

Árið 2022 var gjöfult fyrir kraftlyftingafólk innan raða Breiðabliks. Kraftlyftingadeildin eignaðist fjölda Íslandsmeistara og Bikarmeistara ásamt því að eignast heims-, Evrópu- og Norðulandameistara. Þá voru fjölmörg Íslandsmet slegin bæði í opnum flokki og aldursflokkum, og sum jafn vel slegin ítrekað. Deildin flutti í nýja aðstöðu á árinu og sér fram á heilbrigðan vöxt í fjölda iðkenda í betri og aðgengilegri æfingaaðstöðu.

Stjórn

Aðalfundur kraftlyftingadeildar Breiðabliks var haldinn þriðjudaginn 15. mars 2022 í stúku Kópavogsvallar. Á fundinum var eftirfarandi stjórn kjörin:

Róbert Kjaran, formaður
Jakob Hrafn Ágústsson, varaformaður
Sigurbjörn Eypórsson, gjaldkeri
Ellen Ýr Jónsdóttir, ritari
Halldór Eypórsson, meðstjórnandi
Auðunn Jónsson, meðstjórnandi

Iðkendur

Í upphafi árs voru virkir iðkendur kraftlyftingadeildar tæplega 40 manns. Þeir eru á aldrinum 15 ára til 70 ára, en meirihluti iðkenda er á milli 18 og 35 ára. Aðstöðumál hafa staðið í vegi fyrir vexti deildarinnar en í lok árs í nýrri aðstöðu voru keppendur u.þ.b. 50 talsins.



Mótahald

Félagar kraftlyftingadeildar komu að mótahaldi fjölda móta á árinu og átti deildin starfsfólk (dómara, stangarmenn, o.fl.) á öllum mótum ársins. Deildin hélt tvö mót undir eigin merkjum á árinu: Bikarmeistaramótið í klassískri bekkpressu og Bikarmeistaramótið í bekkpressu (með búnaði). Mótin voru haldin samhliða í Græna salnum í stúkunni á Kópavogsvelli 3. september.

Árangur innanlands

Iðkendur kraftlyftingadeildar áttu góðum árangri á mótum bæði hér heima sem og á alþjóðamótum.

Febrúar

Sesselja Hafsteinsdóttir og Árni Snær Jónsson kepptu á Æfingamóti KRAFT. Þar lyfti Sesselja 185 kg í 76 kg fl. og Árni 460 kg í 105 kg fl.

Mars

ÍM í kraftlyftingum (með búnaði)

Alexandrea Rán Gylfadóttir varð **Íslandsmeistari í 63 kg fl.** með 230 kg í samanlögðu.

Jakob Hrafn Ágústsson varð **Íslandsmeistari í 105 kg fl.** með 680 kg samanlagt og vann **stigaverðlaun karla** með 69,9 GL-stig.

Sæmundur Guðmundsson keppti einnig á Íslandsmeistaramótinu í kraftlyftingum í öldungaflokki M4, en fékk ekki gildar lyftur í öllum greinum og féll úr keppni.

ÍM í klassískum kraftlyftingum

Kristrún Sveinsdóttir varð **Íslandsmeistari í 57 kg** flokki með 310 kg í samanlögðu og bætti **U23 metin í hnébeygju með 122,5 kg** og í samanlögðu.

Birgít Rós Becker setti **Íslandsmet í réttstöðulyftu í 76 kg fl. með 187,5 kg** og í **samanlögðu með 457,5 kg**. Hún hafnaði í 2. sæti á eftir hinni tékknesku Lucie Stefanikovu.

Pedro Monteiro De Oliveira hafnaði í 2. sæti í 74 kg fl. með 495 kg í samanlögðu.

Sæmundur Guðmundsson hafnaði í 7. sæti í 74 kg fl. með 360 kg í samanlögðu og setti **öldungamet M4 í öllum greinum og samanlögðu: 120 kg í hnébeygju, 80 kg í bekkpressu og 160 kg í réttstöðulyftu.**

Árni Snær Jónsson hafnaði í 5. sæti í 105 kg fl. með 477,5 kg í samanlögðu.

Í 120 kg flokki röðuðu Blikar sér í 4 efstu sætin. Filippus Darri Björgvinsson varð **Íslandsmeistara í 120 kg fl.** með 720 kg í samanlögðu. Gabríel Ómar Hafsteinsson kom þar á eftir í 2. sæti með 675 kg. Þá hafnaði Róbert Guðbrandsson í 3. sæti með 600 kg í samanlögðu og **Íslandsmet drengja í hnébeygju með 220 kg, bekkpressu með 150 kg** og í **samanlögðu**. Í 4. sæti var svo Emil Grettir Grettisson með 590 kg í samanlögðu. Fimmti Blikinn í flokknum Egill Hrafn Benediktsson hafnaði svo í 6. sæti með 520 kg.

Apríl

ÍM í klassískri bekkpressu

Ragnar Snorrason varð **Íslandsmeistari í 74 kg fl.** á nýju **Íslandsmeti í öldungaflokki M1** með 115 kg.

Ólafur Sveinsson varð **Íslandsmeistari í 83 kg fl. öldunga M3** á nýju Íslandsmeti í flokknum með 105 kg.

ÍM í bekkpressu (með búnaði)

Alexandrea Rán Gylfadóttir varð **Íslandsmeistari í 63 kg fl.** og stigahæst kvenna með 122,5 kg lyftu.

Júní

Íslandsmeistaramótið í réttstöðulyftu (með búnaði)

Ellen Ýr Jónsdóttir varð Íslandsmeistari í réttstöðulyftu í +84 kg fl. með 160 kg.

Íslandsmeistaramótið í klassískri réttstöðulyftu

Sesselja Hafsteinsdóttir hafnaði í 2. sæti í 76 kg fl. með 85 kg.

Ragnar Snorrason varð **Íslandsmeistari í 74 kg fl.** með 190 kg.

Róbert Guðbrandsson varð **Íslandsmeistari í 120 kg fl.** með 240 kg.

Árni Snær Jónsson hafnaði í 2. sæti í 120 kg fl. með 215 kg.

Gabriel Ómar Hafsteinsson varð **Íslandsmeistari í +120 kg fl.** með 280 kg.

Karlasveit Breiðabliks var sú stigahæsta á mótinu með 45 stig.

September

Bikarmótið í klassískri bekkpressu

Sóley Margrét hafnaði í 2. sæti í +84 kg með 107,5 kg lyftu og Agnes Ýr Rósmundsdóttir í því þriðja í sama flokki með 75 kg.

Guðfinnur Snær Magnússon varð bikarmeistari í +120 kg fl. með 180 kg og Árni Snær Jónsson hafnaði í 5. sæti í sama flokki með 120 kg.

Bikarmótið í bekkpressu (með búnaði)

Guðfinnur Snær Magnússon varð einnig bikarmeistari á stigum og í +120 kg fl. í bekkpressu (með búnaði) með því að lyfta 285 kg.

Október

Bikarmótið í klassískum kraftlyftingum

Alexandrea Rán Gylfadóttir varð bikarmeistari í 63 kg fl. með 343,5 kg í samanlögðu. Hún bætti **Íslandsmetið í klassískri bekkpressu** með 113,5 kg.

Ragnhildur Sigríður Marteinsdóttir náði 3. sæti í 76 kg fl. með 355 kg í samanlögðu.

Ellen Ýr Jónsdóttir hafnaði í 3. sæti í +84 kg fl. með 377,5 kg.

Alexander Örn Kárason varð bikarmeistari í 93 kg fl. með 768 kg. Þá bætti hann **Íslandsmetin í hnébeygju** með 275 kg, **réttstöðulyftu** með 300,5 kg og í **samanlögðu**. Hann varð að auki bikarmeistari á stigum og stigahæstur karla á árinu.

Mikael Brune hafnaði í 3. sæti í 93 kg fl. með 522,5 kg í samanlögðu.

Í 120 kg fl. náði Egill Hrafn Benediktsson 2. sætinu með 522,5 kg í samanlögðu og Alexander Jóhannsson því 4. með 500 kg í samanlögðu.

Árni Snær Jónsson hafnaði í 3. sæti í +120 kg fl. með 555 kg í samanlögðu.

Bikarmótið í kraftlyftingum (með búnaði)

Jakob Hrafn Ágústsson varð bikarmeistari í 120 kg fl. með 682,5 kg í samanlögðu ásamt því að verða bikarmeistari á stigum.

Nóvember

Íslandsmeistaramót unglina og öldunga í klassískum kraftlyftingum

Kristrún Sveinsdóttir varð **Íslandsmeistari U23 í 57 kg** flokki með 325 kg. Þá setti hún **Íslandsmet U23 í hnébeygju** með 123 kg, í **réttstöðulyftu** með 135 kg og í **samanlögðu** með 325 kg.

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir varð **Íslandsmeistari U23 í 69 kg fl.** með

350,5 kg í samanlögðu. Þá bætti hún **Íslandsmetið** í bekkpressu með 110,5 kg.

Gabriel Ómar Hafsteinsson varð **Íslandsmeistari U23 í 120 kg fl.** með 685 kg. Emil Grettir Grettisson náði 2. sæti í sama flokki með 632,5 í samanlögðu. Einar Rafn Magnússon hafnaði í 4. sæti sama flokki með 520 kg í samanlögðu.

Sesselja Hafsteinsdóttir varð **Íslandsmeistari U18 í 76 kg fl.** með 200 kg í samanlögðu.

Í 74 kg fl. öldunga M1 varð Ragnar Snorrason í 2. sæti með 482,5 kg og bætti hann **Íslandsmet öldunga M1 í réttstöðulyftu** með 202,5 kg og í samanlögðu.

Landsliðsbáttaka og árangur á alþjóðamótum

Kraftlyftingadeild Breiðabliks átti þó nokkra fulltrúa í landsliðsvali ársins, bæði í opnum flokki og aldurstengdum flokkum sem náðu góðum árangri á alþjóðamótum ársins

Apríl

Evrópumeistaramótið í kraftlyftingum
Blikarnir Sóley Margrét Jónsdóttir og Guðfinnur Snær Magnússon kepptu á Evrópumeistaramótinu í kraftlyftingum í Pilsen í Tékklandi.

Þar náði Sóley glæsilegum árangri með **silfurverðlaun í +84 kg fl. í samanlögðu** með **gull í hnébeygju**, **brons í bekkpressu** og **silfur í réttstöðulyftu**. Á mótinu bætti hún eigið **Norðurlandamet U23 í hnébeygju** með 280 kg sem er jafnframt jöfnun á **Norðulandametinu í opnum aldursflokki** og aðeins 10 kg frá heimsmeti U23. Hún setti svo nýtt **Norðulandamet U23 í bekkpressu** með 185 kg, en það var jafnframt **Íslandsmet í opnum flokki** (og U23). Þá bætti hún **Norðurlandamet U23 í samanlögðum árangri** með 675 kg, en

það var einnig bætning á hennar eigin **Íslandsmeti í opnum flokki** (og U23). Guðfinnur, sem keppti í +120 kg fl., átti því miður ekki góðan keppnisdag og náði hvorki gildri lyftu í hnébeygju né bekkpressu og féll því úr keppni.

Heimsmeistaramót unglunga í bekkpressu og klassískri bekkpressu (Kasakstan)

Alexandrea Rán Gylfadóttir varð **heimsmeistari unglunga í klassískri bekkpressu í 63 kg fl.** með 102,5 kg lyftu. Þá keppti hún einnig á Heimsmeistaramóti unglunga í bekkpressu (með búnaði) og vann til silfurverðlauna í 63 kg fl. með 125 kg lyftu.

Júní

Heimsmeistaramótið í klassískum kraftlyftingum

Birgit Rós Becker hafnaði í 13. sæti í 76 kg fl. Hún setti **Íslandsmet í samanlögðu** með 462,5 kg og **Íslandsmet í réttstöðulyftu** með 190 kg.

Alexander Örn Kárasón náði 17. sæti í sterkum og fjölmönnum 93 kg fl. Hann bætti þar **Íslandsmetið í hnébeygju** með 272,5, í **réttstöðulyftu** með 300 kg og í **samanlögðu** með 762,5 kg.

Júlí

Sæmundur Guðmundsson varð **heimsmeistari í 74 kg fl. öldunga M4** með 420 kg í samanlögðu. Hann setti **Íslandsmet öldunga M4 í öllum greinum** og í **samanlögðu**: 150 kg í hnébeygju, 100 kg í bekkpressu og 170 kg í réttstöðulyftu.

Ágúst

Evrópumeistaramót unglunga í klassískri bekkpressu

Alexandrea Rán Gylfadóttir varð **Evrópumeistari U23 í 63 kg fl.** með 110 kg lyftu.

Evrópumeistaramót unglunga í bekkpressu (með búnaði)

Alexandrea Rán Gylfadóttir náði silfurverðlaunum í 63 kg fl. U23 með 115 kg lyftu.

Heimsmeistaramót unglunga í klassískum kraftlyftingum

Róbert Guðbransson vann til silfurverðlauna í 120 kg fl. U18 með 607,5 kg í samanlögðu. Hanni setti **Íslandsmet U18 í hnébeygju** með 225 kg, í **bekkpressu** með 152,5 kg og í **samanlögðu**.

September

Vestur-Evrópumótið í klassískum kraftlyftingum

Filippus Darri Björgvinsson náði 4. sæti í 120 kg fl. með 722,5 kg í samanlögðu.

Norðurlandameistaramót unglunga í klassískum kraftlyftingum

Blikar áttu 4 fulltrúa á NM unglunga í Svíþjóð. Þar hafnaði Pedro Monteiro De Oliveira í 5. sæti í 74 kg fl. U23 með 522,5 í samanlögðu.

Þá náði Gabríel Ómar Hafsteinsson bronsverðlaunum í 120 kg fl. U23 með 662,5 kg í samanlögðu og Emil Grettir Grettisson hafnaði í 5. sæti í sama flokki með 602,5 kg.

Kristrún Sveinsdóttir vann til silfurverðlauna í 57 kg fl. U23 með 315 kg og bætti þar jafnframt **Íslandsmet U23 í réttstöðulyftu** með 132,5 kg í **samanlögðu**.

Norðurlandameistaramót unglunga í klassískri bekkpressu

Alexandrea Rán Gylfadóttir varð **Norðurlandameistari U23 í 63 kg fl.** með því að lyfta 100 kg.

Nóvember

Heimsmeistaramótið í kraftlyftingum (með búnaði)

Blikarnir Sóley Margrét Jónsdóttir og Guðfinnur Snær Magnússon kepptu á HM í kraftlyftingum í Danmörku.

Sóley vann þar til silfurverðlauna í +84 kg fl. eftir harða baráttu um sigurinn. Þá náði hún **gullverðlaunum í hnébeygju** með 275 kg og bronsverðlaunum bekkpressu með 190 kg. Árangurinn í bekkpressu er bæting á hennar eigin **Norðurlandameti U23 og Íslandsmeti í opnum flokki**.

Guðfinnur náði 4. sætinu í +120 kg flokki með 995 kg í samanlögðu og bronsverðlaunum í bekkpressu með 315 kg.

Evrópumeistaramót unglunga í klassískum kraftlyftingum

Róbert Guðbrandsson náði silfurverðlaunum í +120 kg fl U18 með 652,5 kg í samanlögðu. Þá bætti hann **Íslandsmet U18 í hnébeygju** með 240 kg, **réttstöðulyftu** með 252,5 kg og í **samanlögðu**.

Heiðranir

Kraftlyftingadeild Breiðabliks átti þó nokkra iðkendur sem sköruðu fram úr. Stjórn kraftlyftingadeildar Breiðabliks valdi Alexander Örn Kárasen sem kraftlyftingakarl ársins og Sóleyju Margréti Jónsdóttur sem kraftlyftingakonu ársins.

Sóley Margrét Jónsdóttir var svo kjörin Íþróttakona Breiðabliks og heiðruð á aðalfundi Breiðabliks. Þá varð hún einnig fyrir valinu sem Íþróttakona Kópavogs og var heiðruð á Íþróttahátíð Kópavogs. Á aðalfundi UMSK fékk hún svo nafnbótina Íþróttakona UMSK.

Stjórn Kraftlyftingasambands Íslands valdi Guðfinn Snæ Magnússon sem kraftlyftingakarl ársins.

F.h. stjórnar kraftlyftingadeildar Breiðabliks
Róbert Kjara, formaðu

Ársskýrsla Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks



Á aðalfundi Körfuknattleiksdeildar Breiðabliks 2022 voru eftirtaldir aðilar kjörnir í stjórn deildarinnar:
Gunnar Sv. Friðriksson, formaður
Atli Björn Þorbjörnsson, varaformaður
Heimir Snær Jónsson
Arnar Kárasón
Enok Jón Kjartansson

Frá fyrra ári urðu ekki neinar breytingar á stjórninni.

Ágrip

Faglegt starf deildarinnar hefur verið mjög gott þetta árið og hefur fjölgun verið hjá iðkendum deildarinnar, sérstaklega þegar kemur að yngstu iðkendum deildarinnar og er það gleðiefni. Sem fyrr var Ívar Ásgrímsson yfirþjálfari deildarinnar ásamt því að starfa á skrifstofu félagsins þar sem hann sá um þau verkefni er varða að körfuboltahlið deildarinnar. Innan deildarinnar er mikil ánægja með störf

hans og teljum við dýrmæta reynslu hans koma deildinni til góða þá ekki síst er varðar yngri iðkendur félagsins.

Eins og áður var árinu skipt niður á þann hátt að iðkendur 9 ára og yngri æfðu frá byrjun september fram til loka maímánaðar. Eldri iðkendur æfðu hins vegar allt árið um kring og var hver árgangur með æfingar þrisvar sinnum í viku yfir sumartímann í 60 - 90 mínútur í senn. Þannig gátum við boðið uppá um 180 - 260 mínútna æfingatíma á viku yfir sumartímann, en yfir vetrarmánuði æfðu þessir árgangar að jafnaði 240 mínútur á viku auk spilaðra leikja, sem voru að meðaltali um einn í viku hverri.

Metfjöldi var í spiluðum deildarleikjum þetta árið eða um 450, þar af voru heimaleikir deildarinnar um 280 talsins auk minniboltamóta og fjölíðamóta sem deildin hélt.

Deildin hélt þrjú stór mót þetta árið. Fyrst skal nefna minniboltamót 11 ára drengja, en þar mættu um 700 keppendur. Þá var haldið minniboltamót 11 ára stúlkna þar sem um 450 keppendur mættu. Loks var síðan haldið Lindarmótið þar sem mættu um 650 keppendur á aldrinum 5 til 9 ára, bæði stelpur og strákar. Lind fasteignasala, sem er stór styrktaraðili deildarinnar, var bakhjarl okkar á þessu móti.

Stjórn, leikmenn meistarafloka og yngri flokka sem og þjálfarar deildarinnar eiga mikið hrós skilið fyrir alla þá vinnu sem þau lögðu í þessi mót. Við fengum mjög góða umsögn frá þjálfurum þeirra liða sem mættu á mótin sem og foreldrum keppenda og má geta þess að eitt þessara móta fékk hæstu einkun allra þeirra yngriflokkamóta á vegum KKÍ sem haldið var þennan veturinn og

erum við sérstaklega ánægð með þann árangur.

Eins og sjá má af ofangreindu er starf deildarinnar orðið ansi viðamikið og ljóst að næsta tímabil mun verða enn stærra m.a. sökum þess að þetta tímabil vorum við hvorki með 11. flokk hjá stúlkum né drengjum en þeir flokkar munu koma sterkir inn á næsta tímabili.

Eins og svo oft áður hefur því miður ekki verið auðvelt að fá menntaða þjálfara til starfa þegar kemur að yngriflokkþjálfun innan körfuknattleiksdeilda landsins. Við getum þó vel við unað þar sem deildin okkar er nokkuð vel mönnum, bæði af vel menntuðum þjálfurum sem og ungum og upprennandi þjálfurum sem eru að þroskast innan deildarinnar, en þar kemur reynsla Ívars Ásgrímssonar yfirþjálfara deildarinnar sér mjög vel.

Yngri flokkar

Æfingatafla fyrir yngri flokka deildarinnar var tilbúin um miðjan ágúst og náðist að láta alla flokka yngri en 13 ára vera á æfingum án árekstra við fótboltann og áttum við það gott samstarf við stjórnendur knattspyrnudeildar félagsins. Þess má þó geta að alltaf er hægt að gera betur og hefja skipulagningu fyrr þegar kemur að skiptingu tíma milli þessara fjölmennu deilda í íþróttahúsum sem við höfum aðgang að.



Því miður búum við enn við það ástand að vöntun er á æfingatímum fyrir deildina í stærri íþróttahúsum bæjarins og bagalegt hvernig Kópavogsbær hefur tekið í umleitanir deildarinnar í aukna tíma í íþróttahúsinu í Fagralundi en þar virðist vera erfitt að fá fram breytingar þó svo að öllum sé það ljóst að mikið hallar á körfuknattleiksdeildina og Breiðablik. Við bindum vonir við að bæjaryfirvöld hlusti og á þau rök deildarinnar sem við höfum fært fram síðustu misserin um fleiri tíma í Fagralundi fyrir næsta tímabil.

Ljóst er að verkefnin sem deildin er að fást við eru bara að aukast, fleiri heimaleikir og fleiri flokkar verða á næsta tímabili og því er þörfin á fleiri tímum orðin ansi mikil hjá deildinni og ljóst að félagið sem heild þarf að setja talsvert meiri pressu á bæjaryfirvöld varðandi aukið aðgengi deildarinnar fyrir fleiri æfingatíma í Fagralundi.

Árangur yngri flokka félagsins var mjög góður á tímabilinu og hefur verið mikill stígandi hjá deildinni síðustu ár og er nú svo komið að körfuknattleiksdeild Breiðabliks ein öflugasta deild landsins þegar kemur að árangri á Íslandsmótum. Deildin átti t.d. þrjú lið sem spiluðu til úrslita um Íslandsmeistaratitil á tímabilinu, en því miður var silfur niðurstaðan hjá þeim öllum.

Unglingaflokkur karla spilaði til úrslita við Stjörnuna, drengjaflokkur, 12. flokkur eins og hann heitir víst í dag, spilaði við Fjölnir og 10. flokkur drengja spilaði við Stjörnuna. Á þessu tímabili er Breiðablik framarlega í næstum öllum drengjaflokkum. Unglingaflokkur er lang efstur í A riðli, 12. flokkur er í öðru sæti í A riðli, einungis einum leik á eftir ÍR, 10. flokkur er í öðru sæti í A riðli, 8. flokkur hefur verið eitt af sex bestu liðum vetrarins, 7. flokkur er einn af fjörum bestu flokkum landsins. Þá má þess geta að minnibolti 11 ára á góða möguleika á Íslandsmeistartitili en þeir eru efstir ásamt Stjörnunni og mun lokamótið sem fram fer í byrjun maí ráða þar úrsitum. Þá er minnibolti 10 ára einnig með eitt af bestu liðum landsins.

Í stúlknaflokkum deildarinnar hefur einnig verið mikil bæting, en þar þarf að vinna betur að því að fá fleiri stelpur til að æfa körfubolta. Talsverð aukning varð þó í deildinni hjá stelpum 13 ára og yngri, en betur má ef duga skal.

10. flokkur stúlkna hefur spilað gríðarlega vel í vetur og eru lang efstar í B riðli og eiga fullt erindi í A riðilinn og ættu að geta staðið sig mjög vel þar. Þá er 9. flokkur stúlkna einnig langefstar í B riðli og slógu til að mynda A lið Hauka úr bikarnum og gerðu sér lítið fyrir og fóru alla leið í bikarúrslit í janúar en töpuðu þar fyrir Njarðvík.

8. flokkur stúlkna er sömuleiðis með eitt af fimm bestu liðum landsins og einnig voru stelpurnar í minnibolta 11 ára frábærar í vetur, en þær spiluðu í A riðli.

Eins og sjá má á þessari upptalningu þá er framtíðin björt og mikið af efnilegum krökkum í yngri flokkum deildarinnar.

Deildin á einnig nokkuð af leikmönnum sem hafa verið valdir í landsliðsverkefni. Síðasta sumar spiluðu fimm leikmenn fyrir hönd

Íslands á erlendri grundu, en þau voru: Embla Hrönn Halldórsdóttir (10. flokki), Jökull Otti Þorsteinsson, Logi Guðmundsson, Orri Guðmundsson (allir úr 10. flokki) og Sigurður Pétursson (ungmennaflokki).

Í minnibolta flokkum, þar sem iðkendur eru yngri en 10 ára, hefur verið umtalsverð fjölgun og má þar sérstaklega nefna gott starf Hafsteins Guðnasonar sem hefur séð um þjálfun 6 til 7 ára stúlkna og drengja sem og 8 til 9 ára drengja.

Flokkur 6 til 7 ára stelpur og strákar hafa æft saman í vetur og hafa verið yfir 60 krakkar á æfingum í öllum salnum í Smáranum 2 sinnum í viku og hefur verið einstaklega gaman að sjá metnaðinn og áhugann sem skín úr andlitum krakkana þar. Það sem er sérstaklega ánægjulegt er sú mikla fjölgun sem átt hefur sér stað hjá stúlkum í þessum aldursflokki, en þær hafa verið um 25 á æfingum á tímabilinu.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkur karla hóf tímabilið einstaklega vel og voru að mati margra heitasta lið Subway deildarinnar fram að jólafríi. Því miður náði liðið ekki að halda dampi og varð raunin sú að liðið rétt missti af sæti í úrslitakeppninni. Fyrir tímabilið var áhersla lögð á að halda liðinu áfram í deild þeirra bestu en jafnframt sett pressa á að ná inn í úrslitakeppnina. Það er dýrt að halda úti liðum í deild þeirra bestu og reynt var að spila sem best úr því fjármagni sem við höfðum og t.d. ekki farið í að styrkja liðið eftir áramótin þrátt fyrir að öll önnur lið í deildinni færu í þá vegferð. Síðustu leikir tímabilsins voru vonbrigði og ekki hægt að skirfa þau á lítið fjármagn heldur þurfa leikmenn og þjálfarar að líta sér nær þar.

Meistaraflokkur kvenna byrjaði með nokkuð öflugt lið í Subway deildinni en röð atvika urðu þess valdandi að tímabilið heilt yfir verður að flokkast sem nokkur vonbrigði. “Kaninn” í liðnu fór heim snemma heim og ákveðið var að fá ekki nýjan leikmann í hennar stað auk þess sem skipt var um aðalþjálfara fyrir jólin. Um mitt tímabil meiddist síðan “bosman” leikmaður liðsins en hún hafði verið mjög öflug og því ljóst að erfitt verkefni væri framundan hjá liðinu.

Liðið spilaði því stóran hluta tímabilsins án erlends leikmanns á meðan flest önnur lið í deildinni voru með 2 til 3 erlenda leikmenn innan sinna raða. Íslensku stelpurnar okkar stóðu sig þrátt fyrir það gríðarlega vel og náðu að halda sér í deildinni og spiluðu oft á tíðum mjög vel.

Veturinn var heilt yfir nokkuð góður þó svo auðvitað skiptist á skin og skúrum eins og gengur. Nokkrir yngri flokkar eiga góða möguleika á því að landa Íslandsmeistaratitlum og vonandi mun deildin eiga fullt af leikmönnum í yngri landsliðum á komandi sumri.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi deildarinnar í vetur. Styrktaraðilum deildarinnar færi ég mínar bestu þakkir sem og meðstjórnendum mínum fyrir frábært samstarf og verulega góð kynni. Þá vil ég þakka aðalstjórn og öllu því góða fólki sem starfar á skrifstofu félagsins fyrir gott samstarf og mjög svo góðan stuðning undanfarin ár.

Gunnar Sv. Friðriksson
Formaður stjórnar

Ársskýrsla Rafíþróttadeildar Breiðabliks



Síðasta starfsár:

Það sem einkennir starfið á síðasta ári var sókn í meistaraflokkum og sprenging í sumarnámskeiðum

Varðandi meistaraflokkana:

Við byrjuðum á CS:GO sem er jafnframt stærsti rafíþróttarleikur á Íslandi. Samið var við lið sem var búið að vinna sér inn þáttökurétt í ljósleiðaradeildinni. Endaði liðið í 7 sæti af 12 liðum, en liðin í 4. – 7. voru með jafnmörg stig. Liðið keppti á blast undankeppninni og einnig komast það inná stórmeistaramótið frábær árangur á fyrsta keppnisári Breiðablik í Deild þeirra besti í counter-strike. Fljótlega eftir að CS:GO liðið komið þá var stofnað Rocket league lið sem samanstóð af leikmönnum úr 4 liðum og liðið skráð í deild þeirra bestu. Breiðablik lenti í öðru sæti í deildinni og komst þannig áfram í umspil fyrir Íslandsmeistaratitilinum þar sem þeir

töpuðu í mjög svo spennandi leik og enduðu í öðru sæti á mótinu. Tímabilið í rocket league eru tvö á hverju ári haust og vor og í dag er Breiðablik á toppi deildarinnar með fullt hús stiga þegar 6 leikir eru eftir spennandi að sjá hvernig það endar. Hópur Iðkennda hjá Breiðablik voru skráðir til leiks í leiknum Overwatch sem er annað skemmtilegt þroska skref. Síðast enn ekki síst þá var leið stofnað í leiknum Valorant sem er að vaxa í vinsældum. Tímabilin eru 3 yfir árið Breiðablik lenti í 3. Sæti á fyrsta tímabilinu og í 2.sæti á Reykjavík Beacon. Það er því kominn flottur gangur á meistaraflokksstarfið og það verður skemmtilegt að fylgja því áfram. Fyrsti rafíþróttarkeppandinn fékk viðurkenningu á íþróttarhátíð Breiðabliks hann Emil Valdimarsson úr leiknum Rocket league annar stór áfangi fyrir deildina.

Sem hluti af því að setja upp meistaraflokk er að finna keppnistreyjur og keppir

Meistaraflokkur í Puma treyjum með rafíþróttargórillunni framan á. Kannaður var áhugi fyrir kaupum á þessum treyjum hjá aðdáendum Breiðabliks og seldust um 70 treyjur fyrir jólin svo eitthvað hefur endað í jólapökkum. Einnig gerðum við hettupeysur og derhúfur í takmörkuðu upplagi sem verður pantað meira af



Enn meiri metnaður var settur í Iðkenndastarfið fengnir voru sérþjálfarar í alla leiki sem eru með þeim bestu á landinu í leiknum og allir fóru í rafíþróttarþjálfaranám hjá Rísí. Síðasta sumar komu um 500 krakkar á námskeið í rafíþróttum og enduðu um 100 sem skráðu sig í kjölfarið á markvissar æfingar. Það hefur verið fjölgun um 40 krakkar á milli áranna en við trúum að það sé stærri hópur þarna úti og húsrúm hjá Arena bíður uppá miklu stærri iðkenndahóp. Breiðablik eru orðin stærsta



rafíþróttardeild Íslands og stefnan er að halda áfram að vaxa og taka rafíþróttar senuna á Íslandi með okkur.

Verkefnin fram undan eru að ná í fleiri styrktaraðila að deildinni til að styrkja meistaraflokksstarfið og áframhaldandi uppbygging á iðkenndastarfinu með fleiri iðkenndum og að skapa meira af keppnisvetvangi t.d. með að vera með vina klúbba.

Virðingarfyllst,
Davíð Jóhannsson
Formaður Rafíþróttardeildar
Breiðabliks

Ársskýrsla Skákdeildar Breiðabliks



Aðalfundur Skákdeildar Breiðabliks var haldinn 17. apríl 2023 kl. 20.00. Var fundurinn auglýstur samkvæmt lögum félagsins með tilkynningu á heimasíðu Breiðabliks og auk þess með auglýsingu á Sportabler til allra iðkenda sem þar eru skráðir sem og á Facebook síðu deildarinnar. Samtals mættu 9 til fundarins.

1. Kosning fundarstjóra og ritara.

Formaður stjórnar, Heiðar Ásberg Atlason, lagði til að hann verði sjálfur fundarstjóri og fundarritari og var það samþykkt einróma.

2. Formaður leggur fram skýrslu deildar.

Formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar og voru nokkrar umræður um hana samhliða yfirferðinni.

Barna- og unglingastarfið hefur heilt yfir gengið mjög vel í allan vetur. Fyrstu æfingar byrjuðu í lok ágúst og verða

þær út maí nk. eða sem nemur hefðbundnu skólaári. Æfingar hafa verið 12 talsins á viku hverri. Var æfingahópum lítillega breytt sl. haust í samráði við eða að forskrift Björns Ívars Karlssonar sem var ráðinn yfirþjálfari deildarinnar. Þá var bætt við einni kvöldæfingu sem hefur mælst ágætlega fyrir.

Aðstaða til skákiðkunar hjá Breiðablik er frábær í flesta staði. Betur hefur gengið en fyrri ár að koma í veg fyrir árekstra við knattspyrnudeild þótt stöku atvik hafi komið fyrir. Hefur það stórlega lagast með betri og tímanlegri samskiptum í gegnum starfsmenn aðalstjórnar Breiðabliks og með aðstoð Sportabler. Við erum með varaaðstöðu í Smáraskóla sem hentar ágætlega og erum með aukasett þar sem hægt er að nota fyrir æfingar.

Þjálfarar deildarinnar eru Lenka Ptácníková, Björn Ívar Karlsson og Vignir Vatnar Stefánsson auk þess sem Arnar Milutin Heiðarsson og Benedikt Briem hafa komið að þjálfun sem og Helgi Ólafsson. Þá hefur Jóhanna Björg Jóhannsdóttir séð um vikulegar æfingar fyrir stúlkur sem er haldið í samstarfi Breiðabliks og Skákskóla Íslands.

Þátttaka okkar fólks í mótum hefur verið mjög mikil og góð. Fór stór hópur á vegum deildarinnar á mót í Svíþjóð sl. haust auk þess sem keppendur hafa farið á fjölda annarra móta innanlands sem og erlendis. Mjög góð þátttaka Blika var á Reykjavík Open 2023 og einnig á Skákþingi Kópavogs. Ljóst er að mikill skákáhugi er í landinu um þessar mundir og bjart er yfir okkur Blikum. Þó er nauðsyn að fá fleiri iðkendur til liðs við okkur og ljóst að það verkefni bíður nýrrar stjórnar að fjölga þeim sem koma og æfa hjá Breiðablik.

Vignir Vatnar kláraði síðasta áfangann að stórmeistaratitli á móti í Serbíu nýverið og varð þar með fyrsti stórmeistari Breiðabliks.

Meistaraflokksstarfið hefur aðallega falist í liðakeppnum í atskák, hraðskák og kappskák. Okkar lið varði Íslandsmeistaratitlinn í atskák í haust eftir harða keppni við stórmeistarasveit Víkingaklúbbsins. Í Hraðskákkeppni taflfélaganna eftir áramótin snerist dæmið við og Víkingaklúbburinn hafði betur og við þurftum að sætta okkur við silfrið. Í Íslandsmóti skákfélaga þar sem tefldar eru kappskákir vorum við með eina sveit í úrvalsdeild, B-sveitin var í 1. deild, C-sveitin í þeirri þriðju og D&E sveitir í fjórðu deild. D&E sveitirnar stóðu sig vel í fjórðu deildinni þó ekki færu þær upp um deild að þessu sinni. C-sveitin hreppti silfrið í 3. deild og mun tefla í 2. deild á næsta tímabili. B-sveitin var í toppnum á 1. deild og endaði í 3. sæti sem er prýðis árangur. Í úrvalsdeildinni sendum við ungt og sterkt lið með smá blöndu af eldri reynsluboltum. Við sendum alíslenska sveit á meðan hin liðin voru full af erlendum málaliðum sem fá töluverða fjármuni greidda fyrir sína taflmennsku. Það er því við ramman reip að draga í þannig keppni. Í fyrri hlutanum rakst auk þess ÍS á HM ungmenna þar sem báðir keppendur Íslands (Vignir Vatnar og Birkir Ísak) voru frá okkur og gátu því ekki teflt með A-sveitinni. Í seinni hlutanum var svo Vignir Vatnar upptekinn við að landa stórmeistaratitlinum sínum! Þetta veikti því A-sveitina nokkuð og varð trúlega til þess að hún féll. En við höfum ekki miklar áhyggjur af því vegna þess að við stefnum strax upp aftur á næsta tímabili.



Sveit Breiðabliks sem varð Íslandsmeistari í liðakeppni taflfélaganna skipuðu: Vignir Vatnar Stefánsson, Birkir Ísak Jóhannsson, Magnús Pálmi Örnólfsson, Jóhann Ingvason, Stephan Briem og Arnar Milutin Heiðarsson.

Landsliðsflokkur er framundan í maí og eigum við þrjá keppendur þar: Vignir Vatnar Stefánsson, Hilmir Freyr Heimisson og Jóhann Ingvason.

3. Ársreikningur staðfestur af skoðunarmönnum lagður fram til samþykktar.

Farið var yfir drög að ársreikningi deildarinnar.

Spurningar komu upp um lækkun á æfingagjöldum og var ákveðið að kanna í gegnum aðalstjórn hvort það gætu verið útistandandi kröfur í árslok 2022, en engar voru færðar til bókar. Þá kom fyrirspurn um hvort ekki vantaði inn styrk frá Skákstyrktarstjóð Kópavogs. Eftir nokkrar umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur en samhliða ákveðið að ný stjórn myndi ræða við fjármálastjóra Breiðabliks varðandi uppsetningu á reikningi til framtíðar.

4. Kosning formanns

Kristín Jónsdóttir, formaður

5. Kosning stjórnarmanna

Eftirfarandi stjórnarmenn voru í framboði og voru kjörnir einróma:

Halldór Grétar Einarsson

Birkir Karl Sigurðsson

Brynjar Bjarkason

Jón Valentínus

Heiðar Ásberg Atlason - varamaður

6. Önnur mál

Ákveðið að fyrsti fundur nýrrar stjórnar verði haldinn mánudaginn 15. maí kl. 19.00.

Rætt var almennt um starfið framundan áður en fundi var slitið kl. 21.15.

Var fundarritara falið að ganga frá fundargerð og senda á aðalstjórn.

Kópavogi, 17. apríl 2023

Heiðar Ásberg Atlason, fundarstjóri og fundarritari

Ársskýrsla Skíðadeildar Breiðabliks



Á síðasta aðalfundi sem haldinn var rafrænt 19 apríl 2022, voru eftirtaldir kosnir í stjórn skíðadeildar Breiðabliks og skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður - H.Davíð Björnsson
Gjaldkeri - Ævar Rafn Björnsson
Ritari - Sara Fönn Jóhannesdóttir
Meðstjórnendur - Kári Arnar Kárasón og Steinunn Arna Jóhannesdóttir
varaformaður og fulltrúi foreldrafélagsins.

Til vara - Garðar Þorvarðarson
Formaður hefur setið í stjórn Skíðaliðs Reykjavíkur og Breiðabliks, Skíðaráði Reykjavíkur (SKRR) sem áheyrnarfulltrúi.

Alpagreinanefnd:

Í alpagreinanefnd hafa starfað H. Davíð Björnsson og Guðmundur Guðjónsson. Nefndin sér um ráðningu þjálfara og annað sem snýr að þjálfun.

Mótanefnd:

Mótanefnd skipa Kári Arnar Kárasón, Stefán Árni Auðólfsson, Garðar Þorvarðarson og H.Davíð Björnsson og er mótahald á vegum deildarinnar í þeirra höndum.

14. mars héldum við Faxaflóamót í svigi 10-11 ára.

Ekki hefur tekist að halda önnur fyrirhuguð mót vegna veðurs og snjóleysu.

Skálanefnd:

Breiðabliksskálinn skíðamiðstöð Kópavogs í Bláfjöllum er mikilvæg undirstaða fyrir starf deildarinnar.

Rekstur skálans er í traustum höndum skálanefndarinnar, en hana skipa Jóhannes Sveinbjörnsson formaður og skálavörður hefur verið Anna vegna veikindaleyfis Bergþórs Kárasónar.

Foreldrafélag:

Í foreldrafélaginu hafa starfað formaður Steinunn Arna Jóhannesdóttir og María Kristín Valgeirsdóttir.

Hlutverk foreldrafélagsins er að:

Auka velferð, áhuga og vellíðan iðkenda, stuðla að auknum tengslum foreldra við félagið, hafa umsjón með fjáröflun iðkenda vegna æfinga- og keppnisferða, hafa umsjón með gistingu í skála og skipuleggja sjoppuvaktir í skálanum.

Þjálfarar:

Yfirþjálfari Snorri Páll Guðbjartsson. 7 ára og yngri H.Davíð Björnsson. Hjá 8-9 ára Vernharð Guðnason og Guðrún Vernharðsdóttir. 10-11 ára Snorri Páll Guðbjörnsson. 12-13. og 14-15 ára Arnór Þorkell Gunnarsson Theódóra Mathiesenr. 16 ára og eldri Egill Ingi Jónsson sál um styrktarþjáfu, Marko Spoljark og Damjan Herr Vesovic hafa séð um skíða þjálfunina.



Starfið:

Styrktarþjáfun í fullorðinsflokki hófst um mánaðarmótin maí-júní og hjá 15 ára og yngri í ágúst-september.

Fyrsta æfingin í Bláfjöllum var 29. des, æfingadagar eru orðnir 42 í Bláfjöllum. Samstarf við skíðafélögin í Reykjavík hélt áfram í vetur, hjá 16 ára og eldri Skíðalið Reykjavík og Breiðabliks.

Hjá yngri flokkunum hélt samstarf áfram við KR.

Farið var 10 daga æfinga og fjölskylduferð í janúar til Neukirchen í Austuríki.

Keppni erlendis og innanlands:

Björn Davíðsson var valinn í skíðalandslið Íslands keppti víða um Evrópu og innanlands fyrir Breiðablik og Ísland í vetur.

Hann hefur náð að bæta FIS punktastöður sínar.

Lokaorð:

Skíðatímabilið byrjaði ágætlega, teknar voru í notkun tvær nýjar stólalyftur og bindum við vonir við að snjóframleiðsla hefjist næsta vetur.

Áfram glímdum við við risjótt veður og snjóleysi þrátt fyrir kulda á löngum köflum, þá hefði snjóframleiðsla aukið fjölda skíðadaga í fjöllum.

Brottfall heldur áfram að aukast við þessar erfiðu aðstæður.

Fyrir hönd stjórnar skíðadeildar Breiðabliks, H.Davíð Björnsson

Ársskýrsla Sunddeildar Breiðabliks



Síðasti aðalfundur Sunddeildarinnar var haldinn þann 5. apríl 2022

Á fundinum lét Jónína Guðmundsdóttir formaður af störfum og ný stjórn var kosin. Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn:

Magnús Konráðsson, formaður
María Jónsdóttir, gjaldkeri
Guðlaug Björnsdóttir, ritari
Arna Björg Arnarsdóttir, meðstjórnandi
Pálmi Gíslason, meðstjórnandi
Pétur Jónsson, meðstjórnandi
Guðrún Finnborg Þórðardóttir, meðstjórnandi

Mál sem hafa verið á döfinni hjá stjórn og starfsemi deildarinnar á starfsárinu:

1. Nýliðun þjálfara, endurmenntun þjálfara og samstarf þjálfarateymis.
2. Gagnageymslusvæði og samskiptagrunnur fyrir stjórn.
3. Réttindi og persónuvernd í sambandi við myndbirtingar af iðkendum.
4. Samstarf við móðurfélag Breiðabliks, sóknarfæri og áskoranir.
5. Sýnileiki, fyrir upplýsingagjöf og auglýsingar.

6. Heimasíða Sunddeildar Breiðabliks.
7. Starfsemsdagatal sunddeildar Breiðabliks.
8. Notkun Sportabler.
9. Aðstöðumál deildar.

Starfsemin

Undanfarin ár hefur Covid faraldurinn haft mikil áhrif á starfsemina og mótahald og atburðir verið í lágmarki. Á þessu starfsári hafa samkomutakmarkanir ekki hamlað starfi og ýmsir atburðir og mót hafa verið haldin. Áhrifa gætir hins vegar enn að því leyti að hefðir fyrir atburðum hafa riðlast. Nýjir atburðir og hefðir eru að líta dagsins ljós og fyrri hefðir að rifjast upp og í endurskoðun. Tækifæri til fjáröflunar í tengslum við mót og atburði hafa verið fá fram að síðast liðnu starfsári, en ÍSÍ bauð upp á Covid styrki vegna þessa í lok sumars 2022 og náði deildin úthlutun þar.

Stjórnarstarf hefur gengið vel og samstaða og uppbyggingarandi ríkir á stjórnarfundum. Stjórnarfundir hafa verið haldnir reglulega, yfirleitt fyrsta þriðjudagskvöld hvers mánaðar, með aukafundum eftir þörfum. Flestir stjórnarmeðlimir eru nýjir í stjórn með 1-2 ára reynslu af stjórnarsetu, en Guðlaug ritari hefur þó setið lengi í stjórn, og Arna Þórey yfirþjálfari setið seinni hluta flestra funda, og þær þannig getað miðlað af reynslu sinni. Vinnuálag og framlag hefur verið skorpukennt, sem er ókostur, og það er vilji stjórnarinnar að finna leiðir til þess að vinnan geti dreifst betur bæði milli þeirra sem leggja fram vinnu sína og að vinnan jafnist út yfir árið. Skilgreining

á verksviði stjórnarmeðlima var lögð fram í upphafi starfsárs, og var unnið samkvæmt henni til að byrja með, en eftir því sem verkefni og hlutverk þróuðust varð ábyrgðardreifing ekki eins skýr. Gefur tilefni til endurskoðunar og betri eftirfylgni. Á stjórnarfundum í október var ákveðið að bæta við hlutverki varaformanns í stjórn og var Pálmi Gíslason kosinn varaformaður sunddeildar Breiðabliks. Hann gegndi hlutverki formanns í fjarveru Magnúsar í nóvember og desember 2022.

Rekstur deildarinnar hefur að mestu leyti verið með svipuðum hætti og áður og fjárhagsleg staða deildarinnar er góð. Æfingagjöld voru hækkuð um 8% í samræmi við vísitölu neysluverðs. Búið var upp á þá valkosti að greiða annað hvort fyrir allan veturinn í heild, eða að skipta greiðslum milli haust og vorhluta. Ófyrirséðar afleiðingar þess reyndust vera að skráningarmöguleikar í gegn um Sportabler í hópa tvöfölduðust, þannig að vissir hópar yfirfylltust miðað við hámarksfjölda. Í ljósi þeirrar reynslu að Sportabler kerfið styður ekki við þessa valkosti í greiðslumöguleikum, og að greiðsludreifingu er hægt að bjóða með öðrum hætti, hefur stjórnin ákveðið að bjóða ekki upp á þessa valkosti á næsta tímabili.

Aðstöðumál hafa verið ofarlega á dagskrá stjórnar á tímabilinu. Formaður sunddeildar vakti athygli á því á formannafundi Breiðabliks 09.06.22 að aðstöðupörf sunddeildarinnar virtist ekki liggja til grundvallar við forgangsöröðun aðstöðuverkefna innan móðurfélagsins. Í kjölfarið var þarfagreiningu á aðstöðu sunddeildarinnar skilað til Aðalstjórnar í ágúst 2022, að beiðni Aðalstjórnar. Aðstaða í laugum litast mikið af því að æft er í almenningslaugum sem ekki eru hannaðar til að mæta þörfum

sundmanna á efri stigum. Hitastig í innilaug Kópavogslaugar hefur verið lækkað úr 29 gráðum í 28. Stjórn og sjálfboðaliðar réðust í það verkefni að gera upp þrekaðstöðu í kjallara Kópavogslaugar, í rými sem sunddeildin hefur til umráða. Fjárfest var í búnaði, gólfklæðningu, veggir málaðir og settir upp speglar. Útkoman er afar góð og vel búinn æfingasalur kominn í notkun, þó rýmið sé lítið og gluggalaust.

Unnið er að því að fá íþróttaráð til að samþykkja afnot af allri innilauginni í Salalaug fyrir námskeið og æfingar, þar sem mikil truflun er af laugargestum. Gengið að óskum starfsfólks Kópavogslaugar að starfsmenn sem eru að vakta innilaugina megi hafa afnot af búrinu. Það var samþykkt með þeim fyrirvara að starfsemi deildarinnar hafi forgang og fyllsta samráð verði haft ef óskað er eftir því að breyta aðstöðu innan búrsins.

Unnið hefur verið með sýnileika deildarinnar útávið. Stjórn hefur unnið að þessu í áföngum í samvinnu við móðurfélagið gagnvart Kópavogsbæ/Íþróttaráði. Enn er engin niðurstaða komin, en óskað er eftir leyfi til að hafa Breiðabliksfánann við Salalaug, upplýsinga og auglýsingaskjái í anddyrum beggja lauga og einnig auglýsingar á veggjum innilaugar í Kópavogslaug. Nauðsynleg forsenda þess að standa sig gagnvart auglýsendum, samnings og styrktaraðilum.

Stjórnin hefur unnið talsvert að því að bæta og tryggja þjálfaramönnun á starfsárinu og til framtíðar. Fjárfesting í þjálfun og nýliðun hefur átt sér stað á árinu, sjá kafla um starfsmannamál.

Samstarf við aðalstjórn Breiðabliks og starfsfólk móðurfélagsins hefur verið gott og talsverður stuðningur fengist við

starfsemi sunddeildarinnar. Þar ber að nefna umræðu við Kópavogsbæ varðandi ábyrgðarstöðu í bótamáli eins þjálfara deildarinnar, sem tryggingarfélag bæjarins taldi vera aðila að óhappi sem átti sér stað 2019. Í mars 2023 var hægt að leiða málið til lykta og eðlileg niðurstaða fékkst, að þjálfarinn væri ekki aðili að því máli. Móðurfélagið styrkti sunddeildina þegar þrekaðstaðan í kjallara Kópavogslaugar var gerð upp. Framkvæmdastjóri Breiðabliks hefur tekið þátt vinnunni gagnvart Íþróttaráði Kópavogsbæjar að afla heimilda til að auglýsa og auka sýnileika deildarinnar í þeim mannvirkjum sem deildin starfar. Hnókrar í samstarfi hafa þó komið upp. Vandamál kom upp varðandi mönnun vinnuskólakrakka við sumarnámskeið félagsins sem rekja má til þess að samskipti um mönnunarþörf voru ekki skilvirk. Stefnt er að því að hafa bein samskipti við íþróttaráð varðandi mönnun sumarnámskeiða en halda móðurfélagi upplýstu. Móðurfélagið heldur utan um fjármál og reikninga en vissar upplýsingar um fjármagnsflæði eru ekki aðgengilegar gjaldkera deildarinnar nema að takmörkuðu leyti, sem skapar vandamál við utanumhald og ráðstöfun fjármagns. Þetta á meðal annars við um Sportabler aðgang gjaldkera, sem getur ekki fylgst með því hvort greiðslur berist fyrir viðburði og skráningar. Nýr fjármálastjóri tók við hinnan móðurfélagsins á þessu ári, og hefur deildin komið á framfæri athugasemdum, en úrlausnir ekki komnar sem stendur.

Aðstöðu stjórnar varðandi gagnageymslu og samskiptakerfi hefur verið ábótavant. Samskipti hafa gjarnan átt sér stað um Messenger milli funda eða í tölvupóstum, en því fylgja ókostir þegar finna þarf efni eldri samskipta, og þörf er á því að skráð efni stjórnarinnar og samskipti liggi fyrir á einu svæði og skilmerkilega uppsett til

að auðvelda leit að gögnum og fletta upp í fyrri samskiptum. Deildin á svæði á Onedrive, en þörf er á notendavænna umhverfi. Móðurfélag Breiðabliks býður nú stjórnarmeðlimum aðgang að Teams og notendasvæði innan þess viðmóts, en stjórnin þarf að gera meðvitað átak til þess að hefja skipulagða notkun á þessu svæði. Þriðjudaginn 4. Apríl er stefnt að vinnufundi þar sem stjórn mun taka til í þessum málum og leggja drög að skipulagi til framtíðar.

Starf sunddeildarinnar fór fram í Kópavogslaug og Íþróttamiðstöðinni í Versölum í Salahverfi líkt og undanfarin ár. Nýnæmi á starfsárinu var að B-hópur var starfræktur að hluta til í Salalaug en að hluta til voru æfingar beggja B-hópa sameiginlegar í Kópavogslaug. Þessi háttur var hafður á til þess að halda samfellu þjálfara og iðkenda, en vegna búsetu annars þjálfarans, var ekki raunhæft að allar æfingar annars B-hópsins færu fram í Salalaug, og heppilegt að geta nýtt kosti 50 m laugar og innilaugar fyrir báða hópa.

Önnur nýbreytni var að haustið 2022 var komið á sundnámskeiðum fyrir fullorðna. Um veturinn var svo stofnaður æfingahópur fyrir fullorðna, „Stórblikar“, en Arkadiusz Przbyla og Przemislav Pulawski hafa þjálfað þennan hóp. Enn sem komið er, er iðkendafjöldinn ekki mikill, en til stendur að kynna þennan æfingahóp betur og skapa honum skýran sess í deildinni. Hugmyndin að baki þessum hópi er að stuðla að iðkun íþróttarinnar á öllum aldri, og gefa foreldrum og aðstandendum tækifæri til æfinga, sem við teljum að stuðli að auknum áhuga og þekkingu á íþróttinni innan sundfjölskyldunnar og hafi þannig hvetjandi áhrif á iðkendur, unga sem eldri. Að foreldrar sýni fordæmi við

ástundun íþróttarinnar skili sér í hugarfari þeirra yngri.

Sundnámskeið voru haldin á árinu, 3 hópar voru á 12 viknanámskeiði í Kópavogslaug og 2 hópar í Salalaug, og 6 vikna námskeið einnig haldið að vori í Kópavogslaug. Sumarnámskeið Sundskóla Breiðabliks gengu vel og var töluverð eftirspurn eftir þessari þjónustu. Áskoranir komu upp á síðustu stundu varðandi mönnun leiðbeinenda og mönnun í gegn um vinnuskólann, en þrátt fyrir það tókst að bjóða upp á námskeið samkvæmt áætlun. Alls sóttu tæplega 300 börn á aldrinum 5-10 ára sumarsundnámskeið. Nýjir þjálfarar komu úr elsta hópi sundmanna, Guðmundur Karlsson og Jón og Guðmundur Halldórssynir sinntu þjálfun vel og hnökralaust.

Eins og fyrr getur hefur þrekaðstaða verið bætt mikið í kjallaraherbergi Kópavogslaugar. A hópur hefur áfram haft aðgang að stærri sal hjá Reebok Fitness fyrir sínar þrekæfingar á morgnana og hjá Sporthúsinu á laugardögum. Yfirlit um æfingar og námskeið starfsársins má sjá í töflu í kaflanum um starfsmannamál.

Starfsmannamál

Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir er sem fyrr yfirþjálfari deildarinnar. Skipulag þjálfunar var eins og fram kemur í þessari töflu:

Þjálfaramönnun er stöðug áskorun og stjórnin hefur meðvitað unnið að því að tryggja nýliðun þjálfara og menntun. Kennsla á námskeiðum er krefjandi og hefur stjórnin hækkað laun kennara við námskeið til að mæta þeirra sjónarmiðum og auka líkur á því að kennarar vilji sinna kennslu til lengri tíma litið. Nýir kennarar á námskeiðum voru Helena Traustadóttir íþróttatræðingur, Nadja Durovic, Júlía

Pálmadóttir og Klara Sveinsdóttir. Nýir þjálfarar voru Guðmundur og Jón Halldórssynir fyrir D2-hóp í Kópavogslaug. Przemislav Pulawski og Arek Prezbyla komu inn í þjálfarahópinn og hafa þjálfað E-hóp og Stórblika, sinnt fullorðinsnámskeiðum og leyst töluvert af við þjálfun ýmissa hópa. Andri Isaksen hefur einnig bæst við í þjálfarahópinn og hefur leyst Sveinbjörn af, en stöðugleiki við afleysingar hefur skapast á seinni hluta starfsársins sem hefur verið dýrmætt. Arna Þórey, Sigurður Daníel Kristjánsson, Karl Pálmason og Sveinbjörn Karlsson tóku þátt í námskeiði SSÍ í september 2022. Sigurður tók að hausti að sér hlutverk umsjónarþjálfara yngri hópa, sem er nýtt verkefni innan deildarinnar, en sérstakur samningur sem skilgreinir verkefnið hefur verið undirritaður.

Félagsstarfsemi og sundmót

Vormót Blika var ekki haldið vorið 2022. Mikið var um önnur mót á þeim tíma, og ákveðið var að taka tímasetningu og skipulag þess móts til endurskoðunar, með breytingar á fyrirkomulagi AMÍ í huga. Stefnt er að því að halda Vormót Blika 22. Apríl 2023.

C-hópur og yngri hluti B-hóps fóru í æfingabúðir helgina 19-20 mars 2022 í Reykjanesbæ. Æft var við góðar aðstæður, hópefli, egg og beikon í morgunmat á sunnudeginum. Í lok æfingabúðanna var foreldrum boðið á kynningarfund þar sem Eyleifur landsliðsþjálfari talaði um sundíþróttina, hugarfar, markmiðssetningu, gildi íþróttarinnar fyrir einstaklinginn, hlutverk foreldra og gaf ýmis góð ráð.

Tæplega 30 manna hópur úr A-hóp og eldri hluta B-hóps fór svo ásamt

Þjálfurum og fylgdarliði til Tenerife dagana 6. til 16. Ágúst, þar var æft við toppaðstæður hjá Top-Training íþróttamiðstöðinni. Ferðin var afar gott upphaf að vetrarstarfinu.

Sótt var um til SSÍ að halda Haustmót Blika, en mótið var ekki lagt inn í atburðadagatal SSÍ, og olli það þeim misskilningi að mótið hefði ekki verið samþykkt, mótið féll því niður. Einnig var sótt um áramótasundmót með aldursflokkaþáttum í huga, en ekki reyndist þörf á því að halda það að þessu sinni. Jólámótið var á sínum stað 15. desember og tókst einstaklega vel og mikill hátíðarbragur á þeim viðburði. A-, B- og C- hópar tóku þátt, en E- og F- hópar áttu jólastund áður með sínum þjálfurum.

Blikaleikar voru haldnir fyrir C og B hóp að kvöldi 27 janúar í innilaug Kópavogslaugar. Sex blönduð lið tóku þátt, en Sigurður Daníel skipaði liðin með það að markmiði að getustig væri sem jafnast milli liða. Mikið var lagt í leikana, en leigja þurfti hljóðbúnað, þar sem viðgerð stendur yfir á hljóðbúnaði laugarinnar. Einnig var ljósabúnaði tjaldað til, og skjárinn í lauginni notaður til að sýna innbyrðis stigastöðu liðanna. Krakkarnir stóðu sig ótrúlega vel í eggjaboðsundi og fjölda skemmtilegra greina, og í lokin var æsispennandi keppni þegar boðsund fór fram þar sem liðin áttu að draga liðsfélaga í gúmmibát. Í lokin var haldið heljarinnar pizzupartí.

Árleg uppskeruhátíð sunddeildarinnar var haldin í Smáranum 18 febrúar 2023. Þar voru verðlaun veitt fyrir góðan árangur árið 2022. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæstu sundmenn í öllum flokkum, framfara- og ástundunarverðlaun, viðurkenningar fyrir landsliðsverkefni, sundkona og sundkarl ársins voru valin og stigahæsti sundmaður deildarinnar verðlaunaður.

Sunddeild Breiðabliks átti fulltrúa á flestum sundmótum sem haldin voru á sundárinu og stóð sundfólkið okkar sig að vanda mjög vel.

Íslandsmótið í 50 metra laug fór fram dagana 8-10 apríl 2022 og átti Breiðablik 23 keppendur á mótinu og komu 7 Íslandsmeistararitlar í hús, auk þess sem sunddeildin vann til 16 annarra verðlauna á mótinu.

Aldursflokka-meistaramót Íslands var haldið í Reykjanesbæ dagana 24-26 júní. Sundkrakkarnir okkar stóðu sig virkilega vel og náði deildin þriðja sæti á mótinu. Þar voru jafnframt krýndir 4 aldursflokka-meistarar frá Breiðablik auk þess unnu þau til 23 annarra verðlauna en stærsti sigurinn var þó kannski andinn sem ríkti hjá öllum krökkunum, jákvæðnin, samheldnin og metnaðurinn var algjör.

Hefð er komin fyrir því að A hópur fari norður til Akureyrar og keppi á Sprengimóti Óðins. Sú ferð var gott hópefli og var andinn og árangurinn góður.

Íslandsmótið í 25 metra laug var haldið dagana 18-20 nóvember 2022 í Sundlaug Hafnarfjarðar. Breiðablik vann þrjá Íslandsmeistararitla, auk 12 annarra verðlauna.

Bikarkeppni SSÍ fór fram dagana 16-17 Desember í Reykjanesbæ varð í öðru sæti í kvennadeild og þriðja sæti í karladeild, og í öðru sæti í heildina.

Sundfólkið okkar tók einnig þátt í nokkrum mótum utan landsteinanna. Ein sundkona keppti á Evrópumeistaramóti unglunga í Búkarest og tveir sundmenn fóru til Tallin í Eistlandi og kepptu þar á Norðurlandamóti Æskunnar. Breiðablik var með eina sundkonu á Olympíuhátíð

Evrópuæskunnar sem haldið var í Banska Bystrica. Breiðablik átti einnig eina sundkonu sem var valin til að keppa á Heimsbikarleikunum í Berlín og þrír sundmenn félagsins kepptu á Norðurlandameistaramótinu sem haldið var í Bergen, þar vann Freyja Birkisdóttir til bronsverðlauna í 800 m skriðsundi

Samtals tóku 4 sundmenn Breiðabliks þátt í landsliðsverkefnum á vegum Sundsambands Íslands á erlendri grundu, en Breiðablik átti jafnframt stóran hóp sem tók þátt í öðrum verkefnum á vegum Sundsambandsins, til að mynda í framtíðarhóp sambandsins. Framtíðin er virkilega björt hjá Sunddeild Breiðabliks.

Frekari upplýsingar um þessi mót og árangur sundmanna deildarinnar má finna á Facebooksíðu sunddeildarinnar og inn á fréttaveitu Sundsambands Íslands.

Samningar

Samningi um sundfatnað og búninga var rift við Icepharma haustið 2022. Nýjir samningar undirritaðir við New-wave Iceland/Craftverslun í nóvember og Aquasport í desember 2022. Með samningi við Craftverslun og línu sunddeildarinnar innan verslunarinnar hefur aðgengi að einkennisfatnaði batnað til muna. Almenn ánægja með vörurnar og iðkendur og stuðningsmenn einkennisklæddir í vaxandi mæli á mótum. Samningurinn við Aquasport er nýrri á nálinni, en lofar góðu.

Foreldrastarf

Foreldraráð var virkjað á haustönn 2022 og hefur sinnt hópeflingu og viðburðum. Foreldraráð lét til sín taka á Blikaleikunum í febrúar og gerði deildinni kleift að halda mótið með glæsibrag. Starfsemi foreldraráðs er í mótun, og mjög mikilvægt að starfið

haldist virkt og dafni áfram. Hugmynd kom fram í lok starfsársins að koma á koppinn sérstakri sveit sjálfbóðaliða, Sérsvait Blika, sjá nánar í lista framtíðarverkefna neðst í skýrslunni.

Upplýsingagjöf

Í upphafi vetrarstarfs voru foreldrafundir haldnir 27 sept fyrir A-hóp annars vegar og B og C hóp hins vegar. Í tengslum við fundinn voru foreldrar hvattir til að bjóða sig fram í foreldraráð og hefja starfsemi foreldraráðs, en hópur foreldra eru nú skráðir í þetta ráð.

Helstu fréttir frá deildinni fara inn á opna Facebook síðu sem ber heitið „Sunddeild Breiðabliks“ en við erum einnig með lokaða síðu sem ber heitið „Sundblik“ og er þá einkum notuð fyrir alla hópa. Önnur síða er í notkun fyrir A-hóp hún ber heitið „The Elite“ sem Arna Þórey og Karl Pálmason nýta. Sigurður Dan umsjónarþjálfari hefur verið duglegur að setja inn upplýsingar fyrir mót og viðburði á Sportabler. Þar sem setja þarf inn fréttir á hvern hóp fyrir sig, hefur ákveðin hætta verið á því að upplýsingar nái ekki til allra þátttakenda, en gengið hefur verið betur eftir því sem allir kynnst kerfinu betur. Heimasíða deildarinnar þyrfti að vera virkari og innihalda uppfærðar upplýsingar. Ýmislegt hefur verið uppfært, en þar sem sú vinna verður að fara í gegn um starfsmenn móðurfélagsins hefur vinnan við heimasíðuna ekki verið nógu skilvirk. Umsjónarþjálfari hefur samkvæmt samningi frá hausti 2022 hlutverk við að uppfæra heimasíðuna, upplýsingar um viðburði, starfsemi og handbók sunddeildarinnar.

Samskipti við foreldra fara ýmist í gegnum tölvupóst, Facebook og nú Sportabler. Lögð er áhersla á að hafa upplýsingagjöf sem besta en stefnt er að

verulegum umbótum, sérstaklega hvað heimasíðuna varðar.

Stjórnin hefur endurtekið rætt fyrirkomulag myndbirtinga af iðkendum og tekið málið upp gagnvart framkvæmdastjórn félagsins. Skýrar reglur þurfa að liggja fyrir varðandi myndbirtingar af viðburðum og einstökum iðkendum með tilliti til persónuverndar og einkalífs. Guðrún Finnborg hefur haldið utan um það verkefni, en á formannafundi Breiðabliks í febrúar 2023 kom fram viljayfirlýsing móðurfélags að gera sameiginlegar verklagsreglur fyrir félagið í heild.

Viðurkenningar

Á aðalfundi Breiðabliks að vori 2022 voru Karl Pálmason þjálfari, Jónína Guðmundsdóttir og Guðlaug Björnsdóttir stjórnarmaður og sunddómari útnefndir Silfurblikar. Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir var útnefnd þjálfari ársins hjá Breiðablik á Íþróttahátíð félagsins í janúar 2023. Nafnbótin er mikil viðurkenning á hennar störfum sl 12 ár við deildina þar sem margar deildir félagsins hafa átt mjög góðu gengi að fagna á starfsárinu.

Á Íþróttahátíð Kópavogs sem haldin var í janúar 2023 voru meðal annars veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í sundi fyrir árið 2022. Í flokki 13-16 ára voru Freyja Birkisdóttir og Kacper Kogut kjörin sundkona og sundmaður Kópavogs.

Á Íþróttahátíð Breiðabliks sem haldin var í janúar 2023 var Guðmundur Karl Karlsson valinn sundkarl félagsins og Freyja Birkisdóttir sundkona Breiðabliks.

Verkefni og málefni sem liggja fyrir á næsta starfsári:

1. Dreifing verkefna og ábyrgðar. Tillögur til þess að jafna út vinnuálag og stuðla að

skilvirkni í starfsemi deildarinnar. Stefna að því að hlutverk og ábyrgð verði skýrari innan stjórnar, en einnig að verkefnum og vinnuframlagi verði hægt að dreifa á fleiri aðila innan deildarinnar, starfsmenn og sjálfboðaliða. Verkefni og ábyrgð þurfa að dreifast með skýrum hætti á yfirþjálfara, umsjónarþjálfara, foreldraráð og meðal stjórnarmanna. Sérstakir sjálfboðaliðar þurfa að vera tilgreindir, og fá skýrt hlutverk og upplýsingar um verkefni og tímasetningar verkefna. Mikilvægir

sjálfboðaliðar í þessu tilliti eru tæknimenn sem geta séð um tæknimál í sambandi við mótahald, dómara á mótum og sjálfboðaliðar við fjáröflun, sölu og veitingaþjónustu í sambandi við viðburði. Hér er hugmyndin að byggja upp sérstaka sveit sjálfboðaliða, Sérsvait Sundblika (tillaga að nafni), sem sé skipuð einstaklingum með tengingu við deildina, en eru ekki endilega foreldrar eða iðkendur, til dæmis ættingjar, eða einstaklingar með sérstakan áhuga á starfsemi.

2. Rætt um að reynslumestu þjálfararnir, eða þeir sem vænst er að starfi með deildinni til lengri tíma verði sendir á þjálfaranámskeið eða ráðstefnu erlendis, Arna hefur ákveðinn stað í huga í USA.
3. Bæta úr skráningu í iðkunarkerfi, Sportabler ef það verður í notkun áfram. Kallar á betri kunnáttu allra sem nota kerfið. Skráning mætinga á æfingar og viðburði var ekki góð í byrjun eftir að kerfið var tekið í notkun en hefur farið

batnandi. Verðum að fá betri aðgang að upplýsingum um greiðslur fyrir viðburði mm, gjaldkeri móðurfélags hefur ekki innsýn í starfsemi deildarinnar og nauðsynlegt að gjaldkeri deildarinnar geti fylgst betur með fjármagnsflæði í daglegum rekstri.

4. Virkja nýjan hóp sjálfboðaliða sunddeildarinnar. Sérsvett Blika. Búið að panta 2 hettupeysur merktar Sérsvettinni, en hugmyndin er að afar og ömmur og aðrir velunnarar sem hugsanlega eiga meiri tíma aflögu en foreldrar með ung börn, geti látið til sín taka við viðburði, fjáraflanir og ýmiss uppbyggileg verkefni á vegum deildarinnar.
5. Atburðadagatal sunddeildar. Stefna að því að birta dagskrá haust og vorannar í heildstæðu atburðadagatali sunddeildarinnar á heimasíðunni. Nauðsynlegt að

allir sem að starfinu komi, hafi betra yfirlit yfir það sem er á döfinni með góðum fyrirvara. Nauðsynlegt að þjálfarar upplýsi hvaða hópar eða iðkendur muni taka þátt í hvaða mótum og skilgreini markmið þátttöku skriflega, til að gæta samræmis og til að halda öllum upplýstum.

6. Leggja upp skýra ábyrgðar og verkefnaskiptingu innan stjórnar.
7. Bæta við hlutverki varaformanns í stjórn
8. Skilgreina og manna hlutverk sjálfboðaliða
 - a. Tæknimenn til að sinna tæknimálum tengt mótahaldi og auglýsingaskjám
 - b. Foreldraráð, hlutverk og mönnun
 - c. Sérsvett Blika



9. Heimasíða.

- a. Forsíðan þarf að vera aðlaðandi og gefa til kynna að hún sé virk og nothæf
- b. Fréttir og tilkynningar Sundblika þarf að sjást og draga að sér athygli á forsíðu.
- c. Upplýsingar um hvernig á að hafa samband og við hverja
- d. Rými fyrir auglýsingar stuðningsaðila
- e. Þjálfarar, kynning og mynd
- f. Stjórn, kynning stjórnarmeðlima og hlutverkaskipting (skv skipuritsmynd?)
- g. Dagskrá annarinnar
- h. Stundaskrá æfingahópa
- i. Afrekaskrá
- j. Samskiptastefna í anda Kyndilsins

- k. Sund á öllum aldri
- l. Handbók Sundblika
- m. Upplýsingar um sundíþróttina
- n. Tenglar
- o. Skýr og aðgengilegur flettilisti yfir eftirtalda liði
 - i. Um sunddeildina
 - 1. Almenn kynning
 - 2. Saga
 - 3. Markmið og stefnumál
 - 4. Æfingaaðstaða

3. apríl 2023

Magnús Konráðsson, formaður

Ársskýrsla Taekwondodeildar Breiðabliks

Tímabilið byrjaði með afléttingu Covid og fór rólega af stað.

Traust iðkenda (forráðamanna) á ástandinu fór fljótt batnandi og iðkendur fóru að mæta á æfingar aftur.

Tímabilið byrjaði sem fyrr í enda ágúst og var til júní næsta árs.

Deildin þarf alltaf að taka 4.mánað hlé þar sem að íþróttahús Lindaskóla lokar alfarið á þeim tíma.

Þátttaka í mótum TKÍ var lítil þar sem að TKÍ ýmist frestaði mótum eða felldi niður mót með stuttum fyrirvara og færði þau á dagsetningar sem hentuði breiðablik afar illa m.t.t beltaprófa og lokanna íþróttahússins á vorin.

Þjálfarar sóttu námsskeið erlendis og tók yfirþjálfari 6.dan sumarið 2022.

Iðkendafjöldi var nokkuð stöðugur og voru 5 æfingar í viku hjá yngri & yngri byrjendum og eldri/lengra komnum & eldri byrjendum.

Stíft var æft hjá hærri beltum og mun það skila sér í svartabeltisprófi nóv/des 2023 þar sem að a.m.k 5 munu ná sér í svartabeltisgráður.

Mikil endurnýjun var á búnaði deildarinnar á tímabilinu sem áður.

Kveðja ,
Hlynur Örn G.
Formaður



Ársskýrsla Þríþrautardeildar Breiðabliks



Aðalfundur Þríþrautardeildar
Breiðabliks
30. Mars 2023, 19:30 í Smáranum.

Mættir voru 13 meðlimir deildarinnar.

1. Kosning fundarstjóra

Kristín Vala Matthíasdóttir kosin

2. Kosning ritara – Leifur Gunnarsson kosinn.

3. Skýrsla stjórnar kynnt. – Árni Páll fór yfir helstu viðburði síðasta árs.

Árni fór yfir tilfærslur í stjórn deildarinnar á tímabilinu. Mikil og gagnleg umræða fór fram á lokaðri FB síðu deildarinnar, til marks um blómlegt starf. Æfingahelgi í Apríl, Kópavogspbraut. Samhjóll allra deilda, Brikk mótin, meðlimir voru mis duglegir að taka þátt á bikarmótum en árangur Blika var góður. Siggi var stigahæsti karlinn í ár, garpar héldu Þorláksmessusundið og kepptu á IMOC. Stór hópur Blika keppti erlendis í allskonar keppnum, Siggi vann

Ironman Barcelona, Bjarni vann sér inn keppnisrétt á Kona, Æfingabúðir með Nick Sanders í haust, nokkrir meðlimir fóru svo með honum til Lanzarote í haust. Innihlaup færð yfir í Kaplakrika, margir nýliðar og almennt jákvæðni í deildinni.

Árni kveður formannssætið og þakkar fyrir sig.

Engar spurningar

4. Endurskoðaðir reikningar

Kristín Vala fór yfir niðurstöður síðasta árs. Rúmlega 5.5m króna tap var á árinu og stafar það af auknum þjálfarakostnaði, WC kort sem lentu á tímabilinu vegna framlengingar á kortum 2021. Einnig kemur til ákvörðun stjórnar að leyfa iðkendum að njóta góðrar stöðu síðustu ára.

- a. Spurning úr sal vegna tekna af mótum, Kristín útskýrði. Kristín leggur til að æfingagjöld verði

hækkuð á næsta tímabili. Einnig leggur hún til að stjórn skoði greiðsluflæði í samhengi við dreifingu æfingagjalda í Sportabler. Þarf að skoða greiðslur til Greenfit

- b. Reikningar voru samþykktir án athugasemda.

5. Kosning formanns

Matthildur Bára Stefánsdóttir
sjálfkjörinn í formann

6. Kosning stjórnar:

Leifur, Valdimar, Jón og Jón allir
sjálfkjörnir.

7. Kosninga varamanna:

Kristín Vala og Árni Páll sjálfkjörin,

8. Önnur mál

Spurt út í kostnað við álagspróf hjá
Greenfit, og umræða um gildi þess.

Umræða um skráningu í Garpa og
miðasystemi.

Umræður um iðkendagjöld.

Skriðsundsnámskeið hjá Hákonni ganga
vel

Fundi slitið kl: 20:15

